



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. nóvember 2006 – 294. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Hommahatur í Færeyjum
Ofbeldisverk gegn gítarleikara beinir kastljósinu að fordómum frænda okkar.
TILVERAN 16

Tökur í Bláa lóninu
Leikstjórinn Eli Roth lofar meiri hryllingi í Hostel II.
FÓLK 46

Skiljanleg tortryggni
„Leyndin hefur torvelað umræðu um hagkvæmni Kárahnjúkaframkvæmdanna og vakið skiljanlega tortryggni,” segir Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 30

Stundum gengið of langt
Ásdís Pétursdóttir fimleikabjálfi segist hafa orðið vitni að því að fimleikabjálfi hafi gengið allt of langt og hafi einnig beitt andlegu ofbeldi.
ÍÞRÓTTIR 54

VEÐRIÐ Í DAG

SLAGVIÐRI Í dag verður stíf sunnanátt vestan til á landinu og á hálendinu en lengst af hægari austan til. Rigning en úrkumulitíð á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 4-12 stig svalast austan til. **VEÐUR 4**

Fleiri NATO-lönd fá afnot af Keflavíkurflugvelli

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna ræddu um breytta stöðu öryggismála Íslands á fundi í Kaupmannahöfn. Norðmenn og Danir segjast reiðubúnir að leggja sitt af mörkum til að tryggja öryggi í lögsögu Íslands.

KAUPMANNAHÖFN Öryggismál Íslands voru rædd á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna sem fór fram í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Kaupmannahöfn í gær. Ráðherrar hinna NATO-ríkjanna í hópnunum, Noregs og Danmerkur, lýstu yfir vilja til að leggja sitt af mörkum til að hjálpa Íslendingum að mæta þeim áskorunum sem brottför bandaríska varnarliðsins hefur í för með sér. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið að hún hefði nefnt á fundinum að af Íslands hálfu kæmi það vel til greina að önnur NATO-ríki en

Bandaríkin hefðu afnot af öryggissvæðinu, sem verður til frambúðar á Keflavíkurflugvelli. Hinar norrænu NATO-þjóðirnar, Norðmenn og Danir, myndu íhuga þetta. Norski utanríkisráðherrann Jonas Gahr Støre sagði Norðmenn og hinar Norðurland-þjóðirnar hafa fylgst náið með þróun þessara mála á Íslandi. Bæði Norðmenn og Danir hefðu áhuga á því að koma að því með Íslendingum að tryggja öryggi á hafsvæðinu í kringum Ísland, sem liggur að norskrri og danskrri lögsögu Færeyja og Grænlands. Gahr Støre benti á að miklir orkuflutningar

yrðu í fyrirsjáanlegri framtíð um þetta hafsvæði, frá gas- og olíuborðum í Barentshafi til Norður-Ameríku og Evrópu. Þannig væru öryggismál á þessu svæði nátengd orkuöryggi í öllum okkar heimshluta og því þyrfti að ræða þessi mál í því ljósi, bæði innan NATO og bæta við Íslendinga. Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, bætti því við að Danir væru boðnir og búnir að leggja sitt af mörkum í þessu sambandi, sérstaklega hvað varðar björgunarmál á hafinu og eftir landhelgisgæslusamstarf.



Í FULLU FIÐRI Boðið var upp á kaffi og gúmelaði í hverfisbúðinni Rangá í gær þegar 75 ára afmæli verslunarinnar var fagnað. Agnar Árnason kaupmaður, sem hér stendur lengst til hægri og fylgist með Kristbjörgu dóttur sinni við kassann, sagði að búðin líktist helst blómaverslun, svo margir fastagestir hefðu sýnt hlýhug sinn með gjöfum.

Tímamót í verslun: Hverfisbúðin Rangá 75 ára

TÍMAMÓT Í gær voru 75 ár liðin síðan hverfisbúðin Rangá var stofnuð af Jóni Jónssyni frá Ekru í Rangárvallahreppi en verslunin hefur einungis verið í eigu tveggja aðila frá upphafi. Hún er ein af elstu matvöruverslunum í Reykjavík sem rekin hefur verið undir sama nafni alla tíð. Rangá er hverfisbúð í orðsins fyllstu merkingu og hefur oft verið líkt við gömlu kaupfélögin úti á landi þar sem hægt var að fá allt milli himins og jarðar. Þess má geta að verslunin var á sínum tíma eina búðin í Reykjavík sem rak sjálfstæða mjólkurbúð á þeim tíma sem Mjólkursamsalan var með einkasölu á mjólk og mjólkurafurðum. Verslunin var fyrst til húsa á Hverfisgötu 71, en flutti árið 1948 inn í Skipasund 56, þar sem hún er enn til húsa. Agnar Árnason og eiginkona hans hafa séð um reksturinn frá 1991 þegar Sigrún Magnúsdóttir alþingiskona dró sig í hlé.


Óveður gekk yfir Skandinavíu og Þýskaland: Rafmagnsleysi í aftakaveðri

NORÐURLÖND, AP Stórhrið olli rafmagnsleysi á fimmtíu þúsund heimilum í Svíþjóð í gærmorgun, þegar vindhviður brutu niður rafmagnsstaura. „Það er þessi blanda af blautum snjó og hvössum vindi sem veldur vandræðum,” sagði Jakob Holmstrom, talsmaður orkufyrirtækisins E.ON. Í Danmörku var Stórabeltisbrúnni lokað, og vega- og lestar-samgöngur lágu niðri víða í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Eins var öllum ferðum smærri skipa milli Finnlands og Eistlands aflýst. Veðrið olli því einnig að ferjan Crown of Scandinavia gat ekki lagst að bryggju í Kaupmannahöfn, heldur beið áhöfnin og sex hundruð farþegar í marga klukkutíma utan hafnarinnar eftir að veðurofsann lægði, að því er fram kom á fréttavef Politiken. Skipið var að koma frá Ósló.



FLÓÐ Í HAMBORG Ein afleiðing stormsins sem gekk yfir Þýskaland og Skandinavíu í gær voru gríðarleg flóð í Hamborg.

Stormsins varð einnig vel vart í Þýskalandi, þar sem tré fuku á hús og bíla og ruslafötur og útikamrar þeyttust á haf út. Í Hamborg flæddi inn í hús og í höfninni þar slitnaði gámaflutningaskip frá bryggju og veltist stjórnlaust uns áhöfninni tókst að binda skipið á ný. Veðrið lægði þegar leið á daginn og komust samgöngur smám saman í samt lag. Ekki bærust fregnir af neinum alvarlegum slysum á fólki, en sjö manna áhöfn á þýsku strandferðaskipi var bjargað giftusamlega um borð í þyrlu eftir að stýrikerfi skipsins gaf sig við landamæri Þýskalands og Hollands.



KRAKKADAGAR
Opíð til kl. 21



Innimálning Jotaproff

Gljástig 7. 10 ltr.
7119866-74



Innimálning Jotaproff

Gljástig 3. 10 ltr.
7119854



Húsasmiðjublaðið er komið heim til þín!



Eik Scenic
Plastparkett. 7 mm.
146876

Hnota Scenic
Plastparkett. 7 mm.
146875



Útiljós á vegg
Burstað stál.
6009951 **9.995**
~~15.980~~


Útiljós staur
Burstað stál. 75 sm.
6009950 **12.995**
~~18.700~~

Flokkaðu
smádótið



Skúffurekki, Raaco
45 skúffur. Málmhliðar
5025359

1.999
~~3.395~~



30%
afsláttur

Blöndunartæki
Damixa. Í eldhús
8000090 **8.750**
~~12.500~~



55%
afsláttur


399
~~895~~

Bitasett
33 stk.
5010804



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Framtíðin er núna



ISLENSKA AUGLÍSINGASTOFAN/SHIA.IS TOY 317-08 10/2006

Prius - við erum komin upp á næsta stig.

Öll höfum við hugmyndir um hvernig framtíðin verður. Ólíkar hugmyndir. Við hjá Toyota sjáum fyrir okkur hreinni heim og stefnum óhikað á framleiðslu bíla sem menga ekkert. Leiðin þangað er löng og ströng en við erum komin upp á næsta stig.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbilar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu næsta skref.

Verð **2.770.000** kr.



The power to move forward



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Nautaaf um helgina

25-40% afsláttur

af íslensku nautakjöti

Kjöt & fisktorgið



25%
afsláttur

Ferskar
nautalundir

TILBOÐ
2.998 kr/kg
Verð áður 3.998,-



25%
afsláttur við
kassa

Nauta
piparsteik

TILBOÐ
1.874 kr/kg
Merkt verð 2.499,-



40%
afsláttur við
kassa

Hamborgarar
4 stk. með brauði

TILBOÐ
299 kr/pk
Merkt verð 498,-



30%
afsláttur við
kassa

Ferskt
nautahakk

TILBOÐ
909 kr/kg
Merkt verð 1.298,-



25%
afsláttur við
kassa

Ferskt
nautagúllas

TILBOÐ
1.499 kr/kg
Merkt verð 1.998,-



25%
afsláttur við
kassa

Ferskt
nautasnitset

TILBOÐ
1.499 kr/kg
Merkt verð 1.998,-

Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Toyota og Síminn kynna:

Fáðu þér hringitón
með Magna á Dæluinni
á siminn.is

Á MÓTI SÓL

Í ÖLFUSHÖLLINNI
Tónleikar og dansleikur

Miðja vega milli Hveragerðis og Selfoss

Laugardaginn 4. nóvember

Fjölskyldutónleikar kl. 17.00 - 18.00. Miðaverð aðeins 700 kr.
Stórdansleikur kl. 23.30. Miðaverð 2.000 kr. **18 ára aldurstamark.**
Forsala aðgöngumiða á midi.is. Upplýsingar í síma **822 6554**

Ef þú kaupir GSM síma hjá **TRS-Pennanum Selfossi**, þjónustuaðila Símans, færðu í kaupbæti miða fyrir tvo á stórdansleikinn eða fjölskyldutónleikana á meðan birgðir endast.

Rokkstemma hjá Toyota Selfossi fyrir alla fjölskylduna.

Á Móti Sól tekur lagið hjá **Toyota Selfossi** á laugardaginn kl. 13.00 og fyrstu 50 sem reynsluaka Toyota fá frímiða á ball með hljómsveitinni í Ölfushöllinni á laugardagskvöldið.





LOFTBELGJAHÁTÍÐ Fimm daga hátíð hófst í Saga í Japan í gær. Við sólarupprás mátti sjá rúmlega 110 loftbelgi fyllast af lofti og rísa upp til skýja.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umræða á Norðurlandaráðsþingi um réttindi samkynhneigðra í Færeyjum:

Rannveig móðgar Færeyinga

KAUPMANNAHÖFN, FRÉTTABLAÐIÐ Jógvan á Lakjuni, þingmaður íhaldsmanna á færeyska lögþinginu og samstarfsráðherra Norðurlanda í færeysku landsstjórninni, sakaði Rannveigu Guðmundsdóttur, þingmann Samfylkingarinnar, í gær um að hafa móðgað færeysku þjóðina með framgöngu sinni í umræðu á Norðurlandaráðsþingi um réttindi samkynhneigðra í Færeyjum.

„Það er ekki sanngjarnt að halda því fram, út frá einu tilviki í Þórshöfn, að Færeyingar mismuni fólki, hæðist að því og ofsæki. Það gerum við ekki,“ segir Jógvan í samtali við Fréttablaðið.

Rannveig talaði ásamt fleiri þingfulltrúum fyrir ályktun þar sem færeyska Lögþingið er hvatt til að bæta réttarstöðu samkynhneigðra þarlendis. Jógvan frábiður sér slík afskipti af færeyskum innanríkisráðgjafi. Hann sakar jafnframt danska fjölmiðla um að leggja sig fram um að fjalla um



RANNEIG GUÐMUNDSDÓTTUR Hvatti færeyska Lögþingið til að bæta réttarstöðu samkynhneigðra.

FRÉTTABLAÐIÐ

færeysk málefni á neikvæðum nótum. Þetta mál væri dæmi þar um.

- aaw

Hópslagsmálin á Viktor: Hjónin kærðu salernisárásina

LÖGREGLUMÁL Hjónin sem lentu í útistöðum við hóp manna á Café Victor í Hafnarstræti hafa lagt fram kærnu hjá lögreglu. Maðurinn kærði líkamsárás en konan kynferðislega áreitni.

Konan var stödd á salerni á neðri hæð staðarins, þegar karlmaður, sem þar var staddur ásamt þremur félögum sínum, ruddist þar inn.

Maður hennar vildi koma henni til hjálpar, en þá upphöfust hópslagsmál. Þeim lyktaði með því að tíu karlmenn voru færðir á lögreststöð og yfirheyrðir. Eiginmaðurinn hlaut nokkra áverka.

- jss

V O X
RESTAURANT/BISTRO



villtur
& öðruvísi

Villibráðarmatseðill
í nóvember.

Borðapantanir í síma 444 5050
eða vox@vox.is

Nýjar árásir á Gaza-strönd

Að minnsta kosti sex Palestínnumenn og einn Ísraeli týndu lífi í árás á Gaza-strönd snemma í gærmorgun. Hezbollah-samtökin segja viðræður hafnar um fangaskipti fyrir milligöngu Kofi Annans.

GAZA-BORG, AP Ísraelskir hermenn drápu að minnsta kosti sex Palestínnumenn í árás á Gaza-strönd snemma í gærmorgun. Einnig féll einn ísraelskur hermaður. Árás ísraelska hersins var með þeim stærstu frá því Ísraelar réðust á ný inn á Gaza-strönd í sumar.

Ísraelski herinn beitti bæði skriðdrekum og þyrpum í árásinni, auk fótgönguliða. Árásin beindist einkum að bænum Beit Hanoun, en Ísraelar halda því fram að þaðan hafi Palestínnumenn skotið fjölmörgum flugskeytum yfir landamærin til Ísraels.

Ísraelar yfirgáfu Gaza-strönd í september árið 2005 en herinn sneri aftur í júní í sumar til þess að bjarga ísraelskum hermanni úr klóm Palestínnumanna, sem höfðu tekið hann í gíslingu.

Í gær upplýstu Hezbollah-samtökin í Líbanon að samningaviðræður ættu sér stað milli Hezbollah og Ísraels um fangaskipti, einkum um afdrif tveggja ísraelskra hermanna, sem Hezbollah tóku höndum í sumar.

Hassan Nasrallah, leiðtogi Hezbollah, sagði að Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefði milligöngu um þessar viðræður, en þær færu engu að síður fram í fullri alvöru. Handtaka þessara



JARÐARFÖR Í BEIT LAHIJA Ættingi eins af palestínsku stríðsmönnum, sem féllu í árás Ísraels hers í gærmorgun, fórnar höndum í jarðarför hans, sem fór fram strax í gær. Ísraelski herinn beitti bæði skriðdrekum og þyrpum í árásinni auk fótgönguliða.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tveggja hermanna varð Ísraelum tilefni til harðra árása á Líbanon í sumar.

Nasrallah staðfesti jafnframt að Hezbollah-samtökin krefjast þess nú að fá stærri hlut í stjórn Líbanons, en samtökin, sem Ísraelar og Bandaríkjamenn segja hryðjuverkasamtök, hafa árum saman átt ráðherra í ríkisstjórn landsins. Nú krefjast samtökin

þess að fá þriðjung ráðherra í stjórninni, sem gæfi þeim neitunarvald í mikilvægum málum.

Á þriðjudaginn sagði Amir Peretz varnarmálaráðherra að nokkurra ára gamlar friðartillögur frá Sádi-Arabíu gætu orðið grunnur að nýjum friðarviðræðum. Tillögurnar snúast um það að Ísraelsmenn afhendi Palestínnumönnum allt landsvæði sem Pal-

estínnumenn réðu yfir fyrir stríðið 1967 gegn því að samið verði um frið til frambúðar.

„Þetta þýðir ekki að við föllumst á tillögur Sádi-Araba, en þær gætu verið grunnurinn,“ sagði Peretz, en hann er æðsti ráðamaður í Ísrael sem til þessa hefur viljað ljá máls á þessum tillögum frá Sádi-Arabíu.

gudsteinn@frettabladid.is

Lagersala



Komið og gerið frábær kaup á flís og bómullarpeysum fyrir veturinn á lagersölu Drífu Icewear.

Útsalan verður dagana 2-4 nóvember.

Opið frá 13-18 fimmtudag, föstudag og 10-16 laugardag.

Þrjú verð í gangi, kr. 500, 950, 1950.

Drífa ehf

Suðurhrauni 12c • 210 Garðabæ
555-7400 • www.icewear.is



Hagræðing orsök fjöldauppsagna hjá ÍE:

Fimmtíu starfsmönnum sagt upp

VINNUMÁL 28 starfsmönnum ÍE á Íslandi, og 20 starfsmönnum í Bandaríkjunum, var sagt upp störfum í fyrradag. Búið var að ákveða uppsagnirnar fyrir nokkru að sögn Eiríks Sigurðssonar, upplýsingafulltrúa ÍE: „Uppsagnirnar eru liður í hagræðingu í rekstri fyrirtækisins. Við höfum lokið við ýmis verkefni og erum að endurskipuleggja önnur verkefni hjá okkur. Meðal annars vorum við að taka upp nýja tækni, sem með aukinni sjálfvirkni, eykur afköst í erfðarannsóknunum,“ segir Eiríkur.

Einn fyrrverandi starfsmanna ÍE, sem missti vinnuna í fyrradag, segir að sér hafi verið sagt upp

vegna þess að ódýrara sé fyrir fyrirtækið að ráða nýjan starfsmann sem vinnur sömu vinnu og hann.

Annar starfsmaður ÍE sem missti vinnuna segist skilja af hverju sér var sagt upp. „Aðalástæða uppsagnanna er samdráttur og breytingar. Mitt starf var búið hjá fyrirtækinu. Ég var í ákveðnum verkefnum og þeim var lokið. Fyrirtækið er í samkeppni á markaði og þegar áherslur breytast í starfsminni þarf að breyta til í deildum fyrirtækisins,“ segir starfsmaðurinn fyrrverandi.

Samkvæmt Eiríki Sigurðssyni er fyrirtækið að skoða frekari leiðir til hagræðingar.

- ifv

fjs FJARSÝSLA
RIKISINS

**Fjarsýsla ríkisins verður lokuð í dag
2. nóvember vegna fræðsludags starfsmanna.**

...fyrstu viðbrögð margra voru að þeir sögðu að við værum skrytnir þegar við sögðum þeim að við settum **7 milljón valhnetuskeljabrot** í dekkinn okkar...

... síðan þá höfum við **8 sinnum** fengið **verðlaun fyrir bestu dekkinn.**

Með nýrri tölvutækni „**T-MODE**“ höfum við þróað **nýtt byltingarkennt ofurdekk** sem hentar við hörðustu vetraraðstæður líkt og ríkja gjarnan á Íslandi. **TOYO**, nýtir sér eiginleika valhnetuskelja, eins harðasta efnis sem fyrirfinnst í náttúrunni. Í dekkinn fara 7 milljón valhnetuskeljabrot **sem grípa eins og kattaklær** í hált yfirborð. Þannig náum við á umhverfisvænan hátt auknu öryggi, minni loftmengun og lágmörkum malbiksskemmdir.



Framleiðandi ársins í 8 ár

Toyo hefur í átta ár hlotið viðurkenninguna „**Framleiðandi ársins**“ hjá **Tire Review Magazine**, tímariti sjálfstæðra hjólbarðasala í Bandaríkjunum. Þetta er einstakur árangur og enn ein staðfestingin á gæðum Toyo dekkjana.

TOYO

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja



TOYO harðskeljadekkin eru bylting:

- Umhverfisvænni - minna vegaslit
- Kísilblandað gúmmí – heldur mýkt óháð hitastigi og myndar stærri snertiflöt
- Gúmmiblandan grípur eins og sogskál í gegnum bleytu á veginum
- 7 milljón valhnetuskeljabrot grípa í isinn eins og kattaklær
- Meira öryggi við hemlun og í beygjum
- Sérlega hjóðlát

Afleiðingar nagladekkjanotkunar

Gatnamálastjórnin í Reykjavík hefur á undanförmum árum reynt að fá bíleigendur til þess að draga úr eða hætta notkun nagladekkja. Notkun þeirra hefur gríðarlega slæm áhrif á göturnar, djúp hjólför myndast og þegar vatn safnast í þau minnkar veggrip og helmlunarvegalengdin lengist verulega.

TOYO

VERÐLAUNA-MYNSTRID

Stærri snertiflötur - aukid öryggi



Tvöhlíða munstur
Eykur grip-öryggi og stuðlar að betri aksturs-eiginleikum við hemlun og í beygjum

Tennt brún
Eykur gripöryggi

Bylgjött mynstur
Til að tryggja betra veggrip

Prívíðir gripkubbar
Zik-Zak lóðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rásfestu

Bílahúð
Benna

Vagnhöfða 23 - S: 590 2000 - benni@benni.is - www.toyo.is

NESDEKK
Suðurströnd 4
Sími 561 4110

Harðskeljadekkið. Nýtt byltingarkennt ofurdekk!



7 milljón valhnetuskeljabrot **grípa eins og kattaklær** í yfirborðið

30 DAGA SKILARÉTTUR

Nýtt á Íslandi!

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þú ert ekki fullkomlega sáttur. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkjum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.



UMMYNDAÐUR VINDUR Þessi japanski listamaður setti upp listaverk sitt af vindinum á Bondi-ströndinni í Sydney í Ástralíu fyrir í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýlunda í byggingamálum borgarinnar segir arkitekt:

Hús á Skólavörðustíg verður lækkað

SKIPULAGSMÁL „Komið hefur verið til móts við athugasemdir sem fram komu við grenndarkynningu með því að lækka efra húsið og bakhúsið um eina hæð, sem telst nú nokkur nýlunda í byggingamálum borgarinnar,“ segir Stefán Örn Stefánsson arkitekt sem hannað hefur breytingar og viðbyggingu við hús á Skólavörðustíg 13 og 13a.

Bæði hús eru í eigu Fjárfestingarfélagins Eyris ehf. sem með sameiningu lóðanna og þar með húsinu verður breytt til samræmis við neðra húsið og til samræmis við upprunalega glugga.

„Efra húsið verður lækkað um eina hæð og hæðirnar verða tengdar saman. Byggt verður nýtt stiga-hús baka til og yfir þrjú bílastæði sem þar eru. Nýbyggingin veður ekki sólar-skugga nema á bílastæðin á baklóðinni yfir hádaginn og þegar liður á daginn taka aðrar byggingar við sem skuggavaldar á þessum slóðum,“ segir Stefán Örn sem telur það ekki gefa rétta mynd af væntanlegri þriggja hæða viðbyggingu að kalla hana „háhyssi“ líkt og eigendur verslunarinnar 12 Tóna á næstu lóð hafi gert í Fréttablaðinu á mánudag. Þeir segjast hafa áhyggjur af framtíð tónleikahaldi í bakgarði verslunarinnar.



SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 13 Sameina á húsin tvö og lækka húsið til hægri til samræmis við hitt húsið. Puntalínurnar sýna núverandi útlínur efstu hæðarinnar en óbrotna línan hvernig ætlunin er að húsið líti út. MYND/ARGOS ARKITEKTAR

„Í viðræðum við þá hefur meðal annars komið fram að nota megi vegginn á lóðamörkunum til að bæta

aðstöðu til tónleikahalds utan dyra svo ekki þurfi að fella þá niður vegna veðurs,“ segir Stefán Örn. - gar

Kynbundinn launamunur:

Hverfandi í Bretlandi

BRETLAND Kynbundinn launamunur fer minnkandi í Bretlandi og meðallaun karlkyns er hans lítt vart, kemur fram í frétt breska blaðsins Financial Times.

Helmingur kvenna á aldrinum 22 til 29 ára fær nú hærri laun en meðallaun karlkyns jafnaldr þeirra.

Eins hefur launamisréttíð minnkað meðal eldri Breta, en þó eru karlar eldri en 29 ára þó enn töluvert launahærri en konur. Munurinn er sérstaklega mikill hjá konum sem taldar eru líklegastar til að eignast börn, sem og hjá konum yfir fimmtugt.

Kynbundið launamisrétti var bannað í Bretlandi fyrir þrjátíu árum. - smk

Mótmælaskjal 25 þjóða og framkvæmdastjórnar ESB vegna hvalveiða afhent:

Lýsa yfir vonbrigðum sínum

HVALVEIÐAR Alp Mehmet, sendiherra Breta á Íslandi, afhenti í gær mótmæli 25 þjóða og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við hvalveiðum Íslendinga í atvinnuskyni. Í mótmælaskjali sem sendiherrann afhenti Grétari Má Sigurðssyni, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, kemur fram að þjóðirnar vilji ítreka mótmæli sín og vonbrigði vegna atvinnuhvalveiða Íslendinga og eru stjórnvöld hvött til að endurskoða ákvörðun sína.

Fram kemur í skjalinu sú skoðun að veiðarnar geti heft vöxt hvalaskoðunar hér á landi og að Íslendingar hafi ákveðið veiðikvóta út frá gögnum sem hvorki hafi verið kynnt, farið yfir né samþykkt af vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins og það grafi undan starfsemi ráðsins.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir þessi mótmæli vera áþekkt þeim sem bást þegar hvalveiðar í vísindaskyni hófust árið 2003. „Þetta eru allt gamlir kunningjar úr hvalaumræðunni sem eru að ítreka sjónarmið sín, og heyrst hafa margoft áður. Ég virði þessar skoðanir sem þarna koma fram en við erum í fullum rétti og ég geri ekki ráð fyrir frekari aðgerðum af hálfu þessara þjóða.“



FRÁ HVALSTÖÐINI Íslenskum stjórnvöldum hefur verið afhent mótmælaskjal 25 þjóða vegna atvinnuhvalveiða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meðal þeirra þjóða sem skrifuðu undir mótmælin eru Argentína, Ástralía, Brasilía, Chile, Tékkland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Nýja-Sjáland, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin. - shá



HJÚKRUNARFRÆÐINGAR Fjölgun nema í hjúkrun er liður í að fjölga útskrifuðum hjúkrunarfræðingum.

Fleiri hjúkrunarfræðinemar:

Fjölgun nema á fyrsta ári

MENTUN Gert er ráð fyrir að nemendum á fyrsta ári í hjúkrunarfræði við HÍ fjölgi um 25 á næsta ári. Þá munu menntamála- og fjármálaráðuneytin leggja til að fjölgunin skiptist þannig að fjölgað verði um tíu nema á ári í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og um fimmtán nemendur við HÍ.

Þetta er í samræmi við það sem fram fór á milli menntamála- ráðuneytisins og Háskólans á Akureyri síðastliðið sumar.

Fjölgun hjúkrunarfræðinema er liður í að fjölga útskrifuðum hjúkrunarfræðingum. - hs

Una María Óskarsdóttir:

Býður sig fram í annað sætið

STJÓRNMÁL Una María Óskarsdóttir býður sig fram í 2. sæti framboðslista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi. Kjörið um sex efstu sætin fer fram á

kjördæmisþingi 4. nóvember næstkomandi.

Una María var varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í bæjarstjórn Kópavogs á síðasta kjörtímabili og gegndi formennsku í Íþrótt- og tómstundaráði Kópavogs síðustu tvö kjörtímabil.

Una María er nú formaður jafnréttisnefndar Kópavogs og varamaður í skólanefnd Kópavogs.

Una María hefur sem varaþingmaður einu sinni tekið sæti á Alþingi. - sdg

Kom með Norrænu frá Noregi:

Kosovo-Serbi leitar hælís

LÖGREGLUMÁL 52 ára gamall Kosovo-Serbi gaf sig fram við landamæraverði á Seyðisfirði í gærmorgun og óskaði eftir hæli á Íslandi. Hann hafði komið til landsins með farþegaferjunni Norrænu frá Noregi þá um nóttina. Lögreglan tók af manningum hælisskýrslu og hafði samband við Útlendingastofnun sem mun fjalla um umsókn mannsins. Hann var fluttur suður eftir skýrslutöku og dvelur á Fitjum á meðan mál hans er tekið til meðferðar.

Ekki fékkst uppgæfið á hvaða forsendum maðurinn leitaði eftir hæli. - þsj

Kr. 2.198,-^{pr.m²}

GÆÐA

STEINSKÍFA

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

NÁTTÚRUSTEINN Á VERÐI SEM SLÆR ÖLL MET

3 stærðir: 30x60 cm, 40x40 cm og 40x60 cm

Einnig Ardal flísalím og fúga. Lithofin bón, hljóðeinangrandi undirlag og fleira.



Opið mán. - fös. 8-18
laugardaga 9-15

Höfum opnað verslun á Húsavík

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

PIXEL PLUS

TRYGGIR FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI



PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
26 TOMMUR

Philips 26PF7321
26" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Pixel Plus myndtækni, 1366x768 punkta upplausn, Contrast Plus og Progressive Scan, 2.400:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, PC í gegnum HDMI (stýður VGA, SVGA og XGA), fjarstýringu og borðstandi.



TILBOÐ
139.995

HD ready

FULLT VERÐ 149.995



PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
32 TOMMUR

Philips 32PF7331
32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni, Contrast Plus og Progressive Scan, HD Ready, 3.200:1 skerpu, Anti Reflection and Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.



TILBOÐ
169.995

HD ready

FULLT VERÐ 229.995



PHILIPS
ÖRÞUNNT LCD
37 TOMMUR



HD ready

Philips 37PF7331
37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni, Digital Noise Reduction and Progressive Scan, HD Ready, 2.400:1 skerpu, Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ
249.995

FULLT VERÐ 269.995



EISA AWARD Best Product 2006-2007
Green Television
Philips 42PF7621D



HD ready

Philips 42PF7621D
42" HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Progressive Scan og Digital Natural Motion, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ
299.995

FULLT VERÐ 399.995

BESTA VISTVÆNA SJÓNVARPIÐ
Í EVRÓPU 2006-2007



PHILIPS
ÖRÞUNNT PLASMA
50 TOMMUR

Philips 50PF7521
50" Plasma HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 upplausn, 10.000:1 skerpu, Pixel Plus myndtækni, HD Ready, Progressive Scan, Active Control sem minnkar glampa, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, PC tenging í gegnum HDMI, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.



TILBOÐ
369.995

HD ready

FULLT VERÐ 399.995

PHILIPS

LCD ALLAR STÆRÐIR



PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
EYKUR LÍNUFJÓLDA OG SKERPU



Heimilistæki

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT



FRUMSÝNUM
JÓLAFÖTIN
Á KRAKKANA



KRAKKADAGAR


2.-5. nóvember

Við höldum Krakkadaga í Smáralind 2.-5. nóvember.
Verlanir Smáralindar eru troðfullar af glænýjum
jólafötum á krakka á öllum aldri. Skemmtilegar
tískusýningar og frábær skemmtun.

Ekki missa af Krakkadögum í Smáralind
– fjör fyrir alla fjölskylduna!

Dagskrá

Fimmtudagur: Tískusýning kl. 17.30
Laugardagur: Tískusýning kl. 15.00
Latibær kl. 15.30, Söngvaborg kl. 16.00



Opið til kl. 21 í kvöld



Ótrúlegt verð

á hlýjum undirfatnaði á dömum og herra

**weather
report**™



**weather
report**

Hlý
undirpeysa
st. S-3XL

1.299kr

**weather
report**

Hlýjar
undirbuxur
st. S-3XL

999kr



**weather
report**

Hlý míkroflís
undirpeysa
st. S-3XL

1.699kr



**weather
report**

Hlýjar míkroflís
undirbuxur
st. S-3XL

1.499kr

Utanyfir nærfatnaður sem hentar vel við öll tækifæri. Mjög hlýtt og gott í kulda og einnig frábært á skíði. Hönnun sem hentar íslenskum aðstæðum.

1. Heldur húðinni þurri þegar þú svitnar
2. Mikil teygja og fellur því vel að líkamanum
3. Andar mjög vel
4. Þægilegt viðkomu
5. Endingargott og vindþolið
6. Þolir þvott í þvottavél


Hlýtt, þunnt og þægilegt míkroflís.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Svona erum við

> Fjöldi farþega í áætlunarflugi 2004 eftir flugvöllum

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KOSNINGAR Í BANDARÍKJUNUM**Þingmeirihluti forsetans í húfi**

Á þriðjudaginn í næstu viku ganga Bandaríkjamenn til kosninga. Skoðanakannarir benda eindregið til þess að Repúblíkanaflokkurinn missi þingmeirihluta annaðhvort í báðum þingdeildum, fulltrúadeild og öldungadeild, eða annarri þeirra.

Hvað er verið að kjósa?

Kosningar eru haldnar í Bandaríkjunum á tveggja ára fresti. Dagsetning kosninganna er fastákveðin í stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þær eru alltaf haldnar fyrsta þriðjudaginn í nóvembermánuði, sem nú í ár ber upp á 7. nóvember. Auk kosninga til beggja deilda þjóðþingsins í Washington er einnig kosið til ríkisþings og ríkisstjóra, að þessu sinni í 36 af 50 ríkjum Bandaríkjanna, auk þess sem kosið er til fjölmargra opinberra embættanna í sveitarfélögum víða um Bandaríkin.

Hvað með þingið?

Alls sitja 435 þingmenn í fulltrúadeild Bandaríkþings, en kjörtímabil þeirra er aðeins tvö ár og er því kosið í öll

þingsætin á tveggja ára fresti. Kjörtímabil öldungadeildarþingmanna er hins vegar sex ár og er kosið um þriðjung þeirra í hvert sinn. Alls sitja 100 þingmenn í öldungadeildinni og er kosið um 33 þingsæti nú í ár. Í öldungadeildinni sitja nú 55 repúblíkanar, 44 demókratar og einn óháður þingmaður, en í fulltrúadeildinni eru 230 repúblíkanar, 201 demókrati og einn utanflokkur. Demókratar þurfa því að bæta við sig sex þingmönnum í öldungadeild og 15 þingmönnum í fulltrúadeildinni til þess að ná meirihluta í báðum deildum.

Hvað með forsetann?

Kjörtímabil forsetans er fjögur ár, þannig að þingkosningar og forsetakosningar fara ekki saman nema á fjögurra ára fresti, en á miðju kjörtímabili forsetans eru engu að síður haldnar þingkosningar, og svo er nú í ár. Miðkjörtímabilskosningar geta jafnan haft veruleg áhrif á stöðu forsetans. Ef flokkur forsetans tapar þingmeirihluta á miðju kjörtímabilinu stendur forsetinn býsna valdalitill eftir með ríkisstjórn sína, þar sem hann þarf jafnan að fá samþykki andstæðinga sinna til þess að koma málum í gegnum þingið.

**SPURT & SVARÐ**

KYNFERÐISOFBELDI

Fáar konur gerendur

Fjallað var um hvernig umræða um gerendur kynferðisofbeldis sé ójöfn og halli á karlmenn á fyrirllestri á vegum Félags ábyrgra feðra í gærkvöldi. Vigdís Erlendsdóttir er forstöðumaður Barnahúss.

Hvert er hlutfall kvenna sem gerenda í kynferðisbrotamálum gagnvart börnum?

Frá því að Barnahúsið var opnað árið 1998 höfum við fengið hátt í 1.200 mál. Fjöldi mála þar sem konur eru gerendur er hægt að telja á annarri hendi.

Eru brot kvenkyns gerenda annars eðlis?

Það liggja ekki margar rannsóknir fyrir á eðli brota sem framin eru af konum. Sagt hefur verið að um 20 til 30 prósent af karlkyns gerendum hafi sjálfir verið þolendur kynferðisofbeldis í æsku. En hvað kvenkyns gerendur varðar er talið að 70 prósent þeirra hafi verið misnotaðar sem börn.



VIÐÍS ERLENDSDÓTTIR
Forstöðumaður Barnahúss



FRAMBJÓÐENDUR Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR Í SUÐURKJÖRDÆMI
Baráttan um efsta sætið er hnifjöfn og kjörsókn utanflokksmanna er talin geta ráðið úrslitum.

Fjórir berjast um forystusætið

Þrjú þingmenn og þekktur fjölmiðlamaður berjast um efsta sætið á lista Samfylkingarinnar í Suðurrkjördæmi. Alls gefa sautján kost á sér í prófkjöri sem haldið er á laugardag – tólf karlar og fimm konur.

Það er þröng á þingi meðal Samfylkingarmanna í Suðurrkjördæmi. Flokkurinn á fjóra þingmenn en oddvitinn frá því síðast, Margrét Frímannsdóttir, létur af þingmennsku í vor. Þingmennirnir þrjú sem sækjast eftir áframhaldandi setu á Alþingi, Björgvin G. Sigurðsson, Lúðvík Bergvinsson og Jón Gunnarsson, ásælast allir fyrsta sætið ásamt fjölmiðlamanninum Róberti Marshall sem gefur kost á sér í 1.-2. sæti.

Eins og í hinum landsbyggðarkjördæmum geta búseta og uppruni ráðið nokkru um niðurröðun kjósenda á frambjóðendum. Þingmennirnir þrjú koma úr sinni áttinni hver; Björgvin úr Árnessýslu, Jón af Suðurnesjum og Lúðvík úr Vestmannaeyjum, þaðan sem Róbert og Hlynur Sigmarsson, sem vill annað sætið, koma líka.

Fyrir fjórum árum áttast Margrét og Lúðvík við um fyrsta sætið og hafði Margrét betur. Þá gáfu átta kost á sér í prófkjöri en nú hefur fjöldi frambjóðenda tvöfaldast og gott betur. Auk þingmannanna reyna Sigríður Jóhannsdóttir, fyrrverandi þingmaður, og Ónundur Björnsson aftur fyrir sér nú.

Samfylkingarmenn í Suðurrkjördæmi hafa farið aðra leið en félagar þeirra í Norðvesturkjördæmi þar sem auglýsingar voru bannað-

FYRIRKOMULAG

- Prófkjörið er opið öllum kosningabærum mönnum með lögheimili í kjördæminu.
- Kjörfundur stendur frá 9-18 og er kosið á 20 stöðum.
- Talið verður á Hótel Selfossi á sunnudag og er fyrstu talna að vænta klukkan 18.
- Um 31 þúsund eru á kjörskrá í Suðurrkjördæmi. Samfylkingin fékk um 7.500 atkvæði í kjördæminu í síðustu kosningum.
- Um 2.400 kusu í prófkjöri fyrir fjórum árum. Þá gátu flokksmenn einir kosið.

PAU GEFA KOST Á SÉR:

1. sæti	Björgvin G. Sigurðsson alþingismaður Jón Gunnarsson alþingismaður Lúðvík Bergvinsson alþingismaður
1.-2. sæti	Róbert Marshall blaðamaður
2. sæti	Hlynur Sigmarsson, deildarstjóri hjá Fiskistofu
2.-3. sæti	Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Árborg Sigríður Jóhannsdóttir grunnskólakennari Ónundur S. Björnsson sóknarprestur
2.-4. sæti	Júliús H. Einarsson kerfisfræðingur
3.-4. sæti	Árni Rúnar Þorvaldsson, forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar Guðrún Erlingsdóttir, formaður Verslunarmannafélags Vestmannaeyja Hörður Guðbrandsson verkstjóri
3.-5. sæti	Gylfi Þorkelsson framhaldsskólakennari Jenný Þorkatla Magnúsdóttir þroskaþjálfari Unnar Þór Böðvarsson skólalastjóri
4.-5. sæti	Bergvin Oddsson nemi Lilja Samúelsdóttir, fyrirtækjasérfræðingur hjá Landsbankanum

ar en þess í stað eftir til sameiginlegrar fundaherferðar um kjördæmið.

Í Suðurrkjördæmi auglýsa menn í prentmiðlum að vild en sammæltust um að láta útvarp og sjónvarp eiga sig. Nokkur héraðsfréttablöð eru gefin út í kjördæminu og hafa flestir beint auglýsingum sínum í þau. Þá hafa frambjóðendur ferðast um kjördæmið og eftir til fundu hver í sínu lagi eða í smærri hópum. Engir sameiginlegir fundir voru haldnir, ef undan er skilinn sérstakur kvenframbjóðendafundur í Reykjanesbæ sem var illa sóttur.

Þegar skammt er til prófkjörs er almennt mat manna að afar mjótt sé á munum í baráttunni um hið eftirsóttasta fyrsta sæti. Það eitt sé víst að karlmaður muni skipa fyrsta sætið á listanum.

Um leið er víst að konur verða í tveimur af fimm efstu sætum framboðslistans í vor. Um það var sammælt þegar framboðstilhögunin var ákveðin.

Karlarirnir fjórir sem vilja fyrsta sætið munu því ekki ráðast í fjögur efstu sæti framboðslistans í vor þó atkvæðin kunni að falla á þann veg. Á hinn bóginn getur það fræðilega gerst að sá frambjóðandi sem hafnar í þrettándu sæti prófkjörsins skipi fjórða sæti framboðslistans. Kunnugur telja að kjörsókn í fjölmennustu byggðalögum kjör-

dæmisins geti ráðið úrslitum. Prófkjörið er opið sem þýðir að stuðningsmenn annarra flokka geta hlutast til um hvernig framboðslisti Samfylkingarinnar verður mannaður. Þannig getur fólk veitt manni úr sínu sveitarfélagi brautargengi enda vilji það heimamann í forystu þó það hyggest ekki kjósa flokkinn í kosningunum í vor. Frambjóðendur reyna því að til mun fleirri eigin flokkssysteminum og að því hefur framboðsbaráttan miðað.

Eins og við er að búast þegar samflokksmenn kynna málefnaáherslur sínar í prófkjöri er mikill samhljómur í yfirlýsingum fjórmenninganna sem sækjast eftir fyrsta sætinu. Allir vilja þeir meiri jöfnuð. Þó sker Jón Gunnarsson sig úr hópnum að því leytninu til að hann vill lækka skatta.

Áherslur annarra frambjóðenda eru alla jafnan almennt orðaðar en Bergvin Oddsson, nemi og formaður UngBlind, sem sækist eftir 4.-5. sætinu setur einn á oddinn að virðisaukasaktur af getnaðarvörnum verði felldur niður.



FRÉTTASKYRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



dásamlegar verðlækkarnir

allt til alls



**pú sparar
273 kr/kg**



20%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.092 kr/kg
Verð áður 1.365 kr/kg

Goða lambahryggur frosinn



35%
afsláttur við kassa
Verð áður 1.364 kr/kg

BK lambalæri frosið



1.599 kr/stk

X-men



1.599 kr/stk

Ísöld 2



40%
afsláttur við kassa
Verð nú 299 kr/kg
Verð áður 499 kr/kg

Ísfugl kjúlli BBQ leggir



1.999 kr/stk

Rauðhetta



1.999 kr/stk

Da Vinci Code



50%
afsláttur við kassa
Verð nú 299 kr/stk
Verð áður 599 kr/stk

McCain pizzur - Deluxe, pepperoni og formaggi

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 2. nóvember til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi



25%
afsláttur

1394 kr. kg
~~1858~~

SS Caj P helgarsteik

Caj P's Original

40%
afsláttur

389 kr. kg
~~649~~

Móa læri/leggir magnpakking

50%
afsláttur

Goða kjötbúdingur
199 kr/pk

50%
afsláttur
Hóla hangikjöt
úr. hangilæri
úr. hangiframpartur

2 fyrir
Myllu
heilv eitibrauð

Iceberg
99 kr/kg

Appelsínur
79 kr/kg

30%
afsláttur

Goða skinka

Goða malakoff

Freyju MIX
400g
399 kr/stk

Frábært verð

7-up og
7-up sykurlaust 2L
99 kr/2L

6 fyrir
Skyr.is
500g

Krónan fyrir baksturinn!

30%
afsláttur



2598 kr. kg
3759
Goða Gourmet Lambafillet m/fitu

10%
afsláttur



368 kr. kg
618
Goða svið frosin í poka



299 kr. pk
339
Fjörfiskur rækja



Síríus Konsum súkkulaðidropar
168 kr/pk



Líf smjörlíki
99 kr/stk

Ótrúlegt verð



Super Hveiti 2kg
39 kr/stk



Strásykur 1kg
79 kr/pk

Bökunarvörur á tilboði



Nóa lakkrisurl
190 kr/stk



Schmidt kakó
199 kr/pk



2 fyrir
Nesbú Egg 10stk

Meriháttar tilboð



Krónu suðusúkkulaði 300g
199 kr/stk



Köttli 500g púðursykur
99 kr/stk

Líf möndlur/hnetur verð frá
99 kr/pk



Rice Krispies 450g
249 kr/pk



Nóa kattartungur dökkar/ljósar
297 kr/pk



Síríus Konsum suðusúkkulaði verð frá
138 kr/stk



Móna súkkulaðispænin
110 kr/pk



Enn ósammála um stóriðjuáform

Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðurlanddæmi fer fram um helgina. Níu frambjóðendur sækjast eftir efstu tveimur sætum og er baráttan því hörð. Blaðamaður lagði níu spurninga próf fyrir frambjóðendur sem lesendur geta yfirfarð hvern fyrir sig og metið hvaða svör standa næst þeirra hagsjónum.

Ekki verður framhjá því horft, þegar svör frambjóðenda í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurlanddæmi við níu spurningum eru skoðuð, að greinilegur skoðanamunur er hjá frambjóðendum þegar horft er til stóriðjuáforma. Sumir þeirra segja að það hafi verið skynsamlegt að ráðast í gerð Kárahnjúkavirkjunar en aðrir

segja: Nei, það var óskynsamlegt. Og ekki er eining um uppbyggingu álvers í Helguvík, þótt meirihluti frambjóðenda telji vel koma til greina að byggja upp álver, að uppfylltum framsettum skilyrðum. Það er síðan umdeilanlegt, hvernig þessi sjónarmið frambjóðenda samræmast opinberri samþykkt Samfylkingarinnar í umhverfismálum, er nefnist Fagra Ísland.

Ójöfnuðurinn ofarleg á baugi

Þrátt fyrir að frambjóðendur séu ósamstiga þegar kemur að stóriðjuáformum, þá er vilji þeirra til þess að taka á ójöfnuði augljós. Allir frambjóðendur vilja breyta skattlagningu á fjármagnstekjum. Líklegt má telja að sjónarmið frambjóðenda taki að einhverjum hluta mið af umræðu um vaxandi ójöfnuð hér á landi. Fréttablaðið flutti meðal annars af því fréttir fyrir á árinu að á milli tvö og þrjú þúsund Íslendingar hefðu aðeins

fjármagnstekjur, og borguðu því aðeins tíu prósent skatt en ekki hefðbundinn tekjuskatt sem er umtalsvert hærrí, eða 38 prósent. Hér kemur fram skýr vilji frambjóðenda til þess að beita sér gegn ójöfnuði, ef þeir fá traust kjósenda til þess að fara inn á þing. Kjósendur, sem gera má ráð fyrir að flestir aðhyllist pólitíska hugsjón jafnaðarmennsku, fagna eflaust þessari afstöðu frambjóðenda.

Svör frambjóðendanna gefa lesendum Fréttablaðsins vísbendingu um pólitíska sýn frambjóðendanna. Jafnframt kalla þau fram fleiri spurningar, sem kjósendur í prófkjöriinu ákveða hvort frambjóðendur fái tækifæri til þess að svara með verkum sínum sem þingmenn.



FRÉTTASKYRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

2.-3. sæti SIGRÍÐUR JÓHANNESS- DÓTTIR



1. Nei, arðsemi er óljós og ýmiss konar landspjöll ýmist blasa við eða eru yfirvofandi.
2. Skilvirkni og jafnrétti er samkvæmt rannsóknunum yfirleitt betur komið í höndum hins opinbera. Þó gæti aukið samstarf átt við í einstaka tilvikum.
3. Það vantar enn miklar upplýsingar um þá framkvæmd eins og t.d. orkuöflun og mengunarháttu til að hægt sé að taka afstöðu hér og nú.
4. Já og þó fyrir hefði verið.
5. Nei, ekki almennt nám til stúdentsprófs en leita þarf leiða til að greiða götu þeirra sem vilja og geta tekið námið á styttri tíma.
6. Nei, þar erum við að fóna meiri hagsmunum fyrir minni.
7. Já, ef ekki er hægt að laga vaxtakjör hér á landi með öðrum hætti.
8. Já.
9. Já!

2.-3. sæti ÖNUNDUR BJÖRNSSON



1. Já. Austurland þurfti innspýtingu og fékk hana með virkjun og stóriðju.
2. Útiloka það ekki, en aðeins ef þjónustan batnar og verður sannarlega ódýrari.
3. Nei. Suðurnes eiga að skoða alla möguleika á atvinnuuppbyggingu, ekki síst eftir að hinn stóri vinnustaður varnarliðsins er horfinn.
4. Já. Vestmannaeyingar eiga sama rétt á góðum og öruggum samgöngum eins og aðrir landsmenn.
5. Má skoða það, svo fremi sem ekki sé dregið úr námskröfum.
6. Hef efasemdir um það, enda fleiri hagsmunir, stærri og mikilvægari í húfi en þær veiðar.
7. Já, við eigum að sækja um aðild og sjá hvað býðst og taka ákvarðanir í kjölfarið.
8. Já.
9. Lífeyri eldri borgara og öryrkja á að skattleggja eins og fjármagnstekjur.

1.-2. sæti RÓBERT MARSHALL



1. Nei. Það voru mistök.
2. Það á að tryggja öllum jafnan aðgang að heilbrigðiskerfinu. Það er grundvallarstefna; hvernig það er gert er útfærsluatriði.
3. Já. Mengunin frá því myndi fara beint yfir norðurbæinn í Keflavík.
4. Já, ríkið á að koma með mun kröftugri hætti að öllum tegundum samgangna milli lands og Eyja.
5. Nei, ég tel kerfið gott eins og það er í grundvallaratriðum.
6. Nei. Hvar er biðröðin eftir hvalkjöti?
7. Íslendingar eiga að hefja viddætur og taka svo þjóðar- atkvæðagreiðslu um samningana.
8. Ég tel mörg mál mun brýnni en það. En mér finnst að sömu reglur eigi að gilda um þingmenn, ráðherra og aðra.
9. Já, það á að hækka hana. Og hluti teknanna á að renna til sveitarfélaganna.

Spurningarnar níu sem lagðar voru fyrir

1. Var rétt að ráðast í gerð Kárahnjúkavirkjunar?
2. Á að stuðla að frekara samstarfi hins opinbera og einkaaðila í heilbrigðiskerfinu?
3. Ertu á móti uppbyggingu álvers í Helguvík?
4. Á hið opinbera að koma með kröftugri hætti að styrkingu við flug milli lands og Vestmannaeyja?
5. Á að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú?
6. Var rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni?
7. Á Ísland að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru?
8. Myndir þú beita þér fyrir breytingu á lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra?
9. Á að breyta skattlagningu á fjármagnstekjum?

1. sæti LÚÐVÍK BERGVINSSON



1. Ég greiddi málinu atkvæði á grundvelli forsendna sem lágu fyrir á þeim tíma.
2. Já, komi það notendum til góða.
3. Nei.
4. Já.
5. Já, sátta ríkir um það í skólakerfinu og einnig samningur milli ríkis og sveitarfélaga.
6. Það er rétt að nýta lífríki hafssins á sjálfbærnan hátt.
7. Já.
8. Já.
9. Já.

2.-3. sæti RAGNHILDUR HERGEIRSDÓTTIR



1. Nei. Það hefði þurft að undirbúa málið betur áður en ákvörðun var tekin, þjóðfélagsáhrifin sem framkvæmdin hefur eru svo gríðarleg.
2. Nei. Ekki nema ef hægt er að tryggja að gæði heilbrigðisþjónustunnar verði a.m.k. þau sömu og sama þjónusta sé aðgengileg fyrir alla.
3. Já. Ég tel að áður en tekin er ákvörðun um uppbyggingu í Helguvík þurfi að móta heildarstefnu í stóriðjumálum á Íslandi.
4. Já. Góðar samgöngur milli lands og Eyja eru nauðsynlegar fyrir byggðina og atvinnulíf, eins og annarsstaðar á landinu.
5. Nei. En möguleikinn á að ljúka stúdentsprófi á styttri tíma en fjórum árum þarf að vera í boði.
6. Nei. Eins og staðan er í dag tel ég að þar fari meiri hagsmunir fyrir minni.
7. Já. Stöðugleiki evrunnar umfram krónunnar er mikilvægur efnahagslífinu og fyrirtækjum í útflutningi.
8. Já. Eftirlaun þingmanna og ráðherra eiga að vera í takt við það sem gerist annars staðar í atvinnulífnum.
9. Já. Það þarf að draga úr þeirri mismunum sem felst í skattlagningu eftir tekjustofnum og huga í því samhengi að tekjustofnum sveitarfélaganna.

2. sæti HLYNUR SIGMARSSON



1. Já, ég tel það.
2. Já. Allt í lagi að skoða það.
3. Nei. Heimamenn verða að fá að ráða för.
4. Já, tvímælalaust.
5. Já, ef sérfræðingar á því sviði telja það skynsamlegt.
6. Já, ef markaður er fyrir hvalkjötið.
7. Ég tel að það eigi að skoða þann möguleika.
8. Já, hiklaust.
9. Já.

1. sæti JÓN GUNN- ARSSON



1. Já, á þeim tímapunkti sem ákvörðunin var tekin.
2. Já, samstarf er af hinu góða en ég hafna einkavæðingu heilbrigðiskerfisins.
3. Nei, ekki ef framkvæmdin uppfyllir skilyrði sem við setjum um umhverfisvernd, orkuöflun, efnahagslegan stöðugleika og vilja íbúanna sem eiga að eiga síðasta orðið.
4. Já, skilyrðislaust.
5. Nei, en bjóða áfram þeim sem vilja klára á innan við 4 árum að gera það.
6. Nei, ekki núna, við höfum enga tryggingu fyrir sölu afurða og gætum verið að fóna meiri hagsmunum fyrir minni.
7. Já, ef viðunandi samningar nást t.d. varðandi sjávarútvegsmál og búíð er að setja eignarhald þjóðarinnar á sjávarauðlindinni og öðrum auðlindum í stjórnskrá.
8. Já, ójöfnuð af hvaða tagi sem er á ekki að líða.
9. Já, taka upp frítækjumark og minnka muninn á skattlagningu fjármagnstekna og launatækna.

1. sæti BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON



1. Í ljósi forsendna sem voru fyrir virkjuninni og nú eru sumar brostnar leikur vafi á því.
2. Já, en að sjálfsögðu fer alveg eftir því við hvaða þjónustuþætti er átt. Einkavæðing og tvífalt kerfi kemur ekki til greina.
3. Er meðmæltur uppbyggingu iðnaðar á staðnum, skoðum í umhverfismati hvað hentar best.
4. Já, tvímælalaust.
5. Nei, það á að minnka skilin á milli skólastiga.
6. Já, en ekki á pólitískum forendum heldur á forsendum sjálfbærrar nýtingar.
7. Evru já, kjósum um aðild þegar EES brestur.
8. Já, án tafar.
9. Já, það á að samræma skatt á tekjur af fjármagni og atvinnu.

2.-4. sæti JÚLÚS H. EINARSSON



1. Já.
2. Nei.
3. Nei.
4. Já.
5. Já.
6. Já.
7. Nei. Ekki að svo stöddu.
8. Já.
9. Já. Einfalda þarf skattkerfið.

Hann rignir

og rignir og rignir



24.500 kr.
Súlur
9.800 kr.



3.440 kr.
Freyja, regnjakki
1.700 kr.

1.040 kr.
Regnvettlingar
505 kr.



ÚTSÖLUMARKAÐUR



NORÐUR

MARBERT

**Náttúrulegt
yfirbragð**




Dagana 2. – 8. nóvember mun MARBERT ráðgjafi kynna:
So Natural farðann í Hagkaupum Kringlu, Smáralind, Skeifu og Spöng.

Fallegt burstasett fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir
frá MARBERT þar af einn farði

Gildir til 8. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Útgjöldin



neytendur

hagur heimilanna

NEYTENDINN: GUNNAR SALVARSSON ALMANNATENGSLAFULLTRÚÍ

Hlustað á sama plötusafnið í 36 ár

„Bestu kaupin sem ég hef gert voru hljómplötusafnið All Things Must Pass með bitlinum George Harrison sem ég keypti fyrst árið 1970, þá 17 ára gamall. Þetta var fyrsta þriggja plötu albúmið sem út hafði komið og ég hlustaði svo mikið á það að ég þurfti að kaupa annað. Eftir að geisladiskar komu til sögunnar keypti ég safnið á disk og árið 2001 var safnið endurhljóðblandað og þannig vildi það til að ég keypti sömu tónlistina fjórum sinnum og hef aldrei séð eftir því.“



345 sem ég keypti nýjan árið 1985. Þetta var í fyrsta skipti sem ég keypti nýjan bíl en það kom fljótlega í ljós að bíllinn var mikill óheillagripur.“ Gunnar segir að bíllinn hafi verið meira og minna á verkstæði og hann muni ekki lengur þá upphæð sem fór í viðgerðir en hún hafi verið há. „Bíllinn var aðeins átta ára þegar hann gaf endanlega upp öndina en þá var ég búsettur í Englandi.“

Sem dæmi um önnur vond kaup rifjar Gunnar upp kaup á brúnum jakkafötum sem hann fór einu sinni í. „Með árunum hef ég orðið skynsamari í innkaupum og fell sjaldan fyrir hlutum sem ég hef ekki not fyrir.“

Gunnar segir tónlistina eldast mjög vel og að hann hafi aldrei séð eftir þessum kaupum.

„Verstu kaup mín eru aftur á móti kaup á Volvó

HÚSRÁÐ FÖT Í EINANGRUN HÚSA

■ Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður segir gott að nota gamlar nælonsokkabuxur til að þýssa sko.



„Ég geng eða tek strætó til að komast til og frá vinnu og þannig má segja að ég stundi líkamsrækt og spari bæði tíma og peninga. Heima fyrir finnst mér gott að hafa tuskur í hverju herbergi því þá eru þær alltaf innan handar þegar ég þarf á þeim að halda.“ Kolbrún segist aldrei henda gömlum fötum heldur flokki hún þau og gefi. „Föt sem lítið sér á gef ég mæðrastyrksnefnd en slítin föt færi ég Rauða krossinum því þau er hægt að nota sem húseinangrun á svæðum þar sem húsakostur er lélegur.“

Dýrast/Ódýrast Haglabyssur

Dýrasta haglabysa sem fæst í búðunum hér er þýsk af tegundinni Blaser F3 og kostar 379.000 í Ellingsen. Sú ódýrasta er hins vegar af tegundinni Stoeger P350 og fæst í Veidihúsinu á 35.900 kr. Ítalska fjölskyldumerkið Beretta framleiðir byssuna í verksmiðjum sínum í Tyrklandi. Það má fá tíu og hálfu ódýrar fyrir eina af þeirri dýrustu. Stoeger-tvöhleypan „spilar reyndar ekki í sömu deild“ og dýrari byssur en gerir sitt gagn. Vinsælustu byssurnar hér eru ítalskar og kosta á bilinu 50-150 þúsund. Hafi menn efni á má sérpanta byssur sem kosta allt upp í 8 milljón krónur. Með í pakkanum fylgir ferð til Ítalíu þar sem væntanlegur notandi er mældur hátt og lágt og byssan „sniðin“ á hann.



Bónus í Smáratorgi Ferskvöru gert herra undir höfði

Bónus á Smáratorgi hefur nú opnað aftur eftir miklar endurbætur. Helsta breytingin felst í stærra kæliými og verður ferskvöru hér eftir gert herra undir höfði en hingað til. Svanur Valgeirsson, starfsmannastjóri Bónuss, segir breytt neyslumunstur fólks hafa kallað á þessar breytingar. „Fólk leggur orðið meira upp úr grænmeti og ávöxtum og má því segja að við séum að verða við óskum viðskiptavina okkar með þessum breytingum.“



Ný heimatrygging Sameinar heimilis- og fjölskyldutryggingu

Tryggingamiðstöðin hefur nú hafið sölu á nýrri tryggingu sem nefnist Heimatrygging TM. Tryggingin sameinar heimilis- og fjölskyldutryggingu og er auk þess sérhæfðari en þær tryggingar sem boðið hefur verið upp á til þessa. Hægt er að fá trygginguna í fjórum mismunandi flokkum sem gefa mismikla vernd. Það fer svo eftir fjölskyldustærð, aldri og aðstæðum hvers og eins hvers konar tryggingapakki hentar best.



NOKKUR



SÝNINGARELDHÚS TIL SÖLU VEGNA BREYTINGA!

Mikill afsláttur!!

Komið í Lágmulá 8 · Sími 530 2800

ORMSSON

Lyfjaver ódýrast

Samkvæmt nýrri verðlagskönnun ASÍ hafa lausasölyfjækkað um tíu til tuttugu prósent á einu ári. Munurinn á milli lyfs hjá ódýrasta apótekinu og þess dýrasta er allt að 77 prósentum.



ADALSTEINN STEINÞÓRSSON STJÓRNARFORMAÐUR LYFJAVERS Getur verið ánægður með útkomuna í verðkönnun ASÍ.

Lyfjaver á Suðurlandsbraut 22 er ódýrasta apótek landsins samkvæmt könnuninni. Kannað var verð á 21 tegund af lausasölyfjum og átti Lyfjaver ódýrasta lyfið í 14 tilfellum. Verst var útkoman hjá Lyfjum og heilsu, Egilsgötu 3 sem var með hæsta verðið í ellefu tilvikum.

Könnunin var gerð 12. október síðastliðinn í tíu apótekum og upplýsingarnar bornar saman við könnun sem gerð var í sömu apótekinu í október í fyrra. Könnunin leiðir í ljós að verð á lausasölyfjum hefur hækkað umtalsvert síðastliðin ár. Meðalverð á algengum lyfjum hækkaði um allt að 45 prósent milli kannana en flestar tegundir sem skoðaðar voru hækkuðu um tíu til 20 prósent.

uð var hafði meðalverð á 16 tegundum hækkað milli ára. Meðalverð á þremur tegundum lækkaði þó um 2-3 prósent og verð á tveimur tegundum stóð í stað.

Mesta hækking var á meðalverði af Toilax sýruhljúpstólum sem kostuðu 237 krónur að meðaltali í fyrra en 345 krónur nú. Það er ríflega 45 prósentu verðhækking. Mildison lípid krem hækkaði einnig mikið eða um 42 prósent milli ára. Meðalverð á Nezeril 0,5 mg

nefúða og Vectavir frunsukremi stóð í stað á milli ára en verð á Paratabs verkjatöflum, Parasupps stflum og Prioderm lúsaþapu lækkaði um 2-3 prósent.

Mesta hækking var í Apótekinu þar sem verð á 14 tegundum lausasölyfja hækkaði um meira en tíu prósent milli kannana og þar af á tíu tegundum yfir tuttugu prósent. Skipholtsapóteki hafði oftast lækkað verð á milli kannana eða á 13 lyfjum af 21.

VERÐKÖNNUN ASÍ Á LAUSASÖLULYFJUM

	Apótekarinn	Árbæjarapótek Hraunbæ	Lyf og heilsa Egilsgötu	Lyfja Lágmulá	Lyfjaval Álfartamýri	Lyfjaver Suðurl.br.	Skipholtsapót. Skipholt
Íbúfen 400 mg 30 stk.	640	684	692	688	730	522	645
Treo 20 stk.	464	418	472	468	359	342	464
Paratabs 500 mg 30 stk.	299	280	318	316	251	195	299
Hjartamagnyl 75 mg 50 stk	477	456	496	496	486	379	405
Panodil 500 mg 30 stk.	329	290	378	378	301	255	329
Parasupp 125 mg 10 stk.	383	353	397	396	376	311	383
Pektolin 150 ml	458	458	473	469	488	363	458
Benylan 2,8 mg/ml 125 ml	728	534	720	730	787	566	728
Nezeril 0,5 mg/ml, 7,5 ml	411	405	455	443	432	329	411
Otrivin ukonserveret							
1 mg/ml 10 ml	539	486	559	520	518	416	539
Miwana saltvatnussupplausn							
2 ml 20 stk.	507	611	639	631	615	453	507
Nicotinell mint							
2 mg/stk. 84 stk.	2.384	1.715	2.316	2.307	1.378	1.650	1.907
Gaviscon magalyf 500 ml	1.399	1.718	1.495	1.526	1.833	1.494	1.399
Rennie v/ magasyrum og brjóstsvíða 24 stk.	230	286	299	275	319	243	230
Mildison lípid v. exemi og húðsjúkd. 10 mg/g 15 g	483	463	498	492	494	383	483
Vectavir v/ áblæstri 2 g	993	1.109	999	1.018	1.123	905	993
Prioderm v/ hárlúsar							
10 mg/ml 40 g	1.220	e	1.429	1.320	1.456	1.083	1.220

*Könnunin var gerð 12. október 2006. Þetta er ekki tæmandi listi yfir þau apóteki eða vörur sem könnunin náði til.

Þrif á bensínstöðvum:

Borga fyrir að ryksuga bílinn

Fyrir einu ári hófst gjaldtaka á notkun ryksugu á tveimur bensínstöðva Essó. Var það gert til reynslu og hefur mælt það vel fyrir hjá viðskiptavinum að ákveðið hefur verið að hefja gjaldtöku á notkun ryksugu á fimm bensínstöðvum til viðbótar að sögn Ómars Jóhannssonar, rekstrarstjóra bensínstöðva hjá Essó.

„Kvartanir höfðu borist frá viðskiptavinum vegna slæmrar umgengni og tíðra bilana. Því ákváðum við að gera þetta almennilega og rukka frekar fyrir þjónustuna. Við keyptum ný tæki sem eru stærri, betri og auðveldari í meðförum.“

Ekki er rukkað fyrir notkun ryksugu á bensínstöðvum Olís og Skeljungs að sögn rekstrarstjóra bensínstöðva þar.



BÍLL Í RYKSUGUN Hundrað krónur kostar að ryksuga í fjórar og hálfu mínútu á viðkomandi bensínstöðvum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BAÐ INNRETTINGAR

**SÉR
TILBOÐ!
Í NÓVEMBER**



WLU-150 146x49 sm
Útlit: Eik
Verð stgr. kr. 72.900*

NÓVEMBER
TILBOÐ!



WLU 141 126x52 sm
Hvitt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900*

NÓVEMBER
TILBOÐ!



WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvitt háglans
Verð stgr. kr. 69.900*

NÓVEMBER
TILBOÐ!



WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvitt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900*

NÓVEMBER
TILBOÐ!



WLU-149 116 x 49 cm
Útlit: Hvitt háglans / Hnota
Verð stgr. kr. 59.900*

* Innifalið í verði: handlaug, handlaugaskápur, hár skápur og spegilskápur



WLU 06A 120x49 sm
Útlit: Hvitt há lans
Verð stgr. kr. 56.900*

NÓVEMBER
TILBOÐ!

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

Góður matur á diskinn þinn!


NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni



Þú sparar 700 kr. kg

UNGNAUTAFILLET
MEXICANA **3.398** kr. kg

NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni



Þú sparar 500 kr. kg

UNGNAUTASNITSEL
Í FUNGI RASPI **1.498** kr. kg

Úr Fiskborði Nóatúns



Þú sparar 500 kr. kg

SALTFISKRETTUR
M. SÓLPURRKUÐUM TÓMÖTUM **998** kr. kg



MERRILD SENSEO POKAR 299 kr. pk.
MERRILD CAFÉ NOIR 399 kr. pk.

30%
afsláttur



NAGGALÍNAN
CORDON BLEU, GRÍASNITSEL, SÆNSKAR KJÖTBOLLUR

Úr Kjötborði Nóatúns



UNGNAUTA BURRITOS
BEINT ÚR KJÖTBORÐI OG Í OFN **498** kr. stk.

Myllu jólatertur



449 kr. pk.

Nóatúns
Jólasníklingur



449 kr. pk.

Nóa sírius
konsum



25%
afsláttur

NÓATÚN

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Úr Fiskborði Nóatúns

2 fyrir 1
á kjúkling



Pú sparar 300 kr. kg

LÚÐUSTEIK
MEÐ LAUKHJÚP

1.698 kr. kg



2 fyrir 1

2 FYRIR 1 FERSKUR
MÓA KJÚKLINGUR
375 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

Pú sparar 800 kr. kg

KINDAGÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI

898 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

KINDAHAKK
ÚR KJÖTBORÐI

398 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

Pú sparar 800 kr. kg

KINDALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI

1.898 kr. kg

Odense
í baksturinn!



20%
afsláttur

Líf

hnetur í úrvali!



Verði ykkur að góðu!

Eldbakaðar handverkspizzur af bestu gerð!



Leiðin að hjarta manneskjunnar er í gegnum magann

Eldbakaðar pizzur | Spelpizzur | Kaffihús | Súrdeigsbeyglur og samlokur



Heilsuvafningar og súpur | Kósí krá á kvöldin



REYKJAVÍK
PIZZA
COMPANY

„Skemmtistaður bragðlaukanna“

Laugavegi 81 - 101 Reykjavík - Sími 561 3838

Það er gott að stjórna með óttanum

UMRÆÐAN

Brottrekstur

Kannast einhver við að hafa látið þessi orð falla við sinn undirmannt, eftir að hafa verið sett til forystu hjá ÍSAL-ALCAN.

Þegar Ragnar Halldórsson var forstjóri, hlustaði hann á skoðanir starfsmanna á gólfinu án þess að þeir fengju mínusstig. Það mátti brosa og vera með glens. Síðustu ár hafa aðrir stjórnarhættir tekið við. Starfsmenn ganga með veggjum og þora vart að ræða saman.



HANS HAFSTEINSSON

9. maí 1998 lenti ég í mjög alvarlegu slysi á vinnustað mínum hjá ÍSAL og var vart hugað líf. Ég var í

öndunarvél í þrjár vikur og síðan sex mánuði á sjúkrahúsinu. Eftir það var mér boðin vinna í hliðgæslu þar sem ég hafði ekki þrek til að fara til minna fyrri stafa. Fyrirtækið lækkaði með því laun mín umtalsvert. Trúnaðarmaður reyndi ásamt aðaltrúnaðarmanni árangurslaust að sýna forstjóra fram á að samkvæmt kjarasamningi ætti ég að halda óbreyttum launum í eitt ár eftir slysið.

Ég var niðurbrotinn eftir slysið, en aðför Rannveigar forstjóra að mér braut mig gersamlega niður. Rafiðnaðarsambandið hafði staðið á hliðarlínunni og vonast til þess að hægt væri að leysa málið innan fyrirtækisins, en sá hvert stefndi hjá mér og kom svo inn í málið eftir að trúnaðarmenn höfðu árangurslaust reynt í hálf tveimur árum. Fyrirtækið vildi losna við að borga slysabætur. Eftir að Rafiðnaðarsambandið hafði unnið málið fyrir mína hönd á öllum dómstögum, hefur Rannveig Rist haft horn í síðu minni, ásamt deildarstjóra Gunnari Guðlaugssyni og öryggisfulltrúa Halldóri Halldórssyni.

Halldór öryggisfulltrúi var kærður fyrir einelti af undirmannt sínum. Málið fór fyrir eineltisteymi fyrirtækisins, sem ásamt ráðgjafarþjónustu í bænum leit á mál Halldórs mjög alvarlegum augum. En í skrifstofubyggingunni birtist hönd sem þaggaði málið niður. Kæranda og þolanda var síðan sagt upp störfum!! Halldór hefur ítrekað verið staðinn að ósannindum m.a. gagnvart eigin konu minni í málaferlum mínum gagnvart fyrirtækinu.

Hroki og mannvonska hefur einkennt þessa aðila í minn garð og starfsmanna sem ekki eru nægilega undirlátir og sýna viðeigandi ótta. Í lok vinnudags fimmtudaginn 5. október 2006 komu sendiboðar af skrifstofu til mín og tjáðu mér að þess væri óskað að ég hætti strax störfum hjá fyrirtækinu. Ég spurði um ástæðu og svarið var að þau væru ekki ánægð með störf mín. Engin önnur ástæða. Allan þann tíma sem ég hef unnið hjá ÍSAL hefur aldrei verið kvartað undan störfum mínum eða ástundun í vinnu.

Höfundur er rafvirki og starfsmaður ÍSAL í þrjátíu og sex ár.

Ljúga stjórnvöld?

UMRÆÐAN

Launajafnrétti

Alþingismenn og ráðherrar núverandi stjórnarflokka tuða sífellt um því hvað lágmarks-laun verkafólks hafi hækkað umfram önnur laun í landinu. Viljandi mata þeir þjóðina á þeim ósannindum að lágu launin hafi hækkað umtalsvert meira en þau hærri. Og viljandi ljúga þeir að þjóðinni að skattar hafi lækkað hlutfallslega mest á lágu launinum. Því miður er þessu öfugt varið. Skattabyrði á láglaunafólki hefur þyngst og lágu launin setið eftir. Þessari staðreynd reyna

þeir þó að leyna með öllum til-tækum ráðum.

Umönnunarstofnanir

Það er ómurleg staðreynd að á sama tíma og ekki er hægt að menna umönnunarstofnanir og sjúkrahús vegna þess hvað kaupio þar er lágt, þá eru laun alþingis-manna hækkuð um tugi prósentu umfram almenn laun í landinu. Það er engu líkara en ráðamenn þjóðar-innar haldi að það sé einhver lausn á vandanum. Og það er táknað að ráðherrar og þingmenn núverandi stjórnarflokka skuli stöðugt vara við hækkingu lægstu launataxta verkafólks, en steinhaldra kjaftri þó þeirra eigin laun hækki langt umfram það sem almenningur fær.

Vaxandi launamunur

Frá janúar 1998 til júlí 2006 hafa lágmarks-laun verkafólks hækkað um 94%, úr kr. 63.399 í kr. 123.000.



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

Á sama tíma hefur fast þing-fararkaup alþingis-manna hækkað um 120 prósent, úr kr. 220.168 í kr. 485.570. Hefðu lægstu launin hækkað jafnt þing-

fararkaupi alþingismanna væru þau nú tæplega kr. 140.000 á mánuði. Til að jafna þann mun þurfa þau að hækka strax um 13,4 prósent eða rúmlega kr. 16.500 á mánuði. Til samanburðar má geta þess að þingfararkaup alþingismanna, sem nú er kr. 485.570 á mánuði væri ekki nema kr. 427.126 ef það hefði fengið sömu hækkanir og lágmarks-laun verkafólks.

Það skal sérstaklega tekið fram að hér er eingöngu gerður samanburður á hækkingum á föstu þing-fararkaupi alþingismanna og lágmarks-launum verkafólks.

Höfundur er fyrrverandi for-maður Vlf. Hlífur. (Greinin er birt í heild á Visir.is)



Dagur Jónasson

Arctic Trucks jeppamiðstöð

Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.



Eyjólfur M. Teitsson

Notaðir og nýir jeppar

Allir jepparnir eru ástandsskoðaðir



Nissan Patrol GR – 3,0 dísel 5 gir. 05/2000 ek. 141 þ. km. 35" breyttur. Verð 2.390.000



Toyota Hilux D/C – 2,5 dísel 5 gir. 08/2005 ek 20 þ. km. 38" breyttur. Verð 3.970.000



Toyota Land Cruiser LX – 3,0 dísel sjálfskiptur. 05/2005 ek. 56 þ. km. Ný AT35* breyting. Verð 5.200.000



Mmc Pajero – 3,2 dísel sjálfskiptur. 02/2003 ek. 139 þ. km. 33" breyttur. Tilboðsverð 2.990.000



Toyota Hilux D/C – 2,5 dísel 5 gir. 11/2005 ek. 15 þ. km. 38" breyttur. Verð 3.790.000



Toyota Land Cruiser 90 VX – 3,4 bensín sjálfskiptur. 05/2000 ek 86 þ. km. 35" breyttur. Verð 2.590.000



Isuzu Trooper – 3,0 dísel 5 gir. 01/1999 ek. 138 þ. km. 38" breyting og fleira. Verð 1.890.000



Toyota Land Cruiser 120 LX – dísel sjálfskiptur. 02/2005 ek 57 þ. km. 39,5" mikið breyttur. Verð 6.590.000



Nissan Patrol GR SE+ – 2,8 dísel 5 gir. 02/1999 ek. 175 þ. km. 38" breyttur. Tilboð 2.190.000

Vantar góða jeppa á skrá. Líttu inn hjá okkur á bílasölusvæðinu Kletthálsi.

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



Hlífum Brenni- steinsfjöllum

UMRÆÐAN

Náttúruvernd

Á meðan náttúruverndarmál eru í óreiðu af hálfu ríkisvaldsins þá liggur ábyrgðin hjá sveitarstjórnarmönnum og forsvarsmönnum orkufyrirtækjanna. Orkufyrirtæki verða þess vegna að sýna höfsemi í verkum sínum og forðast að sækjast eftir rannsóknar- og virkjanaleyfum á svæðum sem hafa óumdeilt náttúruverndargildi. Brennisteinsfjöll á Reykjanesskaga eru dæmi um slíkt svæði þar sem enginn efast



GUNNAR
SVAVARSSON

um náttúruverndargildi þess. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa enn ekki komið þessu svæði á náttúruverndarskrá eins og vera ber og því er enn talsverð hætta á að þessu einstaka ósnortna svæði verði spilt.

Höfundur sækist eftir 1. sæti á lista Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi. (Greinin í heild á visir.is)

Hvað er ég að ves- enast í pólitík?

UMRÆÐAN

Kosningar

Já, hvað er maður að bröta þetta í pólitík. Það hafa einhverjir spurt að þessu og flestir hvatt mig til dáða. Ég hef starfað í kringum stjórnsmál í 17 ár, þá mest í bæjarpólitík, og fannst mér kominn tími á að stíga skrefið og taka þátt í prófkjöri fyrir alþingis-kosningar.



JENNY ÞÓRKATLA
MAGNÚSDÓTTIR

Helsta ástæðan fyrir framboði mínu er sú að mér finnst mannlegi þátturinn hafa

gleymst, mér finnst hreinlega ríkisstjórnin hafa gleymt hinum almenna borgara. Það er svo mikil klikkun hérna, á meðan einstaklingar þiggja svimandi há laun eru aðrir sem reyna að lifa af innan fátæktarmarka. Það á enginn að þurfa að vera fátækur á Íslandi í okkar ríka þjóðfélagi, en þetta er jú takturinn, þeir ríku verða ríkari á meðan fjárhagsáhyggjur aukast til muna hjá stórum hópi.

Þessi mál hér að ofan eru bara nokkur þeirra mála sem ég mun berjast fyrir. Atvinnumál, menntamál, málefni fjölskyldunnar og samgöngumál eru líka mál sem brenna á mér.

Höfundur er þroskaþjálfari og sækist eftir 3.-5. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi. (Greinin er birt í heild á visir.is)

Úr flilabeinsturninum

UMRÆÐAN

Kosningar

Stjórnsmálamaður sem og aðrir verða að horfast í augu við nútímann og takast á við framtíðina með opnum huga. Íslenskt samfélag hefur einfaldlega breyst á undanföllum árum og þó svo að fiskurinn hafi bókstaflega brauðfætt þjóðina um áratugaskeið þá er öldin önnur. Framleiðslu-landið Ísland hefur hægt og sigandi siglt upp að hlið annarra vestrænna þjónustusamfélaga og störfum á sviði þjónustu fjölgar ört á kostnað starfa í framleiðslu. Þetta kann að hljóma annarlega í eyrum þeirra sem hafa um áratugaskeið hlustað á þjóðarleiðtoga okkar tala um sjávarútveginn eins og hann sé forsenda þess að á Íslandi geti þrífist nokkuð líf en staðreyndin er sú að hlutdeild sjávarútvegs í þjóðarþúskaðum fer minnkandi með hverju árinu. Til að setja þetta í skiljanlegan búning má nefna að árið 2005 fluttu Íslendingar út þjónustu fyrir 120 milljarða króna en sjávarararúðir fyrir 110 milljarða.



GUNNAR AXEL
AXELSSON

Landflóttu frumkvöðlar Þegar kemur að forsendum hagvaxtar er nýting náttúruauðlinda almennt álitin tvíeggjað sverð. Við þekkjum auðvitað dæmi um þjóðir sem búa yfir mjög ríkulegum náttúruauðlindum og miklum auðæfum en þó það hljómi kannski undarlega þá hefur auðlindasnaðum þjóðum almennt vegnað betur en þeim

auðlindaríku. Ein meginástæða þess er sú að mikil áhersla á nýtingu náttúruauðlinda leiðir gjarnan til þess að raungengi gjaldmiðilsins verður svo hátt að aðrar atvinnugreinar blæða og ná sér jafnvel mjög illa á strik. Þannig er í raun fjölbreyttu atvinnulífi fórn að fyrir skammvinnan hagvöxt. Flótti íslenskra hátæknifyrirtækja úr landi ætti því kannski ekki að koma neinum á óvart, nema þá kannski ráðamönnum sem virðast ekki vilja skilja það sem fræðimenn hafa ítrekað bent þeim á í þessum efnunum.

Fyrirv. seðlabankastjóri setur upp gáfulegan svip

Ungt íslenskt athafnafólk ætlar ekki að sigla aftur til fortíðar og fara að byggja hér upp einhæft iðnaðarsamfélag í takt við það sem þekktist í hinum vestræna heimi fyrir áratugum síðan. Við verðum að taka fram fyrir hendurnar á mönnum sem telja það rétta leið, hversu gáfulegir sem þeir kunna að vera í máli sínu, fyrrum seðlabankastjóri eða hvaða titil sem þeir bera fyrir sig í flilabeinsturni sínum.

Við þurfum að skipta um stjórnvöld og breyta um stefnu á þjóðarskútunni - á meðan það er enn möguleiki. Við verðum að leiðrétta þann miskilning sem hefur gert sig heimakominn í huga þessara valdamiklu manna sem telja að framtíð okkar byggji á því að við sameinumst um það eitt að kreista út úr okkar fögru náttúru hvern einasta blóðdropa. Ég vil ekki kannast við þá stefnu.

Höfundur er viðskiptafræðingur og gefur kost á sér í 4.-5. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. (Greinin í heild er birt á Visir.is)

Kjarklaus ráðherra

UMRÆÐAN

Heilbrigðisþjónusta

Árið 2002 hættu flestir heilsumstofnun Suðurnesja. Upp úr því fóru bæjaryfirvöld fram á það við heilbrigðisráðherra, sem þá var Jón Kristjánsson, að gerður yrði þjónustusamningur við Grindavík um að Grindavíkurbær gerðist reynslusveitarfélag í rekstri heilsugæslu.

Eftir 2 ára vinnu með heimsókn-um í ráðuneytið og bréfaskiptum kom loks svar frá ráðuneytinu þar sem segir að Grindavíkurbær verði að semja við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um þjónustusamning, vilji bærinn reka heilsugæsluna.

Þegar eftir því er spurt við stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hvort hægt sé að yfirtaka reksturinn á heilsugæslunni er sagt að það sé hægt en þá þurfi leyfi heilbrigðisráðuneytis.

Sem sagt pattstaða vegna ákvörðunarfélmi heilbrigðisráðherra.

Síðan gerist það að nýr heilbrigðisráðherra tekur við, Siv Friðleifsdóttir. Eftir margra mánaða árangurslausar tilraunir við að fá viðtal er sveitarstjórnarmönnum sagt að þeir geti ekki fengið tíma hjá ráðherra en embættismenn geti tekið á móti þeim. Þann 3. október höfnuðu þeir að Grindavík gerðist reynslusveitarfélag í rekstri á heilsugæslu.

Mér finnst það kjarkleysi hjá heilbrigðisráðherra að þora ekki að taka á móti bæjarfulltrúum sjálf.

Höfundur Guðbrandsson sækist eftir 3.-4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. (Greinin er birt í heild á visir.is)

Veldu FordTransit

Nýtt útlit. Nýtt innlit. Ný vél. Komdu og skoðuðu nýjan og endurhannaðan Ford Transit. Stilltu klukkuna að kvöldi og þú byrjar daginn heitur að morgni. Tímastillanleg olíumiðstöð er staðalbúnaður í Transit sendibílum frá Ford - sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford.



Nýtt tákni um gæði

Nýtt útlit. Nýtt innlit. Ný vél. Ný kjör. Nýr Ford Transit.

Frumskýning

Komdu í Brimborg Reykjavík, Akureyri. Nýtt kaffi. Nýjar kleinur.

„Standard“ heitur alla morgna



Kannaðu aðstæður. Vinnuástandi hefur verið breytt til hins betra í nýjum Transit.



Reyndu nýju vélina í Transit: 2.2 l dísil Duratorq TDCi.

Verð frá 2.032.000 kr. án vsk*.
Kynntu þér nýja og sérstaka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg.

bilablaðamenn 19 landa Evrópu velja Ford Transit sendibíll ársins 2007




Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Verð í auglýsingunni er án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford dekkja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af Transit er samlitur á stúbara og grilli og bókunilf í framskýningu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



SKIPULAG
Ráðist á snúruflóð heimilisins
HEIMILI BLS. 8



TÖLVUTÍSKUSÝNING
Nýstárleg sýning á vegum
Acer á Íslandi
TÍSKA 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

Stafganga er holl og góð hreyfing en námskeið í stafgöngu hófst 31. október síðastliðinn. Upplýsingar um námskeið þessi er að finna á vefsíðunni www.stafganga.is eða í sínum 6168595 og 6943571.

Jólahreingerningar er best að undirbúa vel fram í tímann til að lenda ekki í stressi þegar stóri dagurinn nálgast. Skrifaðu niður allt sem þú vilt gera fyrir jólin og skipuleggðu helgarnar sem framundan eru. Best er að klára stórhreingerningar (gardínur, skápa, loft og veggj), tveimur til þremur vikum fyrir jól.



Undirföt úr kanínuull og merínóull eru frábær fyrir veturinn. Slíkan fatnað má t.d. fá í sérverslunum með íslenskan fatnað og útvistarverslunum.



GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn
2. nóvember, 306. dagur
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegj	Sólarlag
Reykjavík	9.13 13.11	17.08
Akureyri	9.08 12.56	16.43

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Frumlegir frumbyggjar

Sannur indíánaandi sveif yfir vötnum á nýlegri tískusýningu í Sjanghæ.

Litríkar fjaðrir, bogar og höfðingjaskrúð var fátt eitt af því sem líta mátti á tískusýningu hönnuðarins Ling Yali á tískuviku í Sjanghæ í Kína í lok október.

Ling Yali er kínversk og hefur vakið talsverða athygli undanfarin ár fyrir fallega hönnun. Hin 29 ára tiskuhönnuður hefur meðal annars unnið til verðlauna fyrir nýstárlega hönnun.

framhald bls. 2

Glæsilega hönnuð gríma sem gefur fyrirsætunni ævintýrlegt útlit.

MYND/CHINA PHOTOS/GETTY IMAGES

NÓVEMBER

**Kafbátur
mánaðarins**

6 tommu
bátur **kr. 329**

Gildir í nóv. 2006 • Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnmal

BMT

...með öllu því grænmeti
sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY





Treflar sem eru stórir og fyrirferðamiklir eru flottir í vetur við svörtu kápurnar og loðpelsana.



HLÝJAR
Í VETUR

HÚFUR
SEM
HLÆJA

Skólavörðustíg 18



20% afsláttur
í verslunum Hagkaupa
flottar neglur með

Fing'rs

naglasnyrtivörum



Fing'rs fæst í Hagkaup, apóteikum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.

**Frábært úrval
af kuldaskóm á alla
fjölskylduna!**



st. 36-41
verð 5.990

st. 36-41
verð 6.990



st. 36-41,
verð 11.990

st. 40-46,
verð 6.990



EURO SKO

Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420



Kínverski hönnuðurinn Ling Yali sótti innblástur til Indíána í nýjustu tískulínu sinni sem hann sýndi á tískuvíkinni í Shanghai.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Þessi fyrirsætu svipar heldur til blómálfis en frumbyggja.



Sannur indíáni á boga og örvar.



Höfðingleg fyrirsæta.



Glæsilegt pils úr smíðju Ling Yali.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





Úr háborg tískunnar

BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Siglingatíska fyrir suðrænan sjó

Allra heilagra messa sem er frídagur hér í landi markar ákveðin þáttaskil í tískuheiminum og um leið upphaf jólaferislaunar. Eftir tískuvíkuna í París og annasaman októbermánuð er vetrartískan nánast að syngja sitt síðasta hér í borg þótt veturinn sé aðeins rétt að byrja. Reyndar eru sum tískuhús fórnarlömb velgengni sinnar eins og Chanel svo dæmi séu tekin. Þar eru skápar tómir og töskur frá því í sumar eða frá síðasta vetri teknar fram til að fylla upp í götin í hillunum. Svo mikil hefur salan verið að allar vinsælustu töskurnar eru löngu uppseldar og þær sem voru afhentar seinna frá framleiðendum seljast á nokkrum dögum. Svona er hungur viðskiptavinnanna mikið eftir nýmeti.

Í nóvember er það „skemmtisiglingatískan“ eða „cruise-línan“ sem tekur völdin hjá tískuhúsunum. Það er hásumarlína um miðjan vetur sem, eins og nafnið gefur til kynna, var í upphafi hugsuð fyrir þá sem fara í siglingar á suðlægum slóðir til að stytta veturinn. Cruise-línan er því fyrir vikið litrík og í henni er oft mikið notað af pallfettum og semeliusteinum frá Swarovski. Því er hún einnig tilvalin til að nota í kampavínsteiti í kringum jól og áramót.

Stærstu hönnuðir tískuheimsins leita sífellt leiða til að koma viðskiptavinum sínum á óvart og það sem sumir þeirra gera um

þessar mundir er að færa „ready-to-wear“ nær hátískunni með gríðarlegri vinnu við útsaum, plíseringar og alls kyns skraut. Þetta hefur Alber Elbaz mikið gert hjá tískuhúsi Lanvin. Þar geta tugir metra farið í einn kjól sem unnið er að tímum saman við að búa til fellingar í og plís-era, allt í höndunum.

Karl Lagerfeld hefur heldur ekki verið að hugsa um að spara vinnutímum við hönnun nokkurra af siglingakjólum sínum að þessu sinni. Í einum þeirra, úr hvítu tweedmússlíni, hefur verið smeygt áprentuðu músslíni í graffiti-stíl frá útsaumsmeistar- anum Lesage, eftir að kjóllinn hefur verið settur saman úr nokkrum efnisbútum. Heildarvinnutími við hvern kjól er um sextíu og sex stundir. Annar kjóll sem hægt er að ímynda sér að sé aðeins enn einn lítill svartur kjóll er með Lesage-útsaumað belti sem hefur tekið um níutíu og sex tíma að fullkomna. Verðið er auðvitað í takti við vinnuna og kosta þessir kjólar á milli átta og tíu þúsund evrur. Það er reyndar annað einkenni á siglingatískunni að ekki eru mörg eintök af hverri flík fyrir sig svo þessir kjólar verða strax í byrjun hálfgerðir safngripir og ekki ólíklegt að þeir verði einhvers staðar í „vintage-búðum“ í öðru lífi eftir einhver ár.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Nýr farði frá Clinique

Frá Clinique er kominn nýr silkimjúkur púðurfarði sem þekur húðina ákaflega vel. Þessi farði er líka sérlega hentugur mörgum þar sem það skiptir ekki máli hvort húðin þín er ljós eða dökk yfirlitum. Þetta getur komið sér vel fyrir þær sem nota brúnkukrem því þá er húðliturinn stundum misjafn frá mánudegi til föstudags. Í þessum nýja farða, sem heitir Perfectly real compact makeup, er engin olía þannig að húðin heldur jöfnum lit allan daginn. Farðinn er ofnæmis-prófaður og algjörlega laus við ilmefni.



Comb and Care Flókasprey

Auðvelt í notkun - frábær árangur

(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári.

Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.

Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt



Levante

Levante kynningar í Lyf og Heilsu

Fimmtudagur 2. nóvember frá kl. 14-17 – Mjódd
 Föstudagur 3. nóvember frá kl. 15-18 – Austurveg
 Fimmtudagur 16. nóvember frá kl. 15-18 – Melhagi
 Laugardagur 18. nóvember frá kl. 13-16 – JL Húsið
 Föstudagur 24. nóvember frá kl. 16-19 - Kringlan 1. hæð

Lyf & heilsa
 Við hlustum!

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Njóttu lífsins!

Það er full ástæða til

Um þessar mundir höldum við upp á sjö ára afmæli verslunarinnar. Njóttu þess með okkur

ANAS

Fjörður • Hafnarfirði
 565 7100

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi



SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Er þér kalt á höndunum?

Úrval af ítölskum og dönskum gæðahönskum fyrir dömur og herra

Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is

Boots

Merkið tryggir gæðin!

mediterranean

Suðrænir ávexdir og heilsusamlegar oljur.

Fáanlegt hjá: **BM HAGKAUF**

Öllum betri apótekum landsins

GLEÐIN BYRJAR Í DAG

GYLLTI KÖTTURINN 1 ÁRS* 4. NÓVEMBER

25% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

VINTAGE CLOTHING

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8 • 534 0005 • HALLO@GYLLTIKOTTURINN • WWW.GYLLTIKOTTURINN.IS



Fötin voru frá GK Reykjavík og tölvurnar frá IOD ehf.



Sjáðu sætu tölvuna mína.



Nútímalegur með tölvu í tösku.

Tölvutískusýning

Tölvur kynntar á nýstárlegan hátt.

Acer á Íslandi og IOD stóðu fyrir nýstárlegri tískusýningu í vörubúnaði IOD í síðustu viku. Þar var verið að kynna nýja línu af Acer búnaði. Það var gert með því að halda tískusýningu þar sem fyrirsætur frá Eskimo gengu um í fötum frá GK Reykjavík og höfðu sem aukahluti nýjustu tæknina. Undir spilaði DJ Daddi Diskó.

„Þetta er hugmynd sem varð til í umræðu Ásgeirs framkvæmdastjóra og mín fyrir rúmu ári. Okkur langaði til að kynna Acer og kynna tölvur á einhvern nýstárlegan hátt,“ segir Halla S. Margrétardóttir Haugen hjá markaðsdeild IOD. Tílefni sýningarinnar var síðan að forstjóri Acer Benelux, Hr. Marc Pauly, var að koma í fyrstu heimsókn til IOD sem er dreifingaradili Acer á Íslandi.

„Gestunum sem var boðið eru



Enginn er maður með mönnum nema hann eigi fartölvu.



vanir að skoða tölvur í hillum og á stöndum á sýningum og er óhætt að segja af viðbrögðum þeirra að dæma að þessi nýja aðferð sló í gegn,“ segir Halla en lögd var mikil áhersla á flotta umgjörð.

Heildsölu lagersala

2.-6. nóvember 2006

50-90% afsláttur!!

Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum

Opnunartími
Fimmtud. 14-20
Föstud. 14-20
Laugard. 10-18
Sunnud. 11-17
Mánud. 14-20

ZO-ON Iceland
Nýbýlavegur 18
(gengið inn Dalbrekku megin)

	Listaverð	Útsöluverð frá
Útivistarjakki	29.990	11.900
Barnaúlpur	8.900	3.900
Skíðabuxur	15.900	7.900
Flíspeysa	12.990	5.900
HiTec Golfskór	12.990	5.900
Fótboltaskór	13.990	5.900

Einnig mikið úrval af:
Skíðafatnaði, Útivistarfatnaði, Golfatnaði, Íþróttafatnaði, Brettafatnaði, Barna-, unginga- og fullorðinsstærðir

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum.
Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!



ZO-ON
ICELAND

www.zo-on.com

Sofia Coppola heillar marga

Sú kona sem er á allra manna vörum í Bandaríkjunum í dag er leikkonan og leikstjórnin Sofia Coppola sem færði okkur myndir eins og Lost In Translation og er nýbúin að frumsýna mynd um spilla franska stelpu.

Þessi hæfileikaríka dóttir leikstjórans Francis Ford Coppola hefur verið rómuð erlendis fyrir mjög fágáðan fatasmekk. Hún hefur verið kölluð best klædda konan í Bandaríkjunum af mörgum tískuspekúlöntum og fatahönnuðurrinn Marc Jacobs nefndi tösku eftir henni. Engin furða, þar sem Sofia var lærlingur hjá Marc og hefur hann kallað hana gyðjuna sína. Reyndar er oft sagt að hún fari ekki út úr húsi án þess að vera í kjól en það eru bara sögu-

sagnir sem við skulum ekki staðfesta.

Eins og nýjasta myndin hennar Marie Antoinette sem gerist í Frakklandi á sautjándu öld einkennist stíll Sofíu af klassískum sniðum en samt einföldum sem hvaða kona getur það eftir. Til að taka upp hennar stíl mælum við með:

1. Ökklasiðum kjólum í svörtu og hvítu.
2. Ermastuttum peysum sem byggja á klassískum peysum frá lokum 18. aldar.
3. Perlum, alltaf klassískt og klikkar aldrei.
4. Röndóttum Navy bolum. Helst síðum sem ná niður fyrir mitti.
5. Setja eitthvað sætt á kjólinn. Til dæmis slaufu eins og Sofia gerir.



Grár og svartur kjóll með hermanna-sniði.

- óhó



LEGGINGS

frá kr.: 990.-

galleri sautján

Laugavegi 91 s.512 1777 - Kringlunni s.512 1750

Geisha á gallabuxum



Hér má sjá buxaskálm hönnuðarins Floru Zeta sem á dögunum mætti á sérstakan tiskuvíðburð í Los Angeles þar sem veitt voru verðlaun og viðurkenningar fyrir framúrskarandi hönnun. Það er ekki annað hægt að segja en að palllittugeishan sé flott á grám gallabuxunum og veskið og fingurskrautið fara vel við.

Chip Skip

Nýtt frá OPI

Finnst þér leiðinlegt þegar naglakkið fína, (sem þú hafðir töluvert fyrir því að bera rétt á neglurnar), byrjar að flagna? Þá gæti það nýjasta frá OPI reynst þér vel því hér er um að ræða naglakki sem kemur í veg fyrir að lakkid flagni af og fyrir vikið endist liturinn miklu lengur. Berið eitt lag á hreinar neglur áður en litað lakk er borið á og neglurnar haldast fínar lengur.



Skemmtileg nýjung sem kemur í veg fyrir að naglakkið flagni.

NEYTENDUR HAFNA TALAD SÍNU MÁLI!

"Þetta er aðeins brot af tilboðsvörum helgarinnar"



Um leið og við viljum þakka viðskiptavinum okkar fyrir frábærar móttökur á opunarhelgi Sappos viljum við óska neytendum til hamingju með því að stuðla að „VERÐLÆKKUN TIL FRAMBÚÐAR“ í skóm & fylgihlutum! Sappos stendur við sitt og býður áfram frábæra vöru á verðum sem hingað til hafa eingöngu átt heima erlendis... Kæru neytendur, njótið vel.

	2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur
	1000 kr. Stærðir: 40-46 Litir: köflóttir
	5000 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur
	3000 kr. Stærðir: 40-46 Litir: brúnn, svartur
	2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur
	2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: brúnn
	2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur

	1500 kr. Stærðir: 22-30 Litir: svartur, rauður
	2000 kr. Stærðir: 22-30 Litir: svartur
	2000 kr. Stærðir: 22-35 Litir: svart
	2000 kr. Stærðir: 30-39 Litir: bleikt, svart
	1000 kr. Stærðir: 24-39 Litir: úrval lita Disney
	2000 kr. UNGBARNAGALLAR Stærðir: 68-92 Litir: rauður, blár RUCANOR

	3000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: svartur, brúnn
	500 kr. Stærðir: 36-41 Litir: gull, svart, grænt
	1500 kr. Stærðir: 36-41 Litir: brúnn, svartur
	1000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: brúnn, svartur
	1500 kr. Stærðir: 36-41 Litir: brúnn
	4000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: grár Vatnsvarinn CON-TEX®



	1500 kr. EKTA KÁLFASKINN Dömu- og herrastærðir
	300 kr. Frábært úrval af húfum, hönskum frá 300 kr.

SAPPOS

Miðhrauni 14 · Garðabæ
Sími 534 5700 · www.sappos.is

Opið fimmtudaga - sunnudaga frá kl. 12 - 19

Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.



MYND
Hafnarfirði S: 565 4207
www.ljosmynd.is

Sock Shop

breytir um nafn og verður **Cobra**

TROÐFULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM !!

cobra

Sokkabúðin Kringlunni erum á 1. hæð við blómatorgið



Mikið er lagt í efnið í flíkum Maríu Lovísu.

Íslensk hönnun

Tískusýning á Skólavörðustíg

Á kjótsúpuþegi sem haldinn var nýlega á Skólavörðustíg var mikið um uppákomur. Meðal þeirra var tískusýning á fötum Maríu Lovísu fatahönnuðar. „Ég ákvað að vera með sýningu á nýjustu hönnuninni fyrir veturinn,“ segir María Lovísa sem fannst vel til takast. „Þetta gekk mjög vel enda fylgdust fjölmargir með.“

María Lovísa notar íslensku ullina mikið í fötum sínum, bæði í kápum og peysur. Þá ber einnig töluvert á íslensku skinni í hönnun hennar. Fyrirsætturnar í tískusýningunni voru í skóm frá Gallerí Grjóti á Skólavörðustíg.

Nýtt á Íslandi! NO STRESS



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



Drangey
Frábært úrval af leður- og loðskinnshöfðum og kápum.
Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is



Falleg peysa eftir Maríu Lovísu.



Svartur kjóll hentar við öll tækifæri.



Góður og hlýr jakki fyrir veturinn.

25 ára þjónusta



GELNEGLUR
HANDSNYRTING
FÓTSNYRTING
VAXMERÐFERÐIR
ANDLITSBÖÐ
LITUN OG PLOKKUN
HÚDSLÍPUN
SYRUMERÐFERÐIR
FÖRDUN
TÁSUNEGGLUR

SALON RITZ

Laugavegi 66
Símapantanir: 552 2460

Fyrir brjóstgjöf

Lykkjufall er verslun með vörur fyrir konur með barn á brjósti.

Í dag kl 14 opnar verslunin Lykkjufall í Garðastræti 2, en hún mun m.a. hafa á boðstólum fatnað sem hentar vel konum sem eru með barn á brjósti. Eigendur verslunarinnar eru hjónin Valdimar Geir Halldórsson og Sigrún Baldursdóttir, en Sigrún segir að hún hafi lengi gengið með hugmyndina í kollinum. „Vinkona mín, sem eignaðist barn, var alltaf í vandræðum með að gefa brjóst í fjölmenni og það fékk mig til að velja því fyrir mér hvort ekki væri sniðugt að hanna slíkan sérfatnað. Þegar ég fékk svo styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna lét ég verða af þessu, setti til dæmis skoðanakönnun inn á Barnaland.is og heilsugæslustöðvar þar sem ég rannsakaði afstöðu fleiri kvenna til þessa máls og eftir að hafa skoðað þetta svona frá nokkrum hlíðum lét ég af því verða að undirbúa verslunina og setja framleiðslu af stað.“

Sigrún ætlar fyrst og fremst að bjóða upp á hönnunavörur, sem er heppileg fyrir brjóstgjafatímabilið, en hentar líka vel fyrir og eftir meðgöngu. „Fatnaðurinn er samt aðallega hannaður með það í huga að gera brjóstgjöfina sem þægilegasta, sérstaklega á almannafæri, því ekki þarf að fletta upp um sig og sýna maga,“ segir Sigrún. Hún bætir því við að í versluninni standi líka til að selja fleira en fallegar þjónapeysur. „Við ætlum líka að vera með ýmsar handunnar hönnunavörur



Valdimar og Sigrún opna verslunina Lykkjufall í dag.

svo sem barnaleikföng, handunnar bækur, fylgihluti, myndaramma og flottar tóskur.“

Lykkjufall er í húsnæði beint á móti Heilsugæslustöð miðbæjar, þar sem ungbarnaeftirlit fer fram. Sigrún segir að staðsetningin hafi ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun að opna verslun sem sérhæfir sig í fatnaði fyrir nýbakaðar mæður, „Þetta atvikaðist bara þannig að þetta húsnæði var laust og staðsetningin alveg einstaklega heppileg.“

Verslunin verður opin mánuðaga til föstudaga frá 13-18, laugardaga 12-16, en lokað á miðviku-dögum.

mhg@frettbladid.is

Varasalvi fyrir stráka

Dúnmjúkar varir dáðadrengrja.

Stundum horfa menn á varir kvenna og hugsa hversu gott væri að fá að kyssa þær. En hvað með þá sjálfa? Eiga ekki strákar líka að hafa mjúkar varir? Clarins hefur sett á markaðinn varasalva sem er sérstaklega hannaður fyrir stráka, en hann glansar hvorki né klístrast og hefur ekkert bragð. Slíkur varasalvi er alveg nauðsynlegur ef halda skal í skíðaferðir, en einnig hentar þetta vel dags daglega til að koma í veg fyrir sár og flagnaða húð á vörumum.

Varasalvi frá Clarins, sérstaklega stílaður inn á stráka.



Ný hárgreiðslustofa á besta stað í bænum

Hárgreiðslustofan Mólékúl var opnuð fyrir skemmstu á Vega-mótastíg 4.

„Þetta er hárgreiðslustofa og hjá okkur starfar naglasérfræðingur,“ segir Rúna Magdalena Guðmundsdóttir. „Hér er fagleg ráðgjöf og þjónusta í fyrirrúmi. Þá notumst við eingöngu við hágæðavörur, liti og skol frá Matrix og sjampó, næringu og uppbyggingarfæni frá L’Oreal og Paul Mitchell.“

Mólékúl var opnuð föstudaginn

13. október síðastliðinn og segir Rúna hlæjandi frá því að þær Sigrún Garðarsdóttir, sem á einnig hlut í stofunni, hafi ekki látið hjátrú standa í vegi fyrir því að sú dagsetning skyldi verða fyrir valinu.

Að sögn Rúnu hafa viðtökur við Mólékúli farið fram úr öllum væntingum en næsta kvöld verður heljarinnar partí slegið upp í húsakynnunum til að fagna opnuninni. Viðbúið er að partíð verði fjölmennt, enda hafa þær Rúna og Sigrún getið sér góðs orðs í bransanum.

Auk þess er Mólékúl á besta stað í bænum, nánar tiltekið á milli Vegamóta og Ölstofu Kormáks og Skjaldar, þar sem hárgreiðslustofan Mojo var áður til húsa.

-/ve



Frá vinstri Rúna Magdalena, Hulda Björk Guðmundsdóttir naglasérfræðingur, sem er með aðstöðu á Mólékúl, og Sigrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Náttúrulegt

Gyllt rönd á augun ásamt gegnsæjum augnskugga á fyrirsætum Valentinos.

Á myndinni má sjá fyrirsætu sem var förðuð af snyrtisérfræðingi tískuhönnuðarins Valentino. Hér er lagt upp úr náttúrulegu útliti og til þess voru notaðir gegnsæir litir á augu og kinnar og rauður, léttur varalitur. Hörundið er matt, en gyllt rönd var sett á augnlokin og á brúnir efri vara. „Hárið er tekið saman í hnút aftan á hnakka, en ekki of snyrtilega. Þess vegna er það túperað fyrst og svo snúið upp. Rauða hárbandið er svo til að draga athyglina að andlitinu,“ sagði Pat McGrath, hárgreiðslukona hjá Valentino, um hárstíl fyrirsætunnar.



Falleg förðun sem er hvorki of áberandi né of lítil.

Blómasprengja

Victor og Rolph kynna nýjan ilm á markaðinn.

Belgísku hönnuðurnir vinsælu spila hér út sínu nýjasta trompi; ilmvatni sem ber heitið Flower Bomb. Þessi ilmur á eflaust eftir að verða sígildur líkt og Chanel 5 eða Shalimar því hver sem af honum lyktar segir einfaldlega ahhhhh ... Ilmurinn góði fæst eingöngu í Debenhams, Smáralind.



Blómasprengjan, eða Flower Bomb, nýi ilmurinn frá Victor og Rolph.



NÝ VÆRSLUN!

NÝJAR VÖRUR

FRÁBAERT ÚRVAL

AF JAKKAFÖTUM OG YFIRHÖFNUM



Laugavegi 7 • Sími: 551 3033



Fyrir endurnærandi svefn
Úrval af gæðarúmfatnaði
Margar gerðir og margir litir

Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

BARNAMYNDATÖKUR
NÚNA ER RÉTT TÍMINN
Svart hvítt og lit
Ljósmyndafjónusta

HVERAFOLD 1-3, PANTANIR Í SÍMA 517-1166, WWW.SVARTHVITT.IS



Hárgreiðslukeppni árið 1973. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Láttu stækka gamla ljósmynd

Gamlar íslenskar ljósmyndir hafa löngum heillað marga.


Til sölu nýjar álfelgur 16X7" með gata-deilingu 5x114. Verð áður 24.900 kr. Tilboð 11.900 kr. stk. Felgurnar passa m.a. undir Mazda Tribute, Ford Escape, Toyota Rav4, Hyundai Santa Fe, Nissan X-trail, Hyundai Tucson o.fl. Upplýs. 864 8866.

Til sölu 3 lítið notuð 16" Nokia nagald-ekk undan Volvo. Stærð 215X55. Verð 15.000. Uppl. í síma 897 1195.



Bilapartasalan Ás
Skútauraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrís.

Hedd Dráttabílaþjónusta & Bilapartar.
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Ópið mán.-föst. 9-18. lóndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Ópið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapart-ar@bilapartar.is


Partar s. 565 3323
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.a.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740.
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Ópið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Legacy '93. Accent '95. 2. stk. dekk 265/75/16" á 6 þ. S. 896 8568.



Almennar viðgerðir, hjólastillingar, bremsuviðgerðir. Kaplahrauni 1. S. 565 4352.

KEYPT & SELT



Eigum mikið úrval stiga á lager tilbúna til uppsetningar. Ryðfrítt efni til hand-ríðasmíða, festingar o.fl. Mjög hagstæð verð. Stigalagerinn - 5641890



FJÓRHJÓLAFERÐIR
www.eskimos.is / Sími 822 0055 SKÖRRADAL



Árshátíðarferðir-Hvataferðir Fundir & Ráðstefnur-Veiði
www.faereyjaferdir.is



Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is



John Deere hágæðaliur
Smurolíur, vökvakerfisolía, koppafeiti og frostlögur. 50% lengri endingatími. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum. Velaborg Krókhálsi 5F 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, 464 8600.



Comet iðnaðarrýksugur
Tvær gerðir, verð frá kr. 12.608 m/vsk. Velaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



Stórt skrifborð Bókalager Bill árg55 til uppg.Flottgallar Túrb f/6cylYanmar Peningaskápur Vélagálgí NMT meðöllu Þrjónavél Uppl 6984223



Til sölu



Til sölu málmleitartæki, hlustunarbúnaður, nýtt 26" reidhjól, ný 200ml loftpressa, rafsuðu transari ofl. rafm. áhöld. Einnig vantar bandsög og vélaflutningarvagn 1.5 - 2.5tonn. Uppl. í s. 898 7739.



Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta. Verð frá 29.000kr. EG-Tónar. Sími Akureyri 462 7374 & 6601648, sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610. Harmonikumennsla fyrir byrjendur.

Get útvegað allar gerðir af harmonikum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. Einnig harmonikku kennsla fyrir byrjendur og lengra komna. www.harmonikan.is S. 690 2020

Sjónvarp
Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Lítsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur
Ódýrar tölvuviðgerðir!
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

Tölvuviðgerðir.
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

Bækur
Keramíkk mót/brennsluofnar kringum 300 mót og 2*100L ofnar, hrærivél og fl. Skipti á bíl, tjaldv. eða öðru. Uppl. 899 4918.

Til sölu



Besta verðið!!
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á ADEINS 2.950.-
DVD FRÁ 1990.- KR
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24 Sími 568 6635
Ópið frá kl. 15-23.30



Sjáumst COS
Glæsibæ S. 588 5575

Gefins
Eldhúsinnrétting fæst gefins gegn því að vera tekin niður og sótt. Uppl. í s. 869 6421.
Óska eftir Ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Ýmislegt
Stálbitar, H-bitar, 300x300mm, 7 metra langir, til sölu á góðu verði. Uppl. í s. 894 1171.



Vöruflutningar
Tekið mér smávöruflutninga fyrir fyrirtæki og einstaklinga út um allt land. Upplýsingar í síma 661 8087.



Hreingerningar
Láttu mig um þúlið! Nýbyggingar, flutningsþrif og fyrirtæki. Fóst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.



Erðu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Fóst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.
Tekið mér þrif í heimahúsum, flutningsþrif og hreingerningar, vönduð vinnubrögð. Fóst verðtilboð. Rakel s. 692 4341.



Bókhald
HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.



Alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.
Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lána-drottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna. SÍMI 822 9670 Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur kaflaskipti@kaflaskipti.is
SÍMI 822 9670 Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur kaflaskipti@kaflaskipti.is



Tveir málara geta bætt við sig viðhaldsverkefnum og fl. Sanngjamt verð. Uppl. í s. 864 5491.
Málara geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 3982.
Tökum að okkur málningu, viðhald og þrif, úti og inni. S. 849 3024, Friðrik.



SJAUMST COS S. 588 5575

TOPP 5: JOHN MALKOVICH

Leikarinn John Malkovich (1953) hafði leikið í leikhúsi og kvikmyndum um nokkurt skeið þegar hann fékk sína fyrstu tilnefningu til óskarsverðlauna árið 1984 fyrir hlutverk sitt í Places in the Heart. Hann skaust þó fyrst upp á stjörnuhimininn fyrir leik í kvikmyndinni Dangerous Liaisons (1988), en mörgum þykir túlkun hans á hinum siðlausa Valcomte greifa sú eftirminnegasta á leikferlinum. Síðan þá hafa kvikmyndatilboðin streymt til Malkovich, sem hefur aldrei veigrað sér við því að taka að sér áhættusöm hlutverk eins og sannast með myndum á borð við The Sheltering Sky (1990), þar sem hann berar meðal annars það allra heilagasta. Malkovich á að vonum ansi litskrúðugan leikferil að baki, en hér er listi yfir fimm bestu myndir hans.

1. Dangerous Liaisons (1988). Kvikmynd um siðspillingu franska aðalsins

á 17. öld. Leikstjórinn Stephen Fears sló hvergi feilnótu þegar hann réði í hlutverkin. Malkovich fer á kostum sem rándýrið Valcomte greifi, sem hefur dálæti á því að tálðraga siðprúðar konur.

2. Of Mice and Men (1992). Aðlögun á skáldsögu Johns Steinbeck um tvo verkamenn sem reyna að afla sér viðurværis í krepunni miklu. Malkovich er einkar brjóstumkennanlegur í hlutverki einfeldningsins Lenny, sem kemur sér og félaganum í vandræði þegar hann banar óvart eiginkonu yfirmannsins.

3. Shadow of the Vampire (2000). Mynd um tökur á hrollvekjuni Nosferatu (1922) þar sem líkur eru leiddar að því að hún eigi sér stoð í raunveruleikanum. Malkovich er fluttur sem leikstjórinn F.W. Murnau sem er tilbúinn að færa

ótrúlegustu fórnir svo að mynd hans verði að veruleika.

4. The Libertine (2004). Mynd um ævi jarlsins af Rochester, skálds frá 17. öld sem er einkum kunnur fyrir klám- og niðvísur. Ekki er nóg með að Malkovich leiki Karl Englandskonung af stakri snilld heldur framleiddi hann myndina í félagi við aðra og átti stóran þátt í því að hún varð að veruleika.

5. In the Line of Fire (1994). Útbrunninn leynipjónustumaður fær það hlutverk að vernda Bandaríkjaforseta fyrir morðóðum geðsjúklingi. Malkovich fær einstakt tækifæri til að bregða sér í ólíklegustu gervi sem launmorðinginn Leary. Hann hlaut einróma hrós fyrir og aðra óskarsverðlaunatilnefningu að auki.



JOHN MALKOVICH FER LÍKA Á KOSTUM Í KVIKMYNDINI CON AIR (1997).

VISSIR ÞÚ

... að Tsunami þýðir flóðbylgja en orðið þýðir upphaflega hafnaralda?

... að hæsta þekkt flóðbylgja var 524 metrar á hæð?

... að sú flóðbylgja gekk á land í Lituya firði í Alaska í Bandaríkjunum árið 1958?

... að gríðarlegt skriðuhlaup olli flóðbylgjunni?

... að flóðbylgjan fór yfir hafið á 160 kílómetra hraða á klukkustund?

... að flóðbylgjan var það há að hún hefði kaffært hina 449 metra háu Empire State byggingu í New York sem þá var hæsta bygging jarðar?

... að hæsta sjávaralda sem mælst hefur var 34 metrar frá rótum að toppi?

... að þessi alda myndaðist í fellibyl árið 1933 á Kyrrahafinu þar sem vindhraðinn náði 126 kílómetrum á klukkustund?

... að kyrrsævi Þanghafsins í norðanverðu Atlantshafi er víðfeðmasta kyrrsævi jarðar?

... að kyrrsævið er um 6,2 milljónir ferkílómetra?

... að ládeyða Þanghafsins er slík að þanggróður hefur vaxið þar óhindrað og þekur nú mestallt yfirborð þess?

... að árið 1953 hækkaði sjórinn um 16,6 metra á stórstreymi við Leafvog í Kanada og er það talinn vera mesti munur á flóði og fjöru sem mælst hefur?



HÚSGAGNAVERSLUN



William
Þýsk hágæða borstofuhúsgögn

Borðstofuborð: B:140 H:75 D:90sm. + 2x45 sm. st. Verð: 59.800,-
Borðstofuborð: B:180 H:75 D:90sm. + 2x45 sm. st. Verð: 69.800,-
Glerskápur 2ja dyra: B:112 H:203 D:45sm. Verð: 139.800,-

Glerskápur 3ja dyra: B:165 H:203 D:45sm. Verð: 199.800,-
Skápur m. viðarhurðum: B:112 H:141 D:45sm. Verð: 109.800,-
Stóll: Verð: 19.500,- / Stóll m. örmum: Verð: 23.500,-



mod: 3032
3+1+1: 269.800,- / Leður, hvítt og svart.



mod: 3053
3+1+1: 179.900,- / Leður, hvítt og svart.



mod: 601
3+1+1: 249.800,- / Leður, hvítt og svart.



mod: 625
Hornsófi: 229.900,- / Leður, hvítt og svart.

Öndvegi húsgagnaverslun, Síðumúla 20, sími 568 8799, www.ondvegi.is - ondvegi@ondvegi.is / Opið virka daga 10-18, laugardaga 11.16.

allt
ferðir

Alla miðvikudaga
og laugardaga



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opíð virka daga kl. 9-18

HVERFISGATA - GLÆSIÞÚÐIR



Vorum að fá í einkasölu nokkrar nýjar glæsiþúðir í miðbænum. Íbúðirnar eru allar nýjar, búnar vönduðum innréttingum og gólfefnum. **Verð frá 29,9 millj.**

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á lóðunum Fossnes 16 og 18 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Suðurlandsvegi (þjóðvegi 1) og Árbæjarvegi og grænu beltí á sveitarfélagsmörkum Ölfus við bæinn Hátún. Deiliskipulagssvæðið er 9,0 ha að stærð.

Lóðin hefur tvær aðkomur frá Fossnesi, eina frá Árbæjarvegi og eina frá Suðurlandsvegi. Á lóðinni sem er 65.370 m² að stærð er gert ráð fyrir tveim byggingum annars vegar Fossnes 16 með verslun og þjónustu og hins vegar Fossnes 18 með verslun, þjónustu og bensinstöð. Eitt bílastæði skal vera á lóð fyrir hverja 35 m² birts flatarmáls byggingar. A.m.k. eitt prósent stæða skal vera bílastæði fyrir fatlaða.

Á lóðinni Fossnes 16 er hámarks flatarmál bygginga 27.800 m² og hámarkshæð bygginga 10 m. Tveir auglýsingarturnar á lóð nr. 16, við Árbæjarveg 25 m² og 12 m hár og annar Fossnes 16 m² og 12 m hár. Á lóðinni Fossnes 18 er hámarks flatarmál bygginga 824 m² og hámarkshæð bygginga 6 m. Auglýsingarturn bensinstöðvar

8 m² að flatarmáli og mesta hæð 12 m. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0.44.

Teikningar og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 02. nóvember til og með 30. nóvember 2006.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 14. desember 2006 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 30. október 2006.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

ÞORLÁKSGEISLI 5-7 - 113 RVK - OPIÐ HÚS Í DAG



Aðeins 7 íbúðir eftir í þessu nýja húsi.

7 íbúðir í vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu í þessu vinsæla hverfi í Grafarholti. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja og skilast með flísalögðu baðherbergi og þvottahúsgólfi, en annars án gólfefna. Innréttingar og skápar eru með spónlagðri eik frá HTH/Ormsson. Stáltæki eru frá AEG. Stæði í bílskýli fylgir flestum íbúðum. Svalagólf skilast flísalögð. Húsin afhendast fullbúin að utan, lóð fullbúin svo og bílastæði. Traustur byggingaraðili JB byggingafélag ehf sem byggt hefur fjölmargar byggingar við góðan orðstír.

Opið hús í dag, fimmtudag á milli kl 17-18.

Júlíus sýnir og gefur upplýsingar í síma 823 2600.



STÓRBORG
fasteignasala

Kirkjustétt 4 :: 113 Rvk :: Sími 534 8300 :: Fax 534 8300 :: www.storborg.is
storborg@storborg.is :: Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



www.minnsirkus.is



Takk

FYRIR AÐ HLUSTA!

Ný könnun - aldrei vinsælli
Samkvæmt nýjustu dagbókarkönnun
Capacent - Gallup* er FM957 lang-
sterkasti miðill ungs fólks í dag.
Þetta er mikil hvatning fyrir FM957
og við þökkum hlustendum okkar
fyrir að taka þátt og standa
með okkur.

FM957

CoolBrands

FM957 sigurvegari
COOLBRANDS 2006!

* FM957 er með 37% uppsafnaða hlustun hjá Íslendingum á aldrinum 12-80 ára!

F100181A

ÓMÓTSTÆÐILEGT
ÁSKRIFTARTILBOÐ
650 KR. Á MÁNUÐI*

Fyrsta tölublaðið frítt og
tappatogari fylgir með!

Áskrift á www.bistro.is
eða í síma: 550 5060

bístró

1.tbl. 2006, verð 950 kr. m. vsk.

tímarit um mat & vín

*Leikið að litum
Músikalskur matur
Til á tíu*



Bístró - sæta blaðið kemur út í dag!
NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!

Sæta blaðið

Bragðgóðar minningar & Blindsmakk á vínunum
Exótískir eftirréttir & Hunang, ostur og ávextir

Allt er gott sem endar á súkkulaði – kökur, kræsingar og fróðleikur



Síminn

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | VODAFONE

Í KVÖLD KL. 21:15
**STÆRSTU
LEIKIRNIR ERU
FRAMUNDAN**
10. ÞÁTTUR AF 16

SYN
besta sætið



STUÐ MILLI STRÍÐA Stóra Búkollumálið

ROALDI EYVINDSSYNI FINNST AÐ BANNA EIGI SKÓLAFERÐALÖG Í SVEITINA



Mál málanna í dag eru hvalveiðar og virðast menn seint ætla að komast að einni niðurstöðu í þeim efnum.

Nú virðist annað stórmál er varðar dýraríkið í uppsiglingu. Maður nokkur hringdi í Þjóðarsálina í vikunni og var svo mikið niðri fyrir að hann vissi varla hvernig hann átti að bera upp erindi sitt. Eftir nokkurt hik greindi hann frá því að hann hefði um síðustu helgi farið með unga dóttur sína í bíó að sjá teiknimyndina Bæjarhlaðið (Barnyard), sem væri ekki í frásögu færandi hefðu kýrnar í myndinni ekki reynst algjörlega siðlausar.

Þegar þáttarstjórnandi bað vesalings manninn um að útskýra betur

við hvað hann ætti, stundi hann upp úr sér að kýrnar hefðu gerst óþarflega vinalegar hver við aðra. Með öðrum orðum væru beljurnar í myndinni meira en bara vinkonur! Ein kýrin var að mati mannsins sérstaklega frökk, karleg í alla staði og hagaði sér eins og versta naut! Maðurinn spurði hálfklökkur hvernig faðir ætti eiginlega að útskýra svona háttarni fyrir barninu sínu.

Mér var auðvitað brugðið við að heyra þetta enda umhugað um að vernda æsku landsins fyrir spillingaráhrifum, sem samkvæmt þessari frásögn virðist teygja anga sína víða. Mér fannst því hálfskrítið þegar ég endursagði foreldrum mínum þetta að þeir skyldu gera sér lítið fyrir og skella upp úr, með þeim

orðum að kýr sýndu oft svona tilburði á sumrin nýkomnar úr fjósinu. Þá væri talað um að þær væru yxna og naut yfirleitt sótt til að róa þær niður.

Mig rak í rokastans við að heyra þetta því ég skil ekki af hverju þessi ósömi hefur verið hafður fyrir ungdomnum öldum saman. Nú er mér skapi næst að hringja sjálfur í Þjóðarsálina og leggja til að blátt bann verði lagt við frekari skólaferðalögum í sveitina. Svo finnst mér að setja eigi reglur sem meina gæludýraeindum að eiga tvö eða fleiri dýr af sama kyni, enda aldrei að vita upp á hverju málleysingjarnir geta tekið. Hversu lengi ætla menn að býsnast yfir hvalveiðunum á meðan siðleysi af þessi tagi veður uppi?

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Keppt um bestu „ábreiðuna“

Í tilefni af 20 ára afmæli „Ammælis“ Sykurmolanna og stórtónleikum þeirra í Laugardalshöll 17. nóvember ætla Rás 2 að efna til samkeppni um bestu Sykurmola-„ábreiðuna“.

Rás 2 hvetur íslenska tónlistarmenn til að hljóðrita Sykurmola-lag að eigin vali með sínu nefi og senda Rás 2 á geisladiski fyrir 9. nóvember.

Sérstök dómnefnd hlustar og velur áhugaverðustu útgáfnar sem verða svo settar á vef Popplands www.ruv.is/poppland og það er síðan íslenska þjóðin sem velur besta lagið. Sigurvegarinn fær í verðlaun flugmiða fyrir fjóra til einhvers af áfangastöðum Ícelandair í Evrópu, auk miða á tónleikana með Sykurmolunum í Höllinni. Einnig verður sigurvegarinn boðið út að borða á veitingastaðinn Vox. Verðlaunin verða afhent í beinni útsendingu í Popplandi á tónleikadag, 17. nóvember.

SYKURMOLARNIR Sykurmolarnir spila í Laugardalshöll 17. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þriðja plata My Chemical Romance

Bandaríska hljómsveitin My Chemical Romance hefur gefið út sína þriðju plötu, sem nefnist The Black Parade. My Chemical Romance var stofnuð í New Jersey árið 2001 af þeim Gerard Way, Mikey Way, Bob Bryar, Frank Iero, og Ray Toro. Síðasta plata sveitarinnar, Three Cheers for Sweet Revenge, seldist í tveimur milljónum eintaka og kom sveitinni rækilega á kortið.

Upptökustjóri nýju plötunnar var Rob Cavallo sem hefur áður unnið með Green Day. Hefur plötunni verið lýst sem blöndu af rokki, pönki og poppi.



MY CHEMICAL ROMANCE Bandaríska rokksveitin er að gefa út sína þriðju plötu.

Fyrsta smáskífulagið, Welcome to the Black Parade, hefur náð miklum vinsældum í Bretlandi að undanfögnu.



ELIZABETH TAYLOR Leikkonan fræga er ekki á leiðinni upp að altarinu.

Gifting ekki í vændum

Leikkonan Elizabeth Taylor hefur vísað á bug sögusögnum um að hún ætli sér að ganga upp að altarinu í nýnda sinn.

Taylor, sem er 74 ára, segist ekki eiga í sambandi við Firooz Zahedi sem var ljósmyndari hennar á áttunda áratugnum, hvað þá heldur ætla að giftast honum.

Taylor var tvívegis gift breska leikaranum Richard Burton. Hún var síðast gift Larry Fortensky en þau skildu árið 1996 eftir fimm ára hjónaband.



BRÍET SUNNA Söngkonan Bríet Sunna er að gefa út sína fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Fyrsta plata Bríetar

Fyrsta sólóplata Idol-stjörnnar Bríetar Sunnu Valdemarsdóttur er komin út. Lagið „Bara ef þú kemur með“ hefur verið eitt vinsælasta lag sumarsins og er það að sjálfsögðu að finna á plötunni.

Meðfram því að vinna við gerð plötunnar hefur Bríet Sunna skemmt vítt og breitt um landið og fengið góðar viðtökur hvar sem hún hefur komið.

Einn færasti upptökustjóri landsins, Óskar Páll Sveinsson, stýrði upptökum á plötunni. Hljóðfæraleikarar eru þeir Jóhann Hjörleifsson, Guðmundur Pétursson, Þórir Úlfarsson og Valdimar Kolbeinn Kristinsson.

Bríet Sunna syngur næst í Vestmannaeyjum á laugardaginn á hinu árlega verslunarmannaballi Eyjaskeggja.

Dekraðu við þig og gesti þína

Ljúffengar Mini Brownies með unaðslegri, mjúkri súkkulaðifyllingu er frábært að bera á borð fyrir gesti eða þegar þú vilt dekra við þig.

Unaðsleg, mjúk súkkulaðifylling

Göteborgs

VATIKANÍÐ

Útgáfu fagnað

Forlagið Nýhil heldur útgáfufagnað í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld þar sem þrír höfundar munu lesa úr splunkunýjum skáldsögum sínum.

Haukur Már Helgason les úr bókinni Svavar Pétur og 20. öldin og Bjarni Klemenz úr bók sinni Fenrisúlfr en þetta eru fyrstu skáldsögur þeirra beggja. Auk þess les Eiríkur Örn Norðdahl úr bók sinni Eitur fyrir byrjendur, en hann hefur áður gefið út skáldsöguna Hugsjónadrusluna.

Meðlimir hljómsveitarinnar móm munu spila ljúfa tóna af skífum milli upplestra en kynni er Ingibjörg Magnadóttir. Óttar Martin Norðfjörð kynnir að auki væntanlega ljóðabók sína og



HAUKUR MÁR HELGASON Gefur út sína fyrstu skáldsögu, Svavar Pétur og 20. öldin, hjá Nýhil.

fyrsta bindi ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.

Húsið verður opnað kl. 20 og hefst dagskráin hálf tíma síðar.

Næsta Who-plata

Fyrstu dómar tóku að birtast í gær um nýjan disk bresku hljómsveitarinnar Who en hann ber yfirskriftina Endless Wire og er fyrsta safn nýsmíða sem kemur frá hljómsveitinni í 24 ár. Raunar eru aðeins tveir af upphaflegu hljómsveitarmönnum á lífi, Keith Moon og John Entwistle, eru báðir látnir og verður engu kennt um ótímabært andlát þeirra en ofneyslu áfengis og annarra vímuefna. Á lífi eru þeir Pete Townshend og Roger Daltrey. Á disknum nýja eru níu lög, þar af tíu mínútna ópus sem kallast Wire and Glass. Bandarísku útgáfunni fylgir dvd-diskur með tónleikum þeirra frá liðnu sumri í Lyon, en hér á landi verður hann án þess viðauka.

Bæði gagnrýnandi Washington Post og Boston Globe eru hrifnir af verkinu og segja þá félagafi framfarast flestum jafnaldra hljómsveitum frá sjöunda áratugnum sem enn eru að – eða í öndunarfélum. Telja þeir upp fjölda laga sem hafa í sér gamla neistann sem sé til vitnis um að þeir félagar séu enn í þróun og síður en svo staðnaðir. Gagnrýnandi Times er ekki hrifinn og gefur disknum fjórar stjörnur, segir frægan raddstýrk Daltreys ekki svip hjá sjón og verkið standi langt að baki þeirra bestu verkum fyrr á tíð.

Who var ein af unglíngahljómsveitunum sem fram komu á miðjum sjöunda áratugnum í Bretlandi og áttu þeir hvað mestum vinsæld-



TÓNLISTTVEIR ROKKARAR Á SJÖTUGSALDRI Roger Daltrey og Pete Townshend.

um að fagna er rokkóperan Tommy kom út en hún var síðar kvikmynduð. Þeir gáfu út fjölda lagsafna og telja margir verk þeirra frá 1971, Who's Next, vera eina bestu rokkplötu allra tíma.

Von mun á Endless Wire í allar betri hljómlötuverslanir í dag.

pbb@frettabladid.is

NÝJAR BÆKUR



Einn helsti sagnamaður þjóðarinnar, Einar Már Guðmundsson, hefur sent frá sér nýja ljóðabók: Ég stytta mér leið framhjá dauðanum.

Síðasta ljóðabók hans, Í auga óreiðunnar, kom út árið 1995. Einar sló fyrst í gegn sem ljóðskáld með bókunum Er nokkur í kórónafötum hér inni? og Sendisveinninn er einmana. Ári síðar kom út Róbinson Krúsó snýr aftur, árið 1991 sendi Einar frá sér ljóðabókina Klettur í hafi sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og árið 2002 komu þessar fimm bækur út saman í einni bók, Ljóð 1980-1995. Bókin hefur þegar verið seld til Danmerkur þar sem hún mun koma út næsta vor í danskri þýðingu Eriks Skyum Nielsen.



Nýjasta ljóðabók Vésteins Lúðvíkssonar, Sumir láta einsog holdið eigi sér takmörk, kom út hjá forlaginu Bjarti á dögnum. Vésteinn olli vissum vatnaskilum í íslenskum bókmenntum með skáldsögum sínum og smásögum á áttunda áratugnum. Hann kvaddi sér síðan hljóðs að nýju eftir langt hlé með ljóðabókinni Úr hljóðveri augans sem Bjartur gaf út árið 2003. Árið eftir fylgdi bókinn Svona er að eiga fjall að vini.

allt heimili
Alla fimmtudaga

Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði!



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Böðlar okkar og fórnarlömb

Undantekningin er ekki auðveld aflestrar þó þýðing Ólafar Eldjárn á þessari dönsku skáldsögu sé hreint afbragð eins og við var að búast af jafn ágætum þýðanda, sem ofan í kaupið er vel að sér um danska hugsun og siði. Sagan er löng, nær sexhundrað síður, og þó íslenskum lesenda finnst um margt nóg um það menntamanna-samfélag sem hún lýsir, þá er margt í sögunni sem hæglega má heimfæra upp á hvaða vestrænt samfélag sem er.

Sagan náði mikilli athygli þegar hún kom út í Danmörku. Höfundurinn, Christian Jungersen, hafði þá verið vonarpeningur í nokkurn tíma eftir fyrstu sögu sína, Krat. Ein skýring þess er að Undantekning teygir sig inn á þrjú svið sem duga til að vekja athygli. Hún er fantavel sögð og rekur samhliða atburðarás frá fjórum sjónarhornum, inn í söguna er skotið köflum sem kryfja sögu þjóðernisofsókna í Evrópu á liðinni öld og hafa á sér yfirbragð sagnfræðitexta. Eftir því sem lengra á söguna líður verða þessir rannsóknartextar sem eru skrifaðir af einni sögupersónunni, Iben, æ nærgöngullí í greiningu sinni á orsök og eðli eineltis af þeirri stærðargráðu að heilu þjóðirnar eru í hættu. Í þriðja lagi er sagan í eðli sínu spennusaga og þar liggur raunar eini galli hennar: endalokin verða full mikið í þeim stílnum.

Undantekningin er merkilegt verk. Höfundurinn sýnir ótrúlega innsýn í mannlegt eðli og skapar fullkomlega trúverðuga mynd af stöðu þeirra fjögurra kvenna sem eru í miðju sögunnar. Jafnframt tekst honum í gegnum þeirra sjónarhorn að varpa skýru ljósi á sögu fleiri aðila sem að atburðarásinni koma.

Fléttan er síður en svo einföld en hana má draga saman: Í sjálfs-

eignarstofnun sem vinnur að heimildasöfnun og rannsóknum á þjóðarhrensunum starfa fjórar konur. Tvær þeirra eru vinkonur frá fornu fari. Iben er nýsloppin úr höndum mannræningja í Afríku þar sem hún var að störfum. Magdalena, fornvinkona hennar er vöðvagtarsjúklingur. Camilla var eineltisfórnarlamb úr barnaskóla, Anna Lise býr við mesta einangrun á skrifstofunni þar sem hún er lokuð af á bókasafni rannsóknastöðvarinnar. Sagan lýsir ekki síður persónulegu lífi þeirra, hleypur fram og aftur í tíma og lesandi raðar smátt og smátt saman í huga sér heildarmynd sem stenst ekki til fulls, því stöðugt bætast við nýir bútar sem riðla því sem fyrir er í minni lesandans.

Það sem kemur sögunni á hreyfingu er nafnlausir og í fyrstu órekjanlegir tölvupóstar sem þær stóllur fá hver á fætur annarri. Í þeim felast gildisdómar um inn-ræti þeirra og jafnvel ógn. Þessar sendingar kveikja grunsemdir um heilindi og áður en langt er komið í sögunni er komið í gang einelti á vinnustaðnum sem hrindir öllum, bæði gerendum og þolendum, í örvæntingu. Þannig eru tvær hliðstæðar línur meginefni í þræðinum, lýtur önnur að einelti á vettvangi sögu Evrópu en hin að starfsvettvangi kvennanna.

Það er meistaralega vel haldið á öllum þessum þráðum og lesandinn er lokkaður áfram í lestrinum af stöðugt meiri undrun og ógn: hversu langt er manneskja reiðubúin að ganga til að svala illsku sinni? Stafar hættan utan frá eða innan frá? Býr slík illska í okkur öllum? Og niðurstaða höfundarins er skýr.

Undantekningin er afbragðs saga. Hún reyndist þessum lesara nokkuð seintekin en varð er fram



BÓKMENNTIR

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Undantekningin eftir Christian Jungersen

Útgefandi: Mál og menning.

Þýðing: Ólaf Eldjárn

Niðurstaða: Kænlega saminn spennusaga með djúpa greiningu á mannlegu atferli í kyrru samfélagi norðurlanda

leið sögunni ógnarspennandi og raunar með þeim sjaldgæfa snúnungi sem einkum er iðkaður af handritshöfundum kvikmynda að skilja lesanda eftir í lausu lofti án klárrar niðurstöðu.

Það er enginn svikinn af lestri þessa verks sem birtist í íslenskrum þýðingu með styrk þriggja sjóða, Nordbok, Þýðingarsjóði og Norræna þýðingarsjóðnum.

Undantekningin færir lesendum sínum aukinn skilning og þroska, þekkingu á eðli eineltis og sögu, og fólki yfirleitt. Þetta er merkileg bók með reyfaralegum endi.

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:

KRINGLUKRÁIN
VESTMANNAEYJAHELGI

Hljómsveitin
LOGAR
Föstudags- og laugardagskvöld

PRAYPA
BREAKBEAT.IS
Í KVÖLD

KALLI, EWOK, BJÖSSI NIGHTSHOCK
trylla lýðinn

Heineken.is
Allt um djammið

Ein elsta og mesta rokkhljómsveit landsins

Logar

Eyjastuð... frá Vestmannaeyjum

á Kringlukránni

föstudaginn 3. nóvember
og laugardaginn 4. nóvember

Café/Restaurant
KRINGLU
KRÁIN
- á góðri stund

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566

Baðlegur!!
sturta.is

VEIKO
ÞJÓÐARSALIN

EIN LEIKHÚSÍÐ
Landsbankinn

MIDAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Fös. 3. nóv. kl.20 - Nokkur sæti laus
Lau. 4. nóv. kl.20
Sun. 5. nóv. kl.20
Fös. 10. nóv. kl.20

Þetta er ein sú besta, ef ekki besta sýning sem ég hef séð! Eirún Sigurðardóttir myndlistarmáður

ATH. hláðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is

Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi

Sýnt í lænó

**BEST
Í HEIMI**

Laugardagur	4. nóv.
Sunnudagur	5. nóv.
Föstudagur	10. nóv.
Laugardagur	11. nóv.
Laugardagur	18. nóv.
Sunnudagur	19. nóv.

Miðasala er opin virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20

NASA

FÖSTUD. 3. NÓV. 2006

TECNO.IS KYNNIR
EXOS KVÖLD

DJ LUCCA

EINN HEITASTI OG FÆRASTI
KVENPLÖTUSNÚÐUR HEIMSINS

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

LAUGARD. 4. NÓV. 2006

STÓRDANSLEIKUR

PAPAR

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1000 KR
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS

PAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

REYKJAVIK.COM

REYKJAVIKMAG

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
- smáauglýsingar sem allir sjá



SEIGLA Gibson gaf ekkert eftir við tókur á Apocalypto og notfærði sér nýjustu tökuvélina frá Panavision sem þykki mikið tækniundur.

Gagnrýni á mannfórnir

Hvað hefur Mel Gibson verið að gera undanfarin tvö ár? Leikarinn vingjarnlegi birtist allt í einu á forsíðum blaðanna, draugfullur, óskrandi ókvæðisorðum að gyðingum. Nýjasta mynd hans, Apocalypto, á því vafalítið eftir að vekja töluverða athygli enda hefur Gibson lýst því yfir að hún sé gagnrýni á þær mannfórnir sem vestræn samfélög eru tilbúin að færa fyrir siðmenningu sína.

Apocalypto fjallar um ungan mann sem reynir að bjarga sér



DULARFULLT SAMFÉLAG Maya-samfélagið var leyndardómsfullt og er myndin öll leikin á fornri tungu samfélagsins

undan sársaukafullum dauðdaga og hafa kvikmyndaspekulantar líkt söguþræðinum við blöndu af Mad Max og Leathal Weapon í framandi umhverfi. Myndin er öll leikin á fornri tungu may-veldisins en leikstjórinn sagði í samtali við kvikmyndavefinn Movieweb.com að það hefði ekki reynst honum erfitt. „Enda ekki mikið talað í myndinni,“ útskýrði Gibson og upplýsti jafnframt að hann hefði farið víða um Suður-Ameríku til að leita að leikurum í myndina. „Það tók mikið á að finna rétta fólk og fram á síðasta dag vorum við ekki einu sinni komin með kóng,“ útskýrir Gibson.

Leikstjórinn segir að meiðsli og hiti hafi sett stórt strik í reikninginn en í upphafi var gert ráð fyrir að tókur stæðu yfir í fjóra mánuði, þegar yfir lauk höfðu Gibson og hinir 800 aukaleikarar verið að í átta mánuði. Apocalypto verður frumsýnd í Bandaríkjunum 8. desember.

Brjálæðingurinn Borat

Kvikmyndin Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan verður frumsýnd á morgun en þessi fréttamaður frá Kasakstan hefur gert allt brjálæð með súrum húmor sem virðist eiga upp á pallborðið víða.

Mikið hefur verið skrifað um þessa persónu breska grínistans Sasha Baron Cohen sem birtist fyrst í þætti hjá annarri persónu Cohen, Ali-G. Borat gerir í því að ögra viðmælendum sínum með heimskulegum athugasemdum um málefni sem alla jafna eru eldfim og viðkvæm. Borat er því kannski fyrst og fremst öfgafull gagnrýni á pólitíska réttshugsun.

Á skrautlega fjölskyldu

Á wikipediu.org er að finna fróðlega upplýsingar um Borat, persónu sem ekki einu sinni er til í raunveruleikanum. Þar er hann sagður hafa fæðst í árið 1972 í smáborginni Kuzcek og hefur Borat margt lýst því yfir að hann sé „einn af sjö frægustu mönnum Kasakstan“. Borat er samkvæmt heimasíðu kappans sonur nauðgarans Boltok og er systir hans Natalya vændiskona í heimalandinu. Borat stærir sig oft af því í viðtölum að systir hans hafi verið kosin fjórða besta vændiskona landsins og sú sjötta besta í munnmökum. Bilo, bróðir Borat, er ekki síður skrautlegur en samkvæmt wikipediu er hann ekki heill á geði. „Við opnuðum því hausinn á honum og létum fisk éta hina illu enda en það endaði með ósköpum og nú er Bilo þroskaheft-



BORAT Þessi kolgeðveiki blaðamaður hefur kítlað hláturtaugar heimsbyggðarinnar með heimskulegum og goddaralegum húmor.

ur,“ sagði Borat við fjölmiðla.

Stjórnvöld í Kasakstan hafa horn í síðu þessa blaðasnáps, hótad honum lögsókn og keypt auglýsingar í New York Times þar sem þeir áréttuðu að allt sem kæmi fram í myndinni um Kasakstan væri uppspuni frá rötum. Þegar forseti landsins Nursultan Nazarbayev heimsótti Bandaríkin bar kvikmynd Borats á góma en viti menn, Borat sjálfur mætti og bauð hinum „virðulega stríðsherra George Bush“ í bió ásamt Mel Gibson og O. J. Simpson. Þeir sem hafa séð myndina segja lýsingar Borats á heimalandi sínu vera svo fjarri lagi að þær séu ef til vill gagnrýni á viðhorf hins vestræna heims á öðrum heimshlutum. Kannski að þetta sé líka bara gott grín.

Sögulegir tökudagar

Sögurnar af tókunum á myndinni eru ansi skrautlegar en Sasha Baron fór aldrei úr karakter á

meðan á þeim stóð. Kvikmynda-tökuliðið var meðal annars handtekið alls fimmtíu sinnum en Baron hætti aldrei að vera Borat. Allir þeir sem koma fyrir í myndinni tölu nokkuð öruggt að andlit þeirra myndu aldrei sjást á hvíta tjaldu en skjalið sem viðmælendurnir skrifuðu undir var svo flókið og langt að enginn nennti að lesa það til enda auk þess sem tókuliðið lét allan tímann eins og það væri frá Kasakstan. Flestir héldu því að myndefnið yrði eingöngu sýnt þar í landi.

Borat birtist hins vegar ekki aftur þegar öllu fárinu er lokið, stjórnvöldum í Kasakstan vafalítið til ómældrar gleði, því Sasha Baron Cohen hefur gert þriggja milljarða krónu samning við Universal kvikmyndaverið um dreifingu á sinni nýjustu mynd sem fjallar um samkynhneigðu tiskulögguna Bruno. Persóna sem vafalítið á eftir að vekja engu minna umtal en sjálfur Borat.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



The Last Kiss
Internet Movie Database = 6,7/10
Rotten Tomatoes = 45%/Rotin



Borat
Internet Movie Database = 8,3/10
Rotten Tomatoes.com = 91%/Fersk

Ný mynd um Che

Bandaríski leikstjórinn Steven Soderbergh ætlar að gera tvær myndir um argentíska byltingaleiðtogann Che Guevara. Reiknað er með að Benico del Toro leiki Che en aðrir leikarar sem hafa verið nefndir til sögunnar eru Javier Bardem, Frank Potente og Benjamin Bratt.

Fyrri myndin fjallar um þá atburði sem áttu sér stað þegar Che og Fidel Castro komu til Kúbu árið 1956 en seinni myndin er um ferðalag hans til New York þegar Che talaði á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1964.



STEVEN SODERBERGH
Gerir tvær myndir um Che Guevara.

Helmingurinn af ánægjunni



KEF KHT3005

Njóttu til fulls ánægjunnar af því að horfa á gott sjónvarp með **KEF** heimabíói.

KEF hefur þróað þá einstöku tækni að staðsetja „**tweeter**“ hátalarann í miðju bassa-hátalarans. Hljómurinn hefur því eina uppsprettu, í staðinn fyrir tvær, eins og í hefðbundnum hátölurum.



KEF

Fyrir vikið stækkar sæti bletturinn heima hjá þér (**sweet spot**) og hljómurinn dreifist um mun stærra svæði í rýminu.

KEF hefur einkaleyfi á þessari tækni og kallar hana „**Sit-anywhere Uni-Q**“ tækni. Hljómurinn verður jafnari (hljóðdreifing, ekki hávaði) og upplifunin á bæði mynd og hljóði verður öll miklu betri.

Fyrir utan háþróaða tækni hefur **KEF** lagt mikla áherslu á glæsilegt útlit, nútímalega og stílhreina hönnun sem fyrir marga er hinn helmingurinn af ánægjunni.

IIFA AWARD Best Product 2006-2007

HATAEKNI


Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

30% afsláttur af nýjum bókum



30%
afsláttur

TILBOÐ
2.786 kr
Bókatíðindaverð
3.980,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.283 kr
Bókatíðindaverð
4.690,-




30%
afsláttur

TILBOÐ
2.793 kr
Bókatíðindaverð
3.990,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.276 kr
Bókatíðindaverð
4.680,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.276 kr
Bókatíðindaverð
4.680,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.283 kr
Bókatíðindaverð
4.690,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.486 kr
Bókatíðindaverð
4.980,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
1.883 kr
Bókatíðindaverð
2.690,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
1.043 kr
Bókatíðindaverð
1.490,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.136 kr
Bókatíðindaverð
4.480,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.283 kr
Bókatíðindaverð
4.690,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
3.136 kr
Bókatíðindaverð
4.480,-



30%
afsláttur

TILBOÐ
1.743 kr
Bókatíðindaverð
2.490,-

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 5. nóvember 2006.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Leið yfir þrjá á Saw

Starfsfólk kvikmyndahúsa í Bretlandi þurfti að hringja á sjúkrahúsi þrisvar sinnum sömu nóttina eftir að það leið yfir nokkra sem voru að horfa á hryllingsmyndina Saw III.

Kona var flutt á sjúkrahús og tveir menn til viðbótar eftir að hafa fallið í yfirlið á myndinni. Hafa heilbrigðisstarfsmenn varað viðkvæmt fólk við því að fara á myndina.



SAW Hryllingsmyndin nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir.

Saw III, sem fjallar um raðmorðingja sem pyntar fólk, er vinsælasta myndin í Bretlandi og Bandaríkjunum um þessar mundir.



NICOLE RICHIE Eitt besta dæmið um grannvaxna leikkonu sem gengið hefur of langt í megruninni.



KATE BOSWORTH Var ósköp sæt þegar hún byrjaði að leika í kvikmyndum. Þótt að hún hafi nú ekki ófrikkað er greinilegt hve beinaber hún er.



ÞÁ Keira Knightley skaust upp á stjörnuhimininn í kvikmyndinni „Bend it like Beckham“ þar sem hún þótti bera af í leik og vera ímynd hins heilbrigða unglings.



Í DAG Litur Keira Knightley svona út og brá mjög mörgum í brún þegar hún kom klædd í þessum kjól á frumsýningu í sumar. Þykir hún ekki lengur góð fyrirmynd.

Í TÍSKU AÐ VERA GRANNUR

Ekki er langt síðan því var lýst yfir að magrar fyrirsætur væru ekki lengur eftirsóttar. Þetta virðist ekki eiga við í Hollywood þar sem fremstu leikkonurnar verða grennri með hverri mynd sem þær leika í.

Í árunna rás hefur útlitsdýrkun nútímasamfélagsins breyst og aukist. Helst má það sjá á Hollywood-stjörnunum sem virðast verða grennri og grennri með árunum. Það er greinilegt að það er svalt að vera sem grennstur í englaborginni ef markja má útlit leikkvonnanna sem vinsælastar eru um þessar mundir. Hinar kvenlegu línur eiga víst ekki upp á pall-

borðið hjá kvikmyndaframleiðendum vestanhafs og hafa leikkonurnar lýst því yfir að mikil pressa sé á þeim að líta vel út. En er fallet að vera með útstæð bein og innfallinn maga? Er þetta ekki komið langt út fyrir almenna skynsemi?

Hin nýja kynslóð leikkvonna í Hollywood virðist vera þeirra skoðunar að því grennri sem þær eru því betra. Leikkonur á borð við Kate Bosworth, Lindsay Lohan, Keiru Knightley og síðast en ekki síst Nicole Richie, sem hefur vakið mikla athygli fyrir grannan vöxt sinn, eru góð dæmi um þessa þróun. Ef litið er á gamlar og nýjar myndir af þessum stöllum sést að útlit þeirra hefur breyst til muna á stuttum tíma og eru þær meira í ætt við gangandi beinagrindur en hraustlegar ungar stúlkur.

Nú hafa leikkonurnar Scarlett Johansson og Kate Winslet sagt útlitsdýrkuninni í Hollywood stríð á hendur og segjast aldrei ætla að fara í megrun fyrir hlutverk í bíómynd. Þær hafa meðal annars sagst vera ánægðar með sinn kvenlega vöxt og vilja þær vera ungun stúlkum góðar fyrirmyndir. En grindhoruðu leikkonurnar hafa greinilega mikil áhrif, enda eykst tíðni átröskunarsjúkdóma geigvænlega.

alfrun@frettabladid.is

SCARLETT JOHANSSON Leikkonan hefur lýst útlitsdýrkun og grönnum leikkonum stríði á hendur. Hún hefur ásamt stóllu sinni Kate Winslet fordæmt þessa þróun.



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótör Verð áður kr. 24.600

Tilboð: **Kr. 15.990**

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:

- Hebafilter sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- Kolafilter sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- Parketbursti úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.
- Fæst í rauðu og dökkbláu.

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

**35%
AFSLÁTTUR**

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is



HÉLT FRAMHJÁ Witherspoon neitar að hlusta á afsökunarbeiðni Phillippes vegna framhjáaldsins og vill tafarlausan skilnað.

Ryan hélt framhjá Reese í Texas

Nú hafa nýjar upplýsingar borist varðandi skilnað leikaranna Ryans Phillippe og Reese Witherspoon sem var gerður opinber í vikunni. Phillippe á að hafa haldið framhjá Witherspoon með samleikkonu sinni, Abby Cornish. Þau leika saman í kvikmyndinni „Stop Loss“ en Abby er þekkt áströlsk leikkona. Framhjáhaldið átti sér stað á meðan tókur stóðu í Texas og segjast sjónarvottar meðal annars hafa séð þau tvö saman úti að borða, samkvæmt blaðinu National Enquirer.

Phillippe var gripinn glóðvolgur þegar Witherspoon komst í tölvupóst hans og las þar bréf stílað á Abby sem innihélt ástaryfirlýsingar. Hún mun hafa tafarlaust sett sig í samband við stjörnulögfræðinginn Robert Kaufman þrátt fyrir afsökunarbeiðni Phillippes.

Hjónakornin voru gift í sjó ár og var samband þeirra talið með þeim traustari í Hollywood. Ekki er þetta þó í fyrsta sinn sem kvæntir leikarar falla fyrir mót-



HJÓNABANDSDJÖFULL Hin ástralska Abby Cornish mun víst hafa heillað Phillippe upp úr skónum við tókur á myndinni „Stop Loss“.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

leikkonum sínum og þykja það tíðar fréttir í Los Angeles. Þekktasta dæmið eru Brad Pitt og Angelina Jolie en þau kynntust við tókur á myndinni „Mr. and Mrs. Smith“ á meðan Pitt var enn kvæntur Jennifer Aniston.



MICK JAGGER Söngvari Rolling Stones þarf að passa vel upp á röðdina á næstunni.

Mick Jagger þarf hvíld

Mick Jagger, söngvara Rolling Stones, hefur verið ráðlagt að taka sér fjögurra daga hvíld á milli tónleika til að hvíla rödd sína.

Jagger, sem er 63 ára, hefur átt við eymsli í hálsi að stríða og þarf að passa sig svo hann haldi röðinni.

Hætt hefur verið við eina tónleika Stones í Bandaríkjunum og nokkrum hefur tónleikum verið frestað s.

Vegna vandamála Jagers þurfti sveitin einnig að fresta nokkrum tónleikum í Evrópu í ágúst síðastliðnum.



VICTORIA BECKHAM Sést hér ásamt Brooklyn syni sínum en synir hennar þrír halda að hún sé enn meðlimur í stúlknasveitinni Spice Girls.

Segist vera í Spice Girls

Fótboltafrúin og fyrrverandi kryddstúlkan Victoria Beckham segist hafa sagt sonum sínum að hún væri ennþá í stúlknasveitinni Spice Girls. Victoria segir að synirnir þrír hafi ekki haft hugmynd um hvað mamma gerði áður en hún átti þá svo hún ákvað að sýna þeim kvikmyndina Spice Girls: The movie. „Ég ákvað að sýna þeim myndina því á Spáni snýst allt um David Beckham og fótboltann. Þeir voru farnir að spyrja mig, hvað ég hefði gert áður en þeir fæddust,“ sagði Victoria í útvarpsviðtali. Brooklyn, Romeo og Cruz Beckham voru svo hrifnir af myndinni að Victoria hafði ekki brjóst í sér að segja þeim að hljómsveitin væri hætt.

En þrátt fyrir þessi ósannindi segir Victoria að það séu mjög litlar líkur á því að stúlknasveitin vinsæla komi saman á ný.



CRUZ OG CRUISE Penelope Cruz og Tom Cruise voru par í tvö og hálf ár.

Cruz vill fá Kidman

Svo gæti farið að Nicole Kidman og Penelope Cruz, fyrrverandi konur Toms Cruise, leiki saman í næstu mynd spænska leikstjórans Pedros Almodovar.

Hafa bæði Cruz og Almodovar lagt hart að Kidman að taka að sér hlutverkið. „Pedro veit að ég hef hrifist mjög af verkum Nicole. Hún er frábær manneskja,“ sagði Cruz.

Tom Cruise og Cruz hættu saman í janúar árið 2004 eftir tveggja og hálf árs samband. Hittust þau við tölur á myndinni Vanilla Sky, nokkrum vikum áður en Cruise gekk opinberlega frá skilnaði við Kidman. Neituðu bæði Cruise og Cruz því að hafa átt í ástarsambandi á meðan hann var enn kvæntur Kidman.

Tíska og tækni á opnun í Kringlunni

Á föstudaginn var blásið til kokteilboðs í Kringlunni í tilefni af opnun herrafataverslunarinnar Kúltúr menn og Apple IMC í Kringlunni. Eigendur verslananna ákváðu að slá saman í glæsilegt opunarpartí.



SKRAFAD Pormóði Jónssyni og Stefáni Hrafn Hagalín fannst mikið til búðanna koma.

Djasstónlist ómaði um ganga verslunarmiðstöðvarinnar og gestir og gangandi gátu litið augum það nýjasta á markaðnum í tísku jafnt og tækni frá Apple. Báðar búðirnar eru á annarri hæð í Kringlunni.



MARGT AÐ SJÁ Tölvurnar hjá Apple áttu allan hug Eddu Jónasdóttur og Ólafar Brekkan í boðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



ÁNÆGÐIR EIGENDUR Björn Sveinbjörnsson, Svava Johansen og Bjarni Ákason voru með bros á vör í kokteilboðinu.



GLAÐIR Í BRAGÐI Kristján Þór Gústafsson, markaðstjóri NTC, og Olgeir Lindal, innkaupastjóri Kúltúr menn, voru ánægðir með opnunina.




DJASSARAR Jóhann Pálsson og Eypór Gunnarsson léku listir sínar fyrir gesti.

NÝTT Á DVD!

DESPERATE HOUSEWIVES SERÍA 2


GLÆSILEGT 7 DISKA SAFN, STÚTFULLT AF AUKAEFNI SEM ALLAR AÐPRENGDAR EIGINKONUR ÆTTU AÐ EIGA Í SAFNINU SÍNU.



KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR.

SAMMYNDIR

GRÍPTU MED ÞÉR SERÍU 1 Í LEIDINNI.



Nýtt í bíó

MYRIN
BYGGD Á METSÖLUBOK
ARNALDAR INDRIDARSONAR

FRÉTTABLAÐIÐ 12 GLITNIR

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

JET LI'S FEARLESS
FRÁ FRAMLEIÐENDUM CROUCHING TIGER, HIDDEN DRAGON KEMUR SÍÐASTA BARDAGA-MYND SÚPERSTJÓRNUNNAR JET LI.

"...EPISKT MEISTARAVERKI!" - SALON.COM

"TVEIR ÞUMLAR UPP!" - EBERT & ROEPER

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

FEARLESS	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA
MYRIN	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.L. 12 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20
DEVIL WEARS PRADA	kl. 5.40, 8 og 10.20
DRAUGAHÚSÍÐ ISL.TAL	kl. 4 og 6 B.L. 7 ÁRA
MONSTER HOUSE ENSKT TAL	kl. 3.50 B.L. 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	kl. 8 og 10.20
GRETTIR 2 ISL.TAL	kl. 3.50

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

FEARLESS	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA
MYRIN	kl. 6, 8 og 10.30 B.L. 12 ÁRA
DEVIL WEARS PRADA	kl. 8 og 10.20
DRAUGAHÚSÍÐ ISL.TAL	kl. 6 B.L. 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	kl. 8 og 10.20
PETTA ER EKKERT MÁL	kl. 6 ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

Borgarbíó SÍMI 462 3500

MYRIN	kl. 6, 8 og 10 B.L. 12 ÁRA
SCOOP	kl. 8
TAKK FYRIR AÐ REYKJA	kl. 6 og 10 B.L. 7 ÁRA

450 kr. í bíó!

www.laugarasbio.is

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

BYGGD Á METSÖLUBOK
ARNALDAR INDRIDARSONAR

MYRIN

SYND KL. 4, 6, 8 OG 10.10

BORÐ!

Forsýnd kl. 10.10

www.laugarasbio.is



TOUCH Hljómsveitin Touch gefur á næstunni út nýja plötu.

Touch spilar á Akureyri

Hljómsveitin Touch, sem gefur á næstunni út glænýja plötu, spilar í Oddvítahúsinu á Akureyri föstudags- og laugardagskvöld.

Sveitin hitaði upp fyrir Bloodhound Gang í Höllinni í september og ætla sér að vera dugleg við spilamennsku á næstunni. Nýjasta lag Touch, Fucking Hypocrites, er nýkomið út og hefur fengið góðar viðtökur. Þeir sem vilja nálgast fleiri upplýsingar um sveitina geta kíkt á myspace.com/touch-theband.

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurgötur 64, Hafnarfjörður.

Blautur stútur og mallakútur

Sími: 565-5566

sturta.is

10% vaxtaauki!

spron
www.spron.is

Erlendir upptökustjórar bjóða fram krafta sína

Frumburður hljómsveitarinnar Shadow Parade, Dubious Intentions, er kominn út. Freyr Bjarnason spjallaði við söngvarann Begga Dan um plötuna og þann langa tíma sem hún tók í vinnslu.

Platan inniheldur ellefu lög og hefur tónlistinni verið lýst sem lágstemmdu nýrokki í líkingu við flytjendur eins og Coldplay, Radiohead, Elbow og Jeff Buckley. Þegar hafa nokkur lög af plötunni hljómað í útvarpi við töluverðar vinsældir.

Eitt ár í upptökum
Hljómsveitin annaðist sjálf upptökustjórn og upptökur plötunnar í hljóðveri sínu, Stúdíó Sorpu. Hinn reyndi hljóðmaður og upptökustjóri Óskar Páll Sveinsson sá um hljóðblöndun og eftirvinnslu. Söngvarinn Beggi Dan játar að upptökur hafi staðið allt of lengi yfir. „Ég held að upptökuferlið hafi tekið um eitt ár. Við vorum að gera þetta á kvöldin og um helgar í stúdíói sem við byggðum í kringum þetta,“ segir Beggi.

Mannlegra element
Shadow Parade var stofnuð í janúar árið 2004 af Begga og Jóni

Gunnari Margeirssyni. Upphaflega var hljómsveitin rafduétt en seinna meir bættust bræðurnir Andri og Magnús Magnússynir í hópinn og áherslan var færð á rokk og ról. Síðan þá hafa þeir Örn Eldjárn og Bjarni Margeirsson gengið til liðs við sveitina. „Við byrjuðum í lágstemmdri elektróník. Lögin sem eru á plötunni eru flest til í þeim útsetningum. Við vorum tveir í þessu þá en okkur langaði til að fá meira mannlegt element í þetta og fengum bræðurna Andra og Magna. Þá var stemningin allt öðruvísi,“ segir Beggi. „Sum lögin á plötunni eru orðin fimm til sex ára gömul. Við höfum náð að móta þau og þróa eins og við viljum hafa þau.“

Áhugasamir upptökustjórar
Þrír erlendir upptökustjórar hafa sýnt Shadow Parade áhuga og vilja taka upp næstu plötu sveitarinnar. Á meðal þeirra er Andy Johns sem hefur unnið með frægum sveitum á borð við Led Zeppelin við plötuna IV og The Rolling Stones er þeir gerðu Exile on Main Street. Einnig hefur hann m.a. unnið með Jimi Hendrix, Rod Stewart og Van Halen. Hinir tveir upptökustjórar hafa unnið með stórum nöfnum á borð við Korn, Metallica, Guns N' Roses og Low. „Við erum að hugsa um að gera næstu plötu öðruvísi og fá aðstoð. Við viljum gera þetta á einum



SHADOW PARADE Hljómsveitin Shadow Parade hefur gefið út sína fyrstu plötu, Dubious Intentions. Málverk á umslagi plötunnar er eftir Þránd Þórarinnsson.

þéttum mánuði,“ segir Beggi og bætir því við að sveitin sé þegar farin að semja lög á þá plötu.

Til Bandaríkjanna í mars
Erlend útgáfufyrirtæki hafa einnig sýnt hljómsveitinni áhuga og vilja dreifa plötunni. Kemur hún væntanlega út erlendis í tveimur til þremur löndum eftir áramót. Útgáfutónleikar Shadow Parade verða í Tjarnarbíói hinn 18. nóv-

ember. Í mars á næsta ári eru síðan fyrirhugaðir tónleikar í þremur borgum í Bandaríkjunum, þar á meðal New York. Þess má geta að málverk eftir myndlistarmanninn Þránd Þórarinnsson sem hefur verið í læri hjá hinum heimsfræga málarara Odd Nerdrum prýðir umslag nýju plötunnar en listakonan Tinna Kirsu-ber sá um aðra listsköpun.

freyr@frettabladid.is

Ritstjóri Kerrang! hrósar Airwaves

Ritstjóri tímaritsins Kerrang!, Paul Made God og I Adapt. Einnig gefur hann tónleikum Mínuss, Brain Police, I Adapt og Dr. Spock fjögur K af fimm mögulegum. Segir hann síðastnefndu sveitina vera þjóðargærsemi sem sé frumleg og skemmtileg. Vonast hann jafnframt til að sjá einhverjar af sveitunum spila erlendis á næsta ári. Brannigan segir Dr. Spock hafa lokið Kerrang! kvöldinu á fráþæran hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



DR. SPOCK Ritstjóri Kerrang! var mjög ánægður með frammistöðu Dr. Spock hafa lokið Kerrang! kvöldinu á fráþæran hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hrifnastur var hann þó af framsistöðu frönsku rokkisveitarinnar Gojira sem fékk fullt hús.

Píanó Lennons sýnt

Popparinn George Michael ætla að lána píanó sitt sem var í eigu Johns Lennons á sýningu gegn stríði sem verður haldin í Dallas í Bandaríkjunum. Skipuleggjandi hennar er félagi Michaels, Kenny Goss.

Píanóið er sérlega merkilegt fyrir þær sakir að Lennon samdi á því lagið Imagine. Michael keypti það fyrir um 220 milljónir króna á uppboði fyrir sex árum.

Á sýningunni verða einnig sýndar ljósmyndir sem Don McCullin tók í Afganistan, Vietnam og Beirút.

George Michael hefur verið harðlega gagnrýndur að undanförunni fyrir að hafa reyktt kannabis í breskum sjónvarpsþætti. „Ég held geðheilsunni og gleðinni með þessu,“ sagði Michael. Popparinn fór nýverið í sína fyrstu tónleikaferð í rúm fimmtán ári og ferðast



JOHN LENNON Bítillinn fyrirverandi var myrtur af brjáluðum aðdáanda í New York árið 1980.

hann um Bretland síðar í þessum mánuði.



FRANK RIJKAARD Segist eingöngu hafa ætlað að þakka dómáranum fyrir leikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Frank Rijkaard:

Það var ein mínúta eftir

FÓTBOLTI Eftir leik Barcelona og Chelsea á þriðjudaginn var engu líkara en að Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, ætti eitthvað vantalað við dómara leiksins. Rijkaard rauk út á völinn og Carles Puyol, fyrirliði Barcelona, þurfti að draga þjálfara sinn í burtu.

Rijkaard hefur nú reynt að draga úr þessu atviki, enda gæti hann átt bann yfir höfði sér. „Dómarinn blés til leiksloka einni mínútu áður en uppgefinn uppbótartími var búinn, en það réð ekki úrslitum í þessum leik. Það var mikil barátta á völinum og ég fór inn á völinn til að þakka dómáranum fyrir leikinn.“ sagði Rijkaard en Barcelona þarf nú að vinna báða leiki sína sem eftir eru.

- dsd

Þýska Íslendingaliðið Gummersbach tekur í kvöld á móti Íslandsmeisturum Fram í Meistaradeild Evrópu:

Við getum alveg staðið í Gummersbach

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Fram mæta í kvöld Alfreð Gíslasyni og lærisveinum hans í Gummersbach í Meistaradeild Evrópu í handbolta. Bæði lið hafa spilað fjóra leiki til þessa í keppninni en Fram hefur ekki enn unnið leik á meðan Gummersbach hefur gengið allt í hagninn og unnið alla sína leiki.

Fram og Gummersbach mættust í fyrstu umferð Meistaradeildarinnar í Laugardalshöllinni þar sem Gummersbach fór með sigur af hólmi, 38-26, en þar fór Guðjón Valur Sigurðsson á kostum og skoraði 16 mörk. Þrír af fjórum íslenskum leikmönnum sem leika með Gummersbach hafa áður leikið með Fram á sínum ferli, en þetta eru þeir Róbert Gunnarsson, Sverre Andreas Jakobsson og Guðlaugur Arnarsson. Sverre getur því miður ekki leikið með Gummersbach í kvöld vegna meiðsla.

Fréttablaðið náði tali af Guðmundi Guðmundssyni í gær þar sem hann var staddur á hóteli liðs-



GUÐJÓN VALUR Skoraði sextán mörk gegn Fram í Höllinni.



JÓHANN GUNNAR EINARSSON Hefur leikið vel fyrir Fram í Meistaradeildinni á tímabilinu og er hér að undirbúa skot að marki Gummersbach í fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ins í Þýskalandi. „Við þurfum að spila mjög vel ef við ætlum að halda í við þá. Við höfum svo sem sýnt það að við getum það, sýndum það í fyrri hálfleiknum gegn þeim heima. Við verðum bara að vonast til þess að við náum að spila góðan leik og þá er aldrei að vita hvað við getum strítt þeim mikið,“ sagði Guðmundur.

„Auðvitað erum við ekki í hlutverki þeirra sem eru sigurstranglegri en ef eitthvað er þá ætti það bara að hjálpa okkur. Aðalatriðið er bara að við einbeitum okkur að

okkar leik og því hvað við ætlum að gera í leiknum. Okkar metnaður er bara að gera okkar besta í þessum leik og einbeita okkur að því,“ bætti Guðmundur við.

Guðlaugur Arnarsson gekk á dögnum í raðir þýska liðsins frá Fylki og leikurinn í kvöld verður fyrsti leikur hans með Gummersbach, en Guðlaugur lék með Fram í nokkur ár og var m.a. fyrirliði liðsins um tíma. „Ég er bara farn að hlakka til. Þetta verður minn fyrsti leikur og það á móti Fram, þannig að þetta verður bara

gaman. Þetta er búið að vera allt hálf furðulegt og þetta er bara enn ein skemmtilega tilviljunin,“ sagði Guðlaugur en hann fær að taka á Fram í vörninni hjá Gummersbach í kvöld.

„Ég mun spila í vörninni og svo fæ ég að fara í hraðauppplaus. Síðan mun ég skipta við Róbert í sókn. Það er erfitt að ýta honum úr þeirri stöðu,“ bætti Guðlaugur við, hress að vanda.

Leikurinn hefst klukkan 19.30 og er í beinni útsendingu á Sýn.

- dsd



Í TILFNI EINS ÁRS AFMÆLIS SKJÁSBÍÓS BJÓÐUM VIÐ ÞÉR AÐ LEIGJA V FOR VENDETTA OG FJÖLSKYLDUMYNDINA YOURS, MINE AND OURS FYRIR AÐEINS 1 KR.

Eins árs afmæli



Aðeins í Skjábíói getur þú leigt nýjustu bíómyndirnar og fengið ókeypis barnaefni með einum takka á fjarsýringunni.





FARINA Sýndi tíu leikmönnum gula spjaldið í leik Barcelona og Chelsea. NORDIC PHOTOS/AFP

Stefano Farina:

Tíu gul spjöld á loft í Barcelona

FÓTBOLTI Ítalski dómariinn Stefano Farina jafnaði met í Meistaradeild Evrópu þegar hann gaf tíu leikmönnum áminningu í leik Barcelona og Chelsea í fyrri kvöld. Aðeins tvisvar áður hafa jafn margir leikmenn fengið að líta gula spjaldið í einum leik. Þetta eru þó ekki flest spjöld í sama leiknum því árið 2000 sýndi dómariinn í leik Panathinaikos og Juventus níu leikmönnum gula spjaldið ellefu sinnum. Tveir fengu því að líta rautt í þeim leik en enginn fékk reisupassann hjá Farina á þriðjudagskvöldið. - esá

Sir Alex Ferguson:

Hefur enn áhuga á Owen

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hefur ekki gefið upp alla von um að fá Owen Hargreaves til liðsins frá Bayern München. Manchester United reyndi að fá leikmanninn í sumar en án árangurs.

„Við höfum enn áhuga á Hargreaves, en það eru engar viðræður í gangi á milli liðanna. Ef við hefðum fengið hann í sumar þá værum við með þá flóru miðjumanna sem við þurfum að vera með í nútíma fótbolta,“ sagði Ferguson en Hargreaves fór brotnaði í haust. - dsd

Teitur og Pétur:

Töluðu saman á skandinavísku

FÓTBOLTI Pétur Marteinson er genginn til liðs við KR þar sem Teitur Þórðarson er þjálfari en eins og allkunna er starfaði Teitur lengi í Noregi. Pétur hefur dvalist erlendis í ellefu ár og er ryðgaður í íslenskunni, eins og hann sagði sjálfur.

„Ég er þó ekki eins og Teitur,“ sagði Pétur og hló. „En það var mjög athyglisvert að tala við hann því þegar talið barst að fótbolta urðum við að skipta yfir í skandinavísku. Ég á sænsku og hann á norsku. Ég gæti því kannski orðið túlkur fyrir hann á æfingum hjá KR, ef ég verð orðinn nógu góður til þess.“ - esá

Körfubolta-akademían í Fjölbrautaskóla Suðurlands ætlar að láta gott af sér leiða á leikjum liðsins í vetur:

Allur ágóði leikja rennur til góðgerðarmála

KÖRFUBOLTI Körfuboltaakademían í Fjölbrautaskóla Suðurlands, FSU, ætlar að láta gott af sér leiða í vetur en allur ágóðinn af heimaleikjum liðsins mun renna til styrktar Krabbameinsfélags Árnassýslu. FSU leikur í 1. deildinni í vetur en sú deild fer af stað á morgun með tveimur leikjum. Fyrsti leikur FSU er hins vegar á þriðjudaginn á heimavelli gegn Breiðabliki.

„Við erum búnir að tryggja reksturinn í vetur að mestu leyti og okkur finnst bara tilvalið að gefa eitthvað af okkur. Í fyrri var deildin rekin með töluverðum hagnaði. Það er bara gaman að vera hinum megin við borðið, það er alltaf verið að styrkja okkur,“ sagði Brynjar Karl Sigurðsson, þjálfari FSU, en þeir ætla ekki

aðeins að láta ágóða heimaleikjanna renna til þessa góða málefnis heldur einnig að vera með ýmiss konar fjáröflun til styrktar Krabbameinsfélaginu.

„Það er reyndar ekki alveg komið á hreint hvað það verður. Aktavis ætlar til að mynda að styrkja okkur eitthvað og svo ætlum við að ræða við fyrirtæki hér á Selfossi. Það kemur betur í ljós á mánuðaginn hvað við munum gera nákvæmlega. Þessir peningar renna til krabbameinsdeildarinnar hér á þessu svæði, en það stendur til að útbúa tvö herbergi á sjúkrahúsinu hérna fyrir langveika sjúklinga,“ sagði Brynjar Karl.

„Við ákváðum að styrkja Krabbameinsfélagið og héldum fund með forráðamönnum þess.

Okkur fannst skynsamlegast að taka að okkur eitthvað svona verkefni eins og að útbúa þessi herbergi. Þá verður þetta svona sameiginlegt verkefni sem við förum út í og hefur eitthvað lokamarkið,“ bætti Brynjar Karl við um þetta frábæra framtak þeirra FSU-manna.

„Við erum heppnir með það að við erum með góða styrktaraðila og förum vel með peninginn og við sjáum alveg leikandi fyrir endann á þessu tímabili.“ - dsd



FSU

Mynd úr leik Breiðabliks og FSU í fyrri en FSU ætlar að styrkja Krabbameinsfélag Árnassýslu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Líst vel á heildarpakkann hjá KR

Pétur Marteinson hefur samþykkt að ganga til liðs við KR og mun skrifa undir tveggja ára samning við félagið. Hann segir að tilfinning hans hafi ráðið miklu um ákvörðunina en nefnir einnig Teit Þórðarson.

FÓTBOLTI Pétur Marteinson mun næstu tvö árin hið minnsta spila með KR í úrvalsdeild karla. Hann tilkynnti forráðamönnum sænska úrvalsdeildarliðsins Hammarby í fyrradag að hann ætlaði sér að flytja heim ásamt fjölskyldu sinni. Honum stóð til boða nýr tveggja ára samningur við félagið þar sem hann hefur verið í miklum metum þau ár sem hann hefur verið í Stokkhólmi. KR tilkynnti einnig í gær að Jóhann Þórhallsson væri genginn til liðs við KR en Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku.

„Þessi ákvörðun var tekin um helgina en við erum lengi búin að vera að velja þessu fyrir okkur,“ sagði Pétur við Fréttablaðið í gær. „Síðan þurfti að ganga frá ýmsum formsatriðum en ég er reyndar ekki búinn að skrifa undir neitt ennþá. En það var þó hægt að tilkynna þetta nú.“

Pétur hóf atvinnuannaferil sinn hjá Hammarby í Svíþjóð fyrir ellefu árum síðan en þá hafði hann leikið með Fram og Leiftri hér á landi. Frá Hammarby fór hann til Stabæk í Noregi og svo til Stoke City á Englandi. Þaðan fór hann aftur til Hammarby þar sem hann er nú. En af hverju að koma heim þegar honum stóð til boða að halda áfram hjá Hammarby þar sem honum hefur gengið svo vel?

„Ellefu ár eru langur tími en það eru ýmsir þættir sem hafa áhrif á þessa ákvörðun. Fyrir það fyrsta langaði okkur að koma heim. Við eigum litla dóttur sem við viljum að alist upp heima. Þar fær hún að kynna ömmu og afa, systkinum okkar og svo framvegis. Svo fékk konan mín góða vinnu við Háskólann í Reykjavík og því



PÉTUR MARTEINSSON Leikur með KR næstu tvö árin hið minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

allt til staðar að koma heim nú. sjálfum sér hvað þeir vilja og væri Auðvitað verða allir að finna hjá eflaust hægt að kreista síðustu

dropana erlendis en mér finnst þetta orðið gott. Ég hlakka mjög mikið til að koma heim.“

Pétur segir að ástæða þess að KR varð fyrir valinu sé að honum hafi litist vel á heildarpakkann hjá félaginu, eins og hann orðar það. „Þessi ákvörðun var einnig tilfinningalegs eðlis. Mér fannst að KR hefði komið mjög fagmannlega fram og líst einnig afskaplega vel á Teit Þórðarson og það sem hann er að gera með KR-liðið. Þá er einnig gott að KR keppir í Evrópukeppninni næsta árið og hlakka ég til að takast á við þessi verkefni. Það skemmir ekki fyrir að við eigum íbúð á Grenimelnum, í hjarta KR-hverfisins.“

Hann mun einnig koma að stjórnun og stefnumótun KR Akademíunnar sem verður sett á stofn næsta haust. „Það er verkefni sem mér finnst mjög spennandi. Það er greinilegt að KR-ingar eru stórhuga rétt eins og önnur íslensk félög. Og það er ljóst að stefnan er tekin á titilinn strax næsta ár enda kom ég heim til að vinna bikara.“

Pétur er uppallinn Framari en sumarið sem Pétur fór til Svíþjóðar kom upp leiðindamál í kringum Martein Geirsson, föður hans, sem var þjálfari Fram það sumar. Pétur segir að það mál hafi engin áhrif haft á sína ákvörðun. „Á þessum ellefu árum sem ég hef verið úti hef ég ekkert samband haft við Fram og þeir ekki við mig. Þarna eru komnir nýir menn inn í félagið sem ég þekki ekki. Það hefði þó vissulega verið erfiðara að neita Fram ef Ásgeir Eliasson hefði verið að þjálfra liðið en hann þekki ég vel og bara af góðu.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Fyrirliði Víkinga vekur athygli í Noregi:

Norskt lið sýnir Höskuldi áhuga

FÓTBOLTI Höskuldur Eiríksson hefur vakið áhuga norsks úrvalsdeildarfélag en það staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann vildi ekki segja um hvaða lið væri að ræða þar sem málið er enn á viðkvæmu stigi en útilokar ekki að hann fari utan nú í mánuðinum til æfinga hjá félaginu.

Höskuldur hefur verið fyrirliði Víkinga undanfarin ár en hann er uppallinn hjá KR. Hann var meðal bestu manna liðsins í sumar þegar liðinu tókst að halda sæti sínu í úrvalsdeildinni. Hann leikur í stöðu hægri bakvarðar.

Nú þegar hafa Víkingar misst sinn sterkasta leikmann til Noregs en Viktor Bjarki Arnarsson er genginn til liðs við Lilleström. Viktor var valinn leikmaður ársins af leikmönnum og þjálfurum liða í deildinni en Höskuldur var



GEGN FH Höskuldur í baráttu gegn Tryggva Guðmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

valinn bestur í ár af stjórn knattspyrnudeildar Víkinga á lokahófi deildarinnar.

Höskuldur kom til Víkinga árið 2003 en hann framlengdi samning

sinn við félagið um tvö ár nú í síðasta mánuði. Hann er 25 ára gamall og hefur leikið 73 leiki í Víkingsbúningnum og skorað í þeim sex mörk. - esá

Herrakvöld Vals 3. nóvember 2006

Laugardalshöll
(Nýja höllin)

Dagskrá:

Veislustjóri: Jón Pétur Jónsson

Ræðumaður kvöldsins: Illugi Gunnarsson

Jóhannes Kristjánsson, eftirherma

Gleðigjafarnir Stefán og Davíð

Uppboð: Brynjar Nielsson/Benedikt Backman

Veisluþorð frá Lárusi Loftteymi

Húsið opnar kl. 19.00 (fordrykkur) Borðhald hefst kl. 20.00

Mítasala og borðgöngur á skrifstofu Vals í síma 414 8000 eða ormi@vals.is, miðverð: 5000 kr. -



SVEN-GÖRAN ERIKSSON Gæti orðið næsti landsliðsþjálfari Nígeríu.
NORDIC PHOTOS/AFP

Sven-Göran Eriksson: Tekur hann við Nígeríu?

FÓTBOLTI Tord Grip, sem var aðstoðarþjálfari enska landsliðsins þegar Sven-Göran Eriksson stýrði liðinu, hefur staðfest að Eriksson hafi rætt við knattspyrnusamband Nígeríu um að taka við landsliði þjóðarinnar.

„Umræður voru í gangi fyrir tíu dögum síðan og meira veit ég ekki. Eg geri ráð fyrir að umræðan hafi verið um landslið Nígeríu. Ef Eriksson vill fá mig til að aðstoða sig þar þá er ég alveg til í það,“ sagði Tord Grip.

- dsd



DIDIER ZOKORA Veiktist af malaríu á dögnum en er nú byrjaður að æfa aftur.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Tottenham Hotspur:

Didier Zokora klár í slaginn

FÓTBOLTI Didier Zokora er klár í slaginn á nýjan leik eftir að hafa legið á sjúkrahúsi með malaríu undanfarnar tvær vikur. Zokora byrjaði að æfa að nýju á þriðjudaginn og vill ólmur fara að spila að nýju.

„Mér finnst leiðinlegt að missa af leikjum af því að fyrir mér er fótbolti ástríða. Eg er byrjaður að æfa með liðinu aftur án nokkurra vandræða. Eg er búinn að ná mér að fullu og mun byrja að spila fljótlega,“ sagði Zokora.

- dsd

SS-bíkar karla:

Haukar taka á móti Val

HANDBOLTI Í gær var dregið í 16 liða úrslit í SS-bíkar karla í handknattleik. Tveir stórleikir eru á dagskrá, annars vegar leikur Hauka og Vals og hins vegar leikur Fram og Fylkis. Leikirnir fara fram dagana 14. til 16. nóvember.

DRÁTTURINN:

FH - HAUKAR U
PRÓTTUR VOGUM - STJARNAN
STJARNAN 2 - FH
ÍR 2 - AKUREYRI
LEIKNIR 2 - ÍR
ÍBV - HÖTTUR
HAUKAR - VALUR
FRAM - FYLKIR

Platini segir að Henry hefði átt að fara til Barcelona:

Arsenal er ekki nógu stórt félag fyrir Henry

FÓTBOLTI Michel Platini var á sínum tíma einn af bestu knattspyrnumönnum í heimi og hann hefur nú látið hafa eftir sér að franskri sóknarmaður Thierry Henry hafi gert mistök með að fara ekki frá Arsenal til Barcelona í sumar. Henry var orðaður við Katalónuliðið í sumar en ákvað þess í stað að skrifa undir nýjan samning við Arsenal.

„Ég held að þetta hafi verið mistök hjá Henry. Eg hef bæði sagt honum það sjálfur og einnig ræddi ég það við Joan Laporta, forseta Barcelona. Henry hefði náð að vaxa mikið sem leikmaður í herbúðum Barcelona. Henry er frábær leikmaður og er um

það bil að ná mér hvað varðar markaskorun fyrir Frakkland, en hann hefur samt ekki enn náð því,“ sagði Platini sem ákvað nýverið að bjóða sig fram sem forseti Evrópska knattspyrnusambandsins.

„Hann hefur ekki spilað hjá risafélagi og unnið neinn titil sem er í líkingu við það að vinna HM eða EM. Eg virði hins vegar ákvörðun hans. Hann er í nánú sambandi við Arsene Wenger, stjórn Arsenal, liðsfélaga sína, stuðningsmenn liðsins auk þess sem fjölskylda hans hefur komið sér vel fyrir í London.

Það hefði verið frábært að sjá Henry spila með Ronaldinho,

Eto'o, Messi og þeim leikmönnum sem eru hjá Barcelona. Henry hefði skemmt sér vel og Barcelona væri betra lið í dag fyrir vikið,“ bætti Platini við.

Barcelona mætti Arsenal í úrslitaleik meistaradeildar Evrópu í vor og þá fóru Börsungar með sigur af hólmi eins og frægt er.

- dsd


THIERRY HENRY

Vildi ekki fara til Barcelona í sumar og skrifaði þess í stað undir nýjan samning við Arsenal.

NORDIC PHOTOS/AFP



Mikið úrval af sófasettum



AFNEMUM FULLAN VIRÐISAUKASKATT 24,5% ! AF SÓFASETTUM



Nýjar sænskar gjafavörur frá **THG feel at home**

Erum einnig með mikið úrval af gjafavörum

VERSLUNIN HEFUR FENGIÐ NÝTT ÚTLIT

Dalvegi 18 201 Kópavogi
Sími: 554 5333
gallerihusgogn@gallerihusgogn.is

Opið mánudaga til föstudaga 11-18,
laugardaga 11-16 og sunnudaga 13-15

**gallerí
húsgögn**



HALTRAR AF VELLI Eiður Smári haltrar hér eftir hliðarlínunni. NORDIC PHOTOS/AFP

Landsliðsfyrirliðinn:

Eiður Smári er lítið meiddur

FÓTBOLTI Meiðslin sem Eiður Smári hlaut í leik Barcelona og Chelsea eru ekki eins alvarleg og búist var við í fyrstu. Svo gæti farið að Eiður Smári verði með um næstu helgi þegar Barcelona mætir Deportivo La Coruna á útivelli.

Eiður var borinn af velli undir lok leiksins á þriðjudaginn eftir að hafa stigið illa niður fæti. Eiður hefur verið á bólgueyðandi lyfjum til að draga úr bólgumyndun í ökklanum, en lækni Barcelona-liðsins staðfesti í gær að sneiðmyndataka hafi leitt í ljós að liðböndin í ökklanum hafi ekki skaðast.

Eiður Smári mun fara í lækni skoðun í dag til að kanna hvort hann verður klár í slaginn gegn Deportivo á laugardaginn.

- dsd



ANDREA BARZAGLI Gæti verið á leiðinni til Juventus. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ítalski boltinn:

Barzagli til Juventus?

FÓTBOLTI Svo gæti farið að ítalski landsliðsmaðurinn Andrea Barzagli yrði seldur frá Palermo til Juventus í janúar. Barzagli hefur leikið mjög vel fyrir Palermo það sem af er leiktíðinni en félagið er í öðru sæti ítölsku deildarinnar, með jafnmörg stig og topplið Inter.

„Barzagli er ætlað að spila fyrir Juventus og það er erfitt fyrir okkur að hindra það. Við keyptum Barzagli frá Chievo árið 2004 fyrir sjö milljónir evra og við munum sennilega fá fimmtán milljónir evra fyrir hann í janúar, þannig að við getum ekki kvartað,“ sagði talsmaður Palermo í gær en Juventus reyndi að fá Barzagli til sín í sumar.

Andrea Barzagli var í ítalska landsliðinu sem varð heimsmeistari í sumar og lék tvo leiki í fjarveru Alessandro Nesta, þegar hann meiddist.

Juventus eru á góðri siglingu í 2. deildinni á Ítalíu og Didier Deschamps, þjálfari liðsins, stefnir á að vera kominn í efsta sætið þegar deildin fer í jólafrí í desember.

- dsd

Hvað segja spænsku blöðin um mark Eiðs Smára?

Kveður niður gagnrýni

FÓTBOLTI Spænsku blöðin eru uppfyll af umfjöllun um leik Barcelona og Chelsea sem fram fór á þriðjudaginn og þar er sagt að Eiður Smári Guðjohnsen hafi skorað mikilvægt mark, en þess utan hafi hann lítið sést í leiknum.

Mundo Deportivo talar um að Barcelona hafi ekki náð að nýta sér það að hafa skorað mörk á góðum tíma. Fyrri markið hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti og markið hjá Eiði Smára hafi komið eftir að Chelsea hafi sótt mikið í upphafi síðari hálfleiks.

Um markið skrifar blaðið að undirbúningur Ronaldinho hafi verið stórkostlegur, hann lék á einn varnarmann Chelsea, átti

óaðfinnanlega sendingu fyrir markið og Eiður Smári gat ekki annað en skorað.

Spænska dagblaðið Marca segir að Eiður Smári hafi svarað gagnrýninni sem hann hefur fengið á þessari leiktíð á besta mögulegan hátt, með því að skora gegn sínum gömlu félögum. Blaðið segir að það hafi verið augljóst á viðbrögðum Eiðs Smára að honum var létt við markið, sem var hans fyrsta á Camp Nou.

Marca segir einnig það sama og Mundo Deportivo, að Ronaldinho hafi átt mestan heiðurinn af marki Eiðs Smára. Markið verður þó ekki tekið af íslenska landsliðsfyrirliðanum.

- dsd



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Fagnar hér marki sínu ásamt Xavi, félagi sínum í Barcelona. NORDIC PHOTOS/AFP



Friðrik Ómar

- er kominn í Skífuna



Frábær plata með frábærum söngvara

Annan dag

Farinn

Kannski

Ég treysta vil á þig

Þvílíkt líf

Ef þú þiggur það

Lífð í mér

Það sem verður

Ískalt augnaráð

Þessar dyr með Páli Óskari

Ef að ég má

Hef ég sagt það hátt

~~2.199kr.~~

1.760kr.

Útgáfutónleikar Friðriks Ómars verða á Nasa 22. nóvember

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!



Í KVÖLD

Stöð 2 kl. 20.05

Í sjöunda himni með Hemma Gunn

Það verður nóg um að vera í skemmtiþætti Hemma Gunn í kvöld. Guðjón Sigurðsson, formaður MND-samtakanna, segir frá sjúkdómnum og afleiðingum hans, Hörður Torfason flytur lagið Takk af nýrri plötu sem gefin er út til styrktar MND-sjúklingum. Baggalútur mun frumflytja lagið Brostu, sem samið var í tilefni af Degi rauða nefnsins. Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF, útskýrir nánar Dag rauða nefnsins sem miðar að því að safna fleiri heimsforeldrum. Skítamóráll frumflytur nýtt lag, Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður, mætir ásamt Tönju Líf Traustadóttur, átta ára leikkonu, sem hefur vakið athygli fyrir leik sinn í Sitji guðs englar.



VIÐ MÆLUM MED Sigtinu Á SKJÁ EINUM KL. 21.30

Glaðasti sjónvarpsmaður Íslands er kominn aftur á Skjá einn. Það er enginn annar en hann Frímánn Gunnarsson. Núna er komið í ljós að hann er búinn að tapa vinnunni við sjónvarpsþáttinn sem hann var með og þarf að finna eitt-hvað nýtt að gera. Hann semur bók, setur upp leikrit, passar börn og guð má vita hvað. Hægt er að fylgjast með raunum Frímánn's á Skjá einum í kvöld.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | | | |
|----------------------|--------------------------|------------------------------------|----------------------------------|
| 6.45 Veðurfregni | 6.50 Bæn | 7.00 Fréttir | 16.13 Hlaupanótan |
| 7.05 Morgunvaktin | 8.00 Fréttir | 9.00 Fréttir | 17.00 Fréttir |
| 9.05 Laufskálinn | 9.45 Morgunleikfimi | 10.00 Fréttir | 10.03 Veðurfregni |
| 10.13 Litla flugan | 11.00 Fréttir | 11.03 Samfélagið í nærmynd | 12.00 Fréttayfirlit |
| 12.03 Hádegisútlit | 12.20 Hádegisfréttir | 12.45 Veðurfregni | 12.50 Dánarfregni og auglýsingar |
| 13.00 Vitt og breitt | 14.00 Fréttir | 14.03 Útvarpsagan: Bréf til Brands | 14.30 Leikhúsröttan |
| 15.00 Fréttir | 15.03 Fallegast á fóninn | 16.00 Fréttir | 16.10 Veðurfregni |
| 16.10 Veðurfregni | FM 90,9 Talstöðin | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 98,9 Bylgjan |
| FM 95,7 FM957 / Topp | FM 102,2 Útvarp Latibær | / Fjölskyldu útvarp | FM 102,9 Lindin |
| / Kristilegt efni | FM 96,7 Létt Bylgjan | / Tónlist og afþreying | FM 105,5 Útvarp Boðun |
| / Kristilegt efni | FM 89,5 Kiss | / Nýja bítið í bænum | FM 88,5 XA-Radíó |
| / 12 spora efni | FM 91,9 XFM | / Tónlist og afþreying | FM 97,7 X-ID |
| | | | / Enginn viðbjóður |

SYN

- 07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk)
- 07.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 08.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 09.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 14.45 Meistaradeild Evrópu - e. (Meistaradeildin - (E) Útsending frá Meistaradeild Evrópu.
- 16.25 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 17.05 Pro bull riding (Reno, NV - Reno Invitational)
- 18.00 Veitt með vinum (Norðlingafljót)
- 18.30 Skólahreysti 2006 (Undankeppni 2) Samantekt frá skólahreysti 2006.
- 19.20 Meistaradeild Evrópu í handbol (Gummersbach - Fram)
- 20.50 US PGA í nærmynd (US PGA 2006 - Inside the PGA Tour)
- 21.15 KF Nörd (10:15) (KF Nörd)
- ▶ 23.40 World's Strongest Man (Sterkasti maður heims) (World's strongest man 1986) Nú er röðin komin að keppninni 1986. Jón Páll var sterkastur 1984 en varð að sætta sig við annað sæti árið eftir. Íslenski víkingurinn mætti öflugur til leiks, staðráðinn í að endurheimta titilinn.
- 00.40 Ameríski fótboltinn Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum
- 01.10 KB banka mótaröðin í golfi (KB banka mótaröðin 2006) Svipmyndir frá KB bankamótaröðinni í golfi.

DR 1

- 12.00 Mik Schacks Hjemmeservice
- 12.30 Et pift i maden
- 12.50 Hvad er det værd
- 13.20 Sporløs
- 13.50 Nyheder på tegnsprog
- 14.00 TV Avisen med vejret
- 14.10 Dawsons Creek
- 15.00 Liga. DK
- 16.00 Frikvarter
- 16.20 Candy Floss 2006
- 16.35 Lovens vogtere
- 17.00 Fandango med Rebecca
- 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret
- 17.55 Dagens Danmark
- 18.25 TV Avisen
- 18.30 Rabatten
- 19.00 Danmark Ekspeditionen
- 19.30 Børnestejerner for Folket
- 20.00 TV Avisen
- 20.25 Penge
- 20.50 SportNyt
- 21.00 Crossroads
- 22.30 Det ægte par
- 23.00 Ymen
- 23.55 Liga.DK

NKI

- 12.00 Siste nytt
- 12.05 Lunsjtrav
- 13.00 Siste nytt
- 13.05 Distriktsnyheter
- 13.20 Fra Oslo og Akershus
- 13.40 Fra Ystfold
- 14.00 Siste nytt
- 14.05 lan tar regien
- 14.30 Zombie hotell
- 15.00 Siste nytt
- 15.03 Nærdlanding
- 15.30 Dunder
- 16.00 Siste nytt
- 16.10 Oddasat
- 16.25 I bokhylla
- 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv
- 16.55 Nyheter på tegnspråk
- 17.00 Bosse
- 17.10 Gnottene
- 17.40 Distriktsnyheter
- 18.00 Dagsrevyen
- 18.30 Schrödingers katt
- 18.55 Tilbake til
- 19.25 Redaksjon EN
- 19.55 Distriktsnyheter
- 20.00 Dagsrevyen
- 20.30 Ymen
- 21.30 Etaten
- 22.00 Kveldsnytt
- 22.10 Kulturnytt
- 22.15 Urix
- 22.45 Presidenten

SVT 1

- 13.55 Anslagstavlan
- 14.00 Mitt i naturen
- 14.30 Packat & klart
- 15.00 Rapport
- 15.10 Gomorron Sverige
- 16.00 Karamelli
- 16.30 Pi
- 16.45 Sagoträdet
- 17.00 Max och Ruby
- 17.30 Expedition vildmark
- 18.00 Lilla Aktuellt
- 18.15 Bobster
- 18.30 Rapport
- 19.00 Tinas kök
- 19.30 Söderlund & Bie
- 20.00 Brevgrottan i öknen
- 21.00 Kantules skugga
- 21.55 Rapport
- 22.05 Kulturnyheterna
- 22.15 Uppdrag Granskning
- 23.15 Entourage
- 23.40 Sändning från SVT24



Indverskir dagar
30%
afsláttur af öllum indverskum vörum í nokkra daga
útlitshönnuður á staðnum



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.mira-art.is

Tilboðsdagar Vatnsvirkjans!

Hreinlætistæki með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans.
Komdu og gerðu góð kaup - tilboðin gilda meðan birgðir endast!



PARIS
Handlaug á borð 55 x 44

Verð áður:
14.999,-
Tilboðsverð:
kr. 9.999,-
33% afsláttur



MONDEGO
Handlaug vegghengd

Verð áður:
6.999,-
Tilboðsverð:
kr. 3.999,-
43% afsláttur



HANDKLÆÐAOFNAR

25%
afsláttur
af öllum
handklæðaofofnum



STURTUHURÐ
Hert gler

Verð áður:
34.999,-
Tilboðsverð:
kr. 24.999,-
29% afsláttur



DAFNE TWIN JET
Nuddbaðkar 180 x 83

Verð áður:
249.900,-
Tilboðsverð:
kr. 179.900,-
28% afsláttur



Aveiro WC

Verð áður:
31.999,-
Tilboðsverð:
kr. 18.999,-
40% afsláttur



CETUS WC SKÁL

Verð áður:
14.999,-
Tilboðsverð:
kr. 9.999,-
33% afsláttur



GLÆSILEGT ÚRVAL AF STURTUHAUSUM

Verð áður:
19.999,-
Tilboðsverð:
kr. 5.999,-
70% afsláttur



NUEVA BAÐKAR

170 x 70

Verð áður:
21.999,-
Tilboðsverð:
kr. 14.999,-
31% afsláttur

Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi
í sölu á hreinlætistækjum í
ríflega 50 ár!



VATNSVIRKINN



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Silfurskotturnar

Einu sinni voru þrjár silfurskottur í baðkari í Vesturbænum. Þetta voru skynsemdar skepnur sem stóðu löngum stundum í samræðum. Þær höfðu mjög misjafnar skoðanir á lífinu og tilverunni, ein var trúuð, ein trúlaus en sú þriðja var á báðum áttum.

ÞETTA líf er bara fyrsta skrefið í löngu ferli sem hefst ekki fyrir alvöru fyrr en þegar við deyjum og hittum guð á himnum, sagði trúaða skottan og mændi upp í svartnættið sem ríkti á baðinu, enda var nótt. Kjafæði!, fullyrti trúlaus skottan og fussaði. Þú hefur ekkert fyrir þér í þessu og ég kaupi ekki neitt nema það sem hægt er að sanna með rökum vísindanna. Sú á báðu áttunum yppti silfrudu bakinu og vissi ekki í hvern af fjölmörgum fótum hún ætti að stíga.

EINU sinni hafði silfurskottu, sem nú var látin, tekist að skrifa alla leið að baðherbergisdyrunum. Hún hafði staðið fyrst skotta á þröskuldinum og skimað út yfir undurfagan gang. Hann var upplýstur með loftljósum frá Ikea og eldgömul saumavél, sem nú hafði fengið nýtt hlutverk og var notuð sem borð, stóð við vegg. Viðförla silfurskottan hætti sér ekki lengra því hún heyrði ógnvekjandi þrusk og hraðaði sér heim í baðkarið. Þegar skottan kom til baka var henni fagnað sem hetju og sögur hennar af furðunum handan þröskuldans voru notaðar sem undirstöður vísindakenninga um alheiminn.

ÉG bara trúi því ekki að þetta hangs herna í baðkarinu étandi húðflögur og drasl sé það eina sem bíður okkar, hélt sú trúaða áfram. Ég hef engar sannanir fyrir þessu nema fornar ristur í niðurfallinu, en það er nóg fyrir mig. Mér finnst þetta bara eitt-hvað svo tilgangslaust og lélegt annars. Og ef ég hefði ekki trúna á himnaríki er ég ansi hrædd um að ég myndi leggjast í þunglyndi eða jafnvel saurlífnað, því ef það er ekkert meira en þetta, hvers vegna ætti ég þá ekki að sleppa fram af mér beislinu?

ÞÚ verður náttúrulega að leggja síðferðilegar mælistukur á lífið og getur það alveg þótt það sé ekki einhver ímynduð súperversa að passa upp á þig, sagði trúlaus skottan og færðist öll í aukana. Nú var sú sem var á báðum áttum farin að ókyrrast að lagði loks orð í belg: Er ekki bara best að hugsa um það sem máli skiptir og við vitum eitthvað um, til dæmis það að lifa lífinu lifandi og vera góðar við aðrar skottur?

LENGRI voru samræðurnar ekki því ég átti leið inn á bað, kexruglaður af draumabulli og alveg í spreng, og var ekki lengi að skola déskotans silfurskottunum niður með sturtuhausnum.



Hver þarf gras til að spila á?

„Mýrabolti!“ sagði ég og gretti mig. „Verður maður ekki drulluskítugur af svoleiðis? Ekki einu sinni gras til að spila á.“ En svo lét ég til leiðast og skeltti mér. Og viti menn. Það var fáránlega gaman – og auðvitað varð ég skítugur upp fyrir haus.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone

10%
vaxtaauki!

Kynntu þér málið á spron.is



spron